Ætlaði að vera einn vetur á Ísafirði

Hlynur Snorrason kom til Ísafjarðar tvítugur að aldri og ætlaði að vera hér í löggunni bara þann vetur. En margt fer öðruvísi en ætlað er; hér hitti hann stúlku og hér er hann enn, meira en þrjátíu árum seinna. Hann er að vísu enn í löggunni en núna er hann yfirlögregluþjónn. Hann er í viðtali vikunnar.

– sjá bls. 28-32

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 18. desember 2014 · 50. tbl. · 31. árg. ·Ókeypis eintak

Landsvirkjun

Gleðilegt afmælisár

Fyrir 50 árum var lagningu síma-
lína í sveitir nýlokið en enginn
hringvegur kringum landið.
Á sjó var eitt vinsælasta dægurlagið.
Þá var markað nýtt upphaf í orku-
vinnslu á Íslandi með stofnun
Landsvirkjunar þann 1. júlí 1965.

Búrfellsstöð var fyrsta stórfram-
kvæmd fyrirtækisins og stærsta
framkvæmd Íslandssögunnar á
þeim tíma. Þá, líkt og nú, voru
hugsjón, framsækni og skýr sýn
á framtíð íslenskrar orku ríkjandi
í öllu starfi Landsvirkjunar.

Í tilefni af 50 ára afmæli horfum
við fram á veginn og bjóðum
þjóðinni að taka þátt í opinni
umræðu og viðburðum sem varða
sögu og framtíð orkufyrirtækis
í eigu íslensku þjóðarinnar.

Taktu þátt í að móta framtíðina
með okkur!

1965 | Stofnun Landsvirkjunar

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Sæbjörg Freyja Gísladóttir, 843 0077, sfg@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Gústaf Gústafsson Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Friður og farsæld

Jólin eru sögð hátíð barnanna og fjölskyldunnar. Ef til vill þess vegna, auk ríkrar trúarþarfar almennings, urðu þau yrkisefni fjölda skálda. Þar kennir margra grasa, minningar dregnar fram og fjallað um tíðarandann á raunsæan hátt. Ekki þarf að fara langt aftur í aldir til að við blasi þjóðfélag, gjörólíkt því sem nú er á öllum sviðum. Í þá daga var misskammtað í askana og það í ríkari mæli en nú þekkist og síðari tíma hjálparstofnanir ekki komnar til sögu.

Ekki er ofsögum sagt að þjóðin hafi hrokkið illþyrmilega við þegar Gísli á Uppsölum fannst! Er hægt að orða það öðru vísi? Einstæðingur sem gleymdist í velmektarsamfélaginu og spurði, er hann vaknaði sjúkur í drifhvítu rúmi á sjúkrahúsi, hvort þetta væri himnaríki? Hvernig sem á það er litið var Gísli óvægin áminning um að fara ber með gát og ganga hægt um gleðinnar dyr: „Enginn veit, hvað undir / annars stakki býr“ segir í kvæði Jóns Magnússonar um hornreka einstæðing.

Einar Benediktsson orðar það svo: „og aldrei er sama sinnið hjá tveim, / þótt sama glysi þeir báðir flíki“ og því skuli aðgát höfð í nærveru sálar. Sá sem hátíðin fram undan snýst um lagði á það áherslu að muna eftir hinum minnsta bróður. Í því felst að líkindum hinn sanni, innri friður jólanna.

Á austurvegi víðum
nú vakir stjarna smá.
Hún gægist gegnum skýin
og gáir jörðu á.
Um heima harms og gleði
hún horfir stillt og rótt
frá háu himinhveli
um helga jólanótt.

Með „Jólanótt“ Ásu Ketilsdóttur á Laugalandi við Ísafjarðardjúp sendir Bæjarins besta lesendum sínum og viðskiptavinum nær og fjær óskir um gleðileg jól og frið og farsæld á komandi ári með þökk fyrir samfylgd og viðskipti á árinu, sem senn líður í aldanna skaut. *s.h.*

Spurning vikunnar

Hvernig líst þér á fyrirhugaðan náttúrupassa?

Alls svöruðu 531.
Vel sögðu 128 eða 24%
Illa sögðu 403 eða 76%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Byggingarmeistarnir Linda Björk og Finnbjörn smíðuðu Ráðhúsið í Bolungarvík í ár. Ljósm. Linda Björk Harðardóttir og Finnbjörn Birgisson.

„Þetta er okkar jólahefð“

Á hverju ári baka hjónin Linda Björk Harðardóttir og Finnbjörn Birgisson í Bolungarvík glæsileg piparkökuhús. Seinustu ár hafa þau mótað ýmsar stærri byggingar í deig, mótað þau svo, límt og skreytt saman, svo úr verða t.d. Bjarnabúð í Bolungarvík, gamla sjúkrahúsið á Ísafirði, Ísafjarðarkirkja og Félagsheimili Bolungarvíkur. Byggingin sem varð fyrir valinu í ár er hvorki meira né minna en ráðhúsið í Bolungarvík, veglegt og margbrotið hús sem hjónin virðast hafa farið létt með að smíða. „Konan á nú heiðurinn af þessu, ég sé um teikningarnar og mótin en hún bakar. Þú ættir eiginlega að tala við hana,“ segir Finnbjörn þegar BB hafði samband við hann.

„Við vísum þessu yfir á hvort annað,“ segir Linda hlæjandi þegar BB náði tali af henni. „Þetta er svona samvinnuverkefni og er voða gaman. Þetta byrjaði með pínulitlum kofum þegar börnin voru lítil og svo vorum við ekki tilbúin að hætta þegar þau hættu að nenna þessu. Við gerðum Ráðhúsið í Bolungarvík núna og þetta er svona okkar jólahefð á meðan aðrir gera músastiga,“ segir Linda kát.



Bjarnabúð í Bolungarvík.

„Áður voru húsin brotin og borðuð á þrettándanum en það hefur engin lyst á að borða þetta sem er kominn fram yfir fermingu svo þau fá bara að safna ryki. Því þetta snýst um stemmninguna við að búa þetta til og það kemur piparkökulykt í allt húsið sem er mjög jólalegt,“ segir Linda.

Skilorðsbundinn dómur vegna dráttar á meðferð máls

Fjölskipaður Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt karlmann í tveggja ára fangelsi fyrir að nauðga konu á heimili hennar í apríl fyrir tveimur árum. Stór hluti dómsins er hins vegar skilorðsbundinn vegna dráttar á meðferð málsins sem lögregla sagði vera vegna mikils álags. Í dómi Héraðsdóms Vestfjarða kemur fram að vegna alvarleika brotsins sé sú skýring lögreglu ekki fullnægjandi. Þótti héraðsdómi því rétt að skilorðsbinda 21 mánuð af refsingunni.

Maðurinn var dæmdur til að greiða konunni 800 þúsund krónur í miskabætur. Fram kemur í dóminum að vanlíðan konunnar hafi verið mikil eftir brotið. Hún hafi til að mynda flutt út úr íbúð sinni þar sem maðurinn braut gegn henni og ekki getað sótt um vinnu. Staða hennar sé þó mun betri í dag, að því er segir í dómi héraðsdóms. Manninum var gefið að sök að hafa nauðgað konunni „sem hafi ekki getað spornað við samræðinu sökum ölvunar og svefndrunga,“ eins og það er orðað í ákærunni. Maðurinn neitaði sök og sagði þetta hafa verið með vitund hennar og vilja.

Eitt vitni sem gaf skýrslu fyrir dómi og kom að konunni eftir árásina sagðist hafa þurft slá konuna og kalla á hana til að vekja. Hún hafi verið rænulaus og kvaðst vitnið hafa óttast að konan andaði ekki. Undir þetta er tekið í dómi héraðsdóms - hafið sé yfir skynsamlegan vafa að konan hafi ekki verið ástandi til að taka þátt í kynmökum og að manninum hafi verið þetta vel ljóst. Dómurinn taldi það jafnframt sannað að maðurinn hefði notfært sér ástand konunnar og nauðgað henni.

– smari@bb.is

Starfsfólk Isavia óskar öllum landsmönnum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Ríkisstörfum fjölgar fyrir sunnan en fækkar í öðrum landshlutum

Ársverkum hjá stofnunum ríkisins fækkaði um 2% á Vestfjörðum á árunum 2007-2011. Ársverkum ríkisins fækkaði í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi. Mesta fjölgunin var á Suðurlandi, eða 10,3%. Mesti samdrátturinn var á Norðurlandi vestra þar sem ársverk dógust saman um 5,7%. Þetta kemur fram í úttekt Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Í úttektinni er einnig sett fram dreifing ríkisstarfa miðað við fólkfjölda. Þar koma höfuðborgarsvæðið og Norðurland vestra best út.

Fjöldi ríkisstarfa á höfuðborgarsvæðinu er 11% meiri en mannfjöldinn gefur til kynna og á Norðurlandi vestra er fjöldinn 10% meiri. Árið 2011 voru ríkisstörf á Vestfjörðum 307 en miðað við jafna dreifingu starfa yfir landið þá ætti fjöldinn að vera 370. Fæst ríkisstörf miðað við mannfjölda eru á Suðurnesjum og eru þau 29% færri en þau ættu að vera miðað við jafna dreifingu starfa.

Á vef Byggðastofnunar er tekið fram að rétt sé að hafa í huga að fullkomlega jöfn dreifing starfsmanna ríkisins er ekki nauðsynlegt markmið í byggðamálum. Annars vegar er ákveðin samþjöppun starfa í stjórnsýslu nauðsynleg og skynsamlegt er að bjóða upp á ýmsa sérhæfða þjónustu á einum stað þar sem mannfjöldinn er mestur. Hins vegar er ljóst að sambærileg þjónusta krefst hlutfallslega fleiri starfsmanna í dreifbýlli landshlutum.

„Það er ljóst að nokkru jafnari dreifing ríkisstarfa um landið hefði tiltölulega lítil áhrif á höfuðborgarsvæðinu en gæti haft mikil áhrif í sumum öðrum landshlutum. Ef svo langt væri gengið að jafna dreifinguna til fulls myndi ríkisstörfum fækka um 10–11% á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi vestra en slíkum störfum myndi fjölga um 21–45% í öðrum landshlutum," segir á vef Byggðastofnunar.

– smari@bb.is

Vestfirðir einn af hornsteinunum

Það er af og frá að Vestfirðir séu afskiptir í markaðsátakinu Inspired by Iceland. Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu, segir að Vestfirðir séu einn af hornsteinum áfangastaðarins Íslands og að Íslandsstofa hafi átt í góðu samstarfi við Markaðsstofu Vestfjarða við kynningu á Vestfjörðum. Í síðustu viku benti Haukur Sigurðsson á lítinn sýnileika Vestfjarða á Facebooksíðu Inspired by Iceland. Inga Hlín segir að Haukur hafi í lok nóvember sent erindi til Íslandsstofu þar sem hann benti á lítinn sýnileika Vestfjarða á samfélagsmiðlum Inspired by Iceland og hann hafi lagt til myndir frá Vestfjörðum en birting á þeim voru háðar því að tekið væri fram fyrirtæki hans Aurora Arktika í stöðufærslum.

„Erindið hefur verið tekið til skoðunar en Inspired by Iceland er markaðsverkefni sem styður við kynningu á Íslandi í heild sinni en ekki einstaka fyrirtækjum eða landshlutum," segir Inga Hlín og bætir við að birtingaráætlun fyrir er unnin fram í tímann af mörgum aðilum og því ekki óeðlilegt að efni frá Hauki hafi ekki enn komið til birtingar. Hún segir að samfélagsmiðlar eins og Facebook séu einn hluti af markaðsstarfi Íslandsstofu á erlendum mörkuðum og bendir á að ein af sex aðal „brandljósmyndum" Inspired by Iceland var tekin í Selárdal í Arnarfirði og var nýtt mikið í auglýsingar úti á mörkuðum sem og sýningum og öðru kynningarefni og verður myndin áfram nýtt.

Hún bendir einnig á að í Share the Secret markaðsátaki Inspired by Iceland í ár og í fyrra, var safnað 15 „leyndarmálum" frá Vestfjörðum, í góðu samstarfi við Markaðsstofu Vestfjarða, og gerð aðgengileg á síðu átaksins á stafrænu korti. Miklu var varið í auglýsingar, samfélagsmiðla og almannatengsl til að auka vitund og heimsóknir á þetta stafræna kort sem og leyndarmál. Í tengslum við markaðsátakið voru framleidd fimm myndbönd frá Vestfjörðum og samanlagt hafa þau verið spiluð yfir 8 þúsund sinnum.

Frá Selárdal í Arnarfirði.

Í október stóð Íslandsstofa fyrir tveimur fjölmiðlaferðum til Vestfjarða með áhrifamiklum erlendum fjölmiðlum á lykil markaðssvæðum sem og samfélagsmiðlum. Að sögn Ingu Hlínar voru í fyrri ferðinni blaðamenn frá The Guardian, National Geographic Traveller, Marie Claire, The Sun og Men's Health. Í seinni blaðamannaferðinni heimsótti blaðamaðurinn Markus Löblein Vestfirði fyrir miðilinn GQ í Þýskalandi.

Markaðsstofa Vestfjarða hefur farið tvisvar með Íslandsstofu á erlendar sýningar í samstarfi með Íslandsstofu síðastliðin tvö ár. Annarsvegar World Travel Market í London og ITB í Berlín sem eru tvær stærstu ferðasýningarnar sem Íslandsstofa tekur þátt í. Íslandsstofa heimsótti einnig sjávarútvegs og matvælafyrirtæki á Vestfjörðum í júní 2014 til að kynna sér starfsemi á svæðinu og hvernig nýta megi það í erlendri kynningu og Patreksfjörður var valinn sem tökustaður fyrir kynningamyndband um íslenskan saltfisk.

„Ávallt er reynt að gæta jafnræðis milli landshluta í öllu markaðsefni Ísland – allt árið svo sem fjölmiðlaferðum, kynningum, sýningum, auglýsingabirtingum, vefsíðum, myndböndum, viðburðum og tenglastarfi. Við eigum afar gott samstarf við Vestfirði og það er ávallt að eflast og við höfum þá trú að Vestfirðir munu auka sinn hlut í framtíðinni í markaðssetningu og fjölda ferðamanna yfir árið," segir Inga Hlín.

– smari@bb.is

Síminn

Fleiri frábærar gjafahugmyndir á siminn.is/jol

Heilt hlaðborð af jólagræjum

Fitbit Flex

14.990 kr.

Snjallarmband sem mælir skrefafjölda og hreyfingu auk þess að fylgjast með svefni. Armbandið nemur hve lengi þú ert að sofna og hvernig nóttin skiptist í djúp- og grunnsvefn.

Samsung Galaxy S4+

Einn skarpasti skjárinn í dótaskúffunni.

4.190 kr.
á mánuði í 18 mánuði*

Sveigjanlegur Góður snjallpakki í 6 mánuði.***

Staðgreitt: 69.990 kr.

16GB 13MP 5" 2,3Ghz 4x 4G

Samsung Galaxy Alpha

Í glansandi sparifötum allt árið.

6.590 kr.
á mánuði í 18 mánuði*

Sveigjanlegur Góður og Spotify Premium á 0 kr. í 6 mánuði.**

Staðgreitt: 109.990 kr.

32GB 12MP 4,7" 1,8Ghz 4x 4G

Sennheiser Momentum On-Ear

29.990 kr.

Þýsk hágæða heyrnartól þar sem hönnun og frábær hljómburður fara saman. Minni útgáfa af hinum rómuðu Momentum heyrnartólum. Litir: Rauður, svartur, brúnn.

LG L30

Einfaldur en eldklár fyrir litla stúfa.

890 kr.
á mánuði í 12 mánuði*

Staðgreitt: 19.990 kr.

4GB 2MP 3,2" 1Ghz 2x 3G

Nokia Lumia 530

Einfaldar lífið þegar tossalistinn lengist.

1.790 kr.
á mánuði í 12 mánuði*

Staðgreitt: 19.990 kr.

4GB 5MP 4" 1,2Ghz 4x 4G

*340 kr. greiðslugjald leggst við hvern mánuð ef greiðslum er dreift á kreditkort. Nánari upplýsingar á siminn.is/vefverslun. **Þeir sem hafa áður fengið Spotify Premium á 0 kr. hjá Símanum geta ekki fengið Spotify áskrift á 0 kr. aftur. Ekki er hægt að fá Spotify Premium á 0 kr. án þess að vera með GSM snjallpakkaáskrift. Kaupaukann má nota með stærri Sveigjanlegum og Endalausum snjallpökkum. ***Kaupaukann má nota sem afslátt af mánaðargjaldi fyrir stærri Sveigjanlega og Endalausa snjallpakka.

EINHEMM / NM66110

Stefna að sameiningu íþróttafélaga frá Þingeyri til Djúps

Boltafélag Ísafjarðar (BÍ), Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar (KFÍ) og Blakfélagið Skellur hafa síðustu mánuði unnið að sameiningu íþróttafélaga á norðanverðum Vestfjörðum. „Okkur finnst að samfélagið okkar þurfi að fá einhvern samnefnara og sameiginlegt íþróttafélag er kjörið til þess, samnefnara fyrir fólkið að fylkja sér bak við," segir Sævar Óskarsson, sem hefur leitt sameiningarvinnuna fyrir hönd KFÍ. Gísli Jón Hjaltason, formaður BÍ, segir verið sé að endurvekja sameiningaráform frá árinu 2006. Þá var sameiningartillaga felld af Skíðafélagi Ísfirðinga og KFÍ og upp úr því lognaðist hugmyndin út af. „Þetta var fellt með minnsta mögulega mun, en við finnum að fólk í félögunum vill sameinast og við ætlum að keyra þetta til enda," segir Gísli Jón.

Sameiningin er opin öllum íþróttafélögum á norðanverðum Vestfjörðum. „Markmiðið er fjölgreinafélag sem starfar allt frá Þingeyri til Djúps. Við höfum verið í sambandi við öll íþróttafélög á svæðinu og þau hafa fengið sent formlegt erindi þar sem sameiningaráformin eru kynnt og hvert félag verður að vega og meta hvort það henti þeim að sameinast," segir Sigurður Jón Hreinsson, formaður Skells.

Sævar segir marga ótvíræða kosti við sameiningu. Kröfur á íþróttafélög eru aðrar í dag en þær voru bara fyrir einum áratug. „Í félögunum eru í gildi t.d. jafnréttisáætlanir og forvarnaáætlanir og félögin verða að hafa á hreinu verkferla ef einhver óheppileg atvik koma upp og sýna að þau kunna að taka á þeim. Þetta er bara hluti af því að okkur treyst fyrir félagsstarfi barna og ungmenna. Það segir sig sjálft að sameinað og stórt félag er mun betur í stakk búið að gera þessa hluti vel. Í dag er hvert félag í sínu horni að vinna að þessum hlutum," segir Sævar.

Hvort sem önnur félög kjósi að taka þátt í sameiningunni segja þeir ljóst að félögin sem þeir starfa fyrir stefni ótrauð að sameiningu. „Við ætlum ekki að sitja með þetta í fanginu lengi og það á að keyra þetta nokkuð hratt. Stefnan er að það verði komin starfhæf samstarfsnefnd í byrjun næsta ár og í nefndinni verða tveir frá hverju félagi sem ætlar að sameinast. KFÍ verður 50 ára 2. maí á næsta ári og þá er planið að jarða félagið og ganga í nýtt félag," segir Sævar.

Samstarf BÍ og Ungmennafélags Bolungarvíkur um meistaraflokka karla og kvenna í fótbolta er mjög fyrirferðamikið í starfi BÍ. „Samstarfið er orðið það náið að má nánast segja að um eitt félag sé að ræða. Við höfum átt góðar samræður við fulltrúa UMFB um sameiningu og þeir eru að vega og meta hvort þeir verði með í sameiningarviðræðunum. Það væri mikill akkur fyrir nýtt félag ef Bolvíkingarnir væru með, en það á eftir að koma í ljós," segir Gísli Jón.

Þremenningarnir eru sammála um að nafngift nýs félags gæti orðið höfuðverkur. „Það verður að vera nafn sem einkennir okkar svæði, allt frá Þingeyri og norður úr. Þrátt fyrir að félögin sem eru í þessum viðræðum núna séu ísfirsk þá verður nafnið ekki tengt Ísafirði. Ég skora á almenning að leggja höfuðið í bleyti og gauka að okkur nafnahugmyndum," segir Sævar.

Næsta skref í ferlinu eru aðalfundir félaganna. Annaðkvöld verður aðalfundur BÍ og segir Gísli Jón að hann kynni sameininguna á fundinum og borin verður upp tillaga á fundinum um að kjósa tvo menn í sameiningarnefnd.

Fundurinn verður á Bræðraborg kl. 20. Bæði KFÍ og Skellur halda aðalfundir fyrir áramót. Svo er að sjá hvort fleiri íþróttafélög verði með í ferlinu.

– smari@bb.is

Ekki er vitað hvort leiðrétta þurfi einkunnir hjá Grunnskólanum á Ísafirði.

Ekki er vitað hvort leiðrétta þurfi einkunni hjá GÍ

„Þetta er mikið áfall fyrir okkur," segir Arnór Guðmundsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar, um villur í útreikningum á samræmdum prófum. Vitlaust var gefið fyrir rétt svör í samræmdum prófum í fjórða bekk eins og kemur fram hjá visir.is. Arnór segir búið að leiðrétta niðurstöðurnar í gagnagrunninum og senda skólastjórnendum upplýsingar um þær. Einkunnir 2.058 barna hækkuðu í kjölfarið. „Það verður farið yfir öll próf í fjórða, sjöunda og tíunda bekk," segir hann. Hann segir engar einkunnir munu lækka í kjölfar leiðréttingarinnar þótt rúmlega 200 nemendur séu í raun með lægri einkunn.

„Einkunnir barna verða bara hækkaðar. Við höfum látið vinna fyrir okkur lögfræðiálit sem segir að það megi ekki lækka einkunnir. Breytingar á einkunnum, bæði hækkanir og lækkanir, breyta hins vegar tölfræði samræmdra prófa í ár." Samræmd próf í grunnskólum hafa verið töluvert til umfjöllunar síðustu vikur og Námsmatsstofnun sætt mikilli gagnrýni vegna innihalds prófanna sem þykir að einhverju leyti ekki í samræmi við aðalnámskrá skólanna. Þá var ein spurning um orð í fleirtölu á íslenskuprófi röng og texti á enskuprófi þótti fullþungur.

Arnór segir þau mistök sem gerð hafa verið í ár áminningu um betri vinnubrögð og segir stofnunina nú skoða fyrirkomulag samræmdra prófa almennt. „Við tökum allt til gagngerrar endurskoðunar. Próf þurfa að vera í samræmi við hæfnimiðað námsmat, þá erum við að þróa skimunarpróf vegna lesturs og rafræn einstaklingsmiðuð próf. „Við erum að fara í gegnum öll samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði með það fyrir augum að bæta þau og uppfæra í tengslum við nýja námsskrá. Í einstaklingsmiðuðum, rafrænum prófum getum við fylgt færni hvers og eins. Í staðinn fyrir að prófa einstök þekkingaratriði þá prófum við hvernig nemendur geta beitt þekkingu," segir Arnór.

BB hafði samband við Sveinfríði Olgu Veturliðadóttur, skólastjóra grunnskólans á Ísafirði en að hennar sögn er ekki komið í ljós hvort leiðrétta þurfi einkunnir hjá nemendum á Ísafirði. „Við vitum ekkert meira en kemur fram í fjölmiðlum og ekki hefur enn komið í ljós hvernig á að leiðrétta," segir Olga í samtali við BB.

– sfg@bb.is



JÓLAFRAKT

Sendu 1-10 kg á aðeins **1.300 kr.***

Biðin eftir jólunum lengist meðan stóra stundin færist nær. Komdu jólapakkanum í réttar hendur í tæka tíð með jólafrakt Flugfélags Íslands.

Við tökum við pökkunum þínum og komum þeim hratt og örugglega til skila. Láttu jólagjafirnar taka flugið. Nánar um flugfrakt á flugfelag.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

*Gildir frá 10. til 20. desember.

Hefur ástríðu fyrir fótbolta og söng

Ísfirðingurinn Sigrún Gunndís Harðardóttir hefur æft knattspyrnu í um það bil tíu ár. Lengst af með BÍ/Bolungavík, en í sumar fékk hún tækifæri til að spila með norska fótboltaliðinu EIK, sem er frá bænum Egersund, mjög sunnarlega í Noregi, ekki langt fyrir sunnan Stafangur. Um 13 þúsund manns búa þar.

Sigrún hefur einnig verið valin til æfinga með U-17 og U-19 landsliðum kvenna á árinu 2013 og spilaði vináttulandsleik með U-17 landsliðinu gegn Dönum 27. janúar 2013.

Ekki aðeins er Sigrún efnileg knattspyrnukona heldur hefur hún sýnt mikla hæfileika í söng, m.a. sigraði hún í Vestfjarðakeppni Samfés á fyrsta ári sínu í gagnfræðadeild grunnskóla. Þá semur hún mikið af sínum eigin textum og lögum, en þó, enn sem komið, er bara fyrir sig sjálfa.

Blaðamaður Bæjarins besta fékk þessa ungu og efnilegu stúlku í spjall til að forvitnast um fótboltann og tónlistina.

Langaði að prófa eitthvað nýtt

Þegar Sigrúnu bauðst tækifæri til þess að spila með EIK síðasta sumar byrjaði hún á því að fara í heimsókn til Noregs og kanna málið.

„Ég fór út í lok febrúar til að skoða þetta og það var svo ótrúlega vel tekið á móti mér. Nokkrar stelpur, sem í dag eru mjög góðar vinkonur mínar, buðu mér heim til sín að borða og allir voru svo indælir. Mér leist því afar vel á þetta. Ég fór svo aftur til EIK í mars þegar verkfall framhaldsskólakennara skall á en var ekki orðin ákveðin í að vera með liðinu yfir sumarið. Eftir að ég kom aftur heim til landsins langaði mig helst til að vera bara heima og þorði ekki að stíga skrefið til fulls. Svo fór ég í Spánarferð með stelpunum í BÍ/Bolungarvík, sem var mjög gaman.

En eftir ferðina áttaði ég mig á því, að mig langaði að prófa eitthvað nýtt. Ég var komin með leiða á fótboltanum og langaði ekki að vera æfa lengur. Mamma hvatti mig til að gera það sem ég virkilega vildi og sagði að öll fjölskyldan myndi styðja við bakið á mér. Ég var byrjuð að mæta á æfingar, bara til þess að mæta, þannig ég sagði við sjálfa mig að ég þyrfti að gera eitthvað í málunum og ákvað að grípa tækifærið.

Ég talaði um það við þjálfarann minn, Jónas Leif Sigursteinsson, og sagði honum að mig langaði mikið að prófa þetta. Hann sagði að ég gæti alltaf komið til baka ef þetta gengi ekki. Ég ákvað því að skella mér út og prófa að leika nokkra leiki með EIK. Ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun, enda held ég að það sé það besta sem ég hef gert. Ég fékk aftur ástríðuna fyrir fótboltanum og búin að bæta mig helling.“

Byrjuð aftur að æfa með BÍ/Bolungarvík

Blaðamaður hafði frétt af því að leiðindi hafi orðið hjá uppeldisliði Sigrúnar vegna ákvörðunar hennar að skipta um lið og spyr hana út í það.

„Já, það urðu smá leiðindi, en það er búið að leysa úr þeim öllum núna. Það kom svo fljótt upp á að ég ákvað að fara aftur út og því gaf ég þeim ekki mikinn umhugsunartíma. Um tíma leit út fyrir að þeir myndu ekki skrifa upp á félagaskiptin og margir voru ósáttir við þessa ákvörðun mína.

En það leystist allt vel og ég spilaði fyrsta leikinn minn nokkrum dögum eftir að ég kom til Noregs. Það gekk mjög vel og ég var valin leikmaður leiksins, sem kom fram í bæjarblaðinu, eða reyndar að Sigrun Hardardrdottir hefði verið leikmaður leiksins,“ segir Sigrún hlæjandi. „Ég eignaðist marga nýja vini og vinkonur og kann rosalega vel við mig í Noregi.“

Hún játar þó er blaðamaður gengur á hana að leiðindi hafi haldið áfram eftir að hún kom til baka.

„Í norska boltanum er sumarfrí, sem er mjög sniðugt. Tímabilið er frá mars fram til júlí og þá kemur smá sumarfrí fram í ágúst og svo endar tímabilið í október. Ég kom því heim í ágúst og mætti á æfingu hjá BÍ/Bolungarvík, en þá var ég búin að hafa samband við góðar vinkonur mínar í liðinu og spyrja hvernig útlitið væri með leiki og æfingar.

Ég var rosalega spennt að vera að koma heim, en á æfingunni var voða skrítinn mórall í loftinu og ég fann það að ég var ekki velkomin. Síðan kom stjórnarmaður heim til mín og spurði mig hvað ég ætlaði að gera, hvort að ég ætlaði að spila með þeim eða EIK. Margir hefði verið ósáttir við að ég skyldi bara mæta á æfinguna og að ég ætti að spyrja Jónas hvort ég mætti mæta á æfingar þar sem ég væri í öðru liði.

Mér fannst það ansi skrítið, þar sem stelpur að sunnan fá oft að mæta á æfingar á meðan þær eru í heimsókn og eins hef ég mætt á æfingu hjá Fram þegar ég hef verið veðurteppt fyrir sunnan og þar var tekið vel á móti mér. Ég tók þetta því ansi nærri mér og mætti ekki aftur á æfingar á meðan ég var heima og fór aftur út til Noregs viku fyrr en áætlað var. En ég vil taka það fram að ég skil báðar hliðar. Ég fór með svo stuttum fyrirvara og fáar stelpur voru í liðinu, þannig að það munaði alveg um að missa einn leikmann.

Hins vegar finnst mér að það hefði verið hægt að tækla þetta mál á annan hátt. Í stað þess að stjórnin fundaði um málið án mín hefðu þau getað kallað mig á sinn fund til að ræða málin. Sem sagt ræða við mig beint en ekki fara alltaf í gegnum einhverja milliliði.

En svona fór þetta og mér finnst afar leiðinlegt að tala um þetta, en sem betur fer er þetta allt komið í lag í dag. Ég er farin að æfa aftur með BÍ/Bolungarvík og finnst það rosalega gaman.“

Byrjaði að spila fótbolta í frímínútum

Óhætt er að segja að tímabilið hafi gengið vel hjá Sigrúnu og stöllum hennar í EIK, þar sem flokkurinn sigraði í deildinni. Sigrún skoraði þrjú mörk fyrir liðið á tímabilinu, en undir handleiðslu norsku þjálfaranna lék hún á miðjunni í stað þess að vera varnarmaður eins og hún hafði vanist hjá uppeldisliðinu. Hún segir að þjálfari EIK, Thor Jostein Dyrnes, hafi haft mikla trú á sér og ýtt henni áfram.

„Forsvarsmenn Eik ákváðu samt að færa sig ekki upp um deild þar sem það kostar svo mikinn pening og þeir vildu frekar einbeita sér að því að byggja liðið betur upp. Þetta er mjög ungt lið og margar stelpurnar á mínum aldri, en þetta var

FERÐATÖSKUR

VILDARAFSLÁTTUR

FRÁBÆR VERÐ

GILDIR FRÁ 18. DESEMBER TIL OG MEÐ 21. DESEMBER.

Stærð 78 cm | svört | blá

Stærð 68 cm | svört | blá

Stærð 55 cm | svört | blá

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI
PENNANS EYMUNDSSON

OPNUNARTÍMAR Í DESEMBER

Mán - Fim kl. 9.00 - 18.00
Föstudag kl. 09.00 - 20.00
Laugardag kl. 10.00 - 18.00
Sunnudag kl. 12.00 - 16.00
Mán 22.des kl. 09.00 - 20.00
Þorláksmessa kl. 9.00 - 23.00
Aðfangadagur kl. 9.00 - 12.00
Jóladagur og 2. í jólum - LOKAÐ

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

ansi stór hópur, við vorum allt upp í 25 talsins á æfingum.“

– En hvernig byrjaðir þú í sportinu upphaflega?

„Ég byrjaði að spila fótbolta með strákunum í frímínútum í fyrsta bekk. Ég hafði þó ekki sjálfsaga til að mæta á æfingar, eða hreint út sagt nennti ekki að mæta. En ég mætti alltaf nokkrum dögum fyrir leik og fékk þannig að spila. Mér fannst sko bara gaman að spila á sumrin en nennti ekki að standa í þessu á veturna. Þetta komst maður upp með þar sem maður var svo lítill.

Þegar ég var þrettán ára, á sama tíma og Jónas kom til liðs við félagið, var ég valin á úrtökumót hjá KSÍ. Þá kviknaði fyrst áhuginn almennilega og ég fór að taka þetta af alvöru. Það var nú reyndar Jónasi að þakka, en hann virtist sjá eitthvað í mér. Er ég honum mjög þakklát fyrir það.

Ég var valin nokkrum sinnum í úrtökuhópa og spilaði einn vináttuleik við Dani, það var ótrúlega gaman.“

Árið 2012 var meistaraflokkur endurreistur hjá BÍ/Bolungarvík og hefur Sigrún leikið með honum frá upphafi, fyrir utan þann tíma sem hún spilaði fyrir Eik.

„Fyrsta sumarið var alveg frábært og okkur gekk svo vel. Ég var meðal annars valin efnilegasti leikmaðurinn í lok tímabilsins 2012. En svo hefur reyndar ekki gengið eins vel síðustu tvö árin hjá meistaraflokki kvenna BÍ/Bolungarvíkur, en mér finnst mjög mikilvægt að það sé meistaraflokkur við félagið. Margar ungar stelpur eru að æfa með okkur, sem mér finnst alveg frábært, það verður að vera eitthvert markmið fyrir þessar yngri að keppa að.“

Semur eigin texta og lög

– En snúum okkur nú að tónlistinni. Hvernig kom það til að þú vaktir athygli á þér fyrir söng?

„Ég tók þátt í Samfés þegar ég var í 8. bekk, í þeim eina tilgangi að komast það langt að ég fengi aðgang á keppnina, þar sem aðeins krakkar í 9. og 10. bekk gátu verið gestir. Ég bjóst í raun og veru ekki við neinu, en langaði til að prufa.

Þegar nær dró keppninni kom í ljós að búið var að breyta reglunum og ekki lengur hægt að syngja á ensku, og ég sem var búin að æfa lag á því tungumáli. Hörður bróðir minn og Jóna kona hans hjálpuðu mér að leysa úr því og við sömdum nýjan texta við lagið Collide. Textinn heitir á íslensku *Þú og ég* og fjallar um pabba minn, sem dó þegar ég var aðeins fimm mánaða.

Ég lenti í öðru sæti í keppninni sem haldin var innan Grunnskólans á Ísafirði og komst því áfram í Vestfjarðakeppnina og sigraði í henni. Það var mjög sniðugt að sú sem sigraði í GÍ, Helga Þuríður Hlynsdóttir, varð í öðru sæti. Þannig víxluðum við bara sætum og kepptum því báðar fyrir hönd Vestfjarða í Söngkeppni Samfés sem haldin var í Laugardalshöllinni í Reykjavík. Það var rosalega stressandi, ég var síðust til að stíga á svið og um þrjátíu atriði á undan mér.

Þetta var samt mjög gaman enda keppti ég aftur í söngkeppninni í GÍ árið eftir og sigraði þar með lagið *Leiðin okkar allra*. Síðar var lagið tekið upp og sýnt í vestfirskum tónlistarþætti á netinu sem Fjölnir Baldursson og félagar voru með. Ég tók síðan einu sinni enn þátt í Samféskeppninni, en það var ákveðið með mjög stuttum fyrirvara og ég var þá bara ein að syngja og spila á píanó. Ég lenti þá ekki í neinu sæti en var bara með til þess að vera með.“

– Ertu mikið fyrir að semja lagatexta og syngja lög?

„Ég var mikið að því þegar ég var að byrja í gagnfræðaskólanum, en síðan hafði ég bara svo lítinn tíma. Ég á samt nokkuð marga texta ofan í skúffu heima sem ég hef gert bara fyrir mig sjálfa. Ég hef alltaf haft mjög gaman af því að syngja og það var nú eiginlega Hörður bróðir sem kom mér á bragðið með að semja texta og lög. Ég hef þó ekki gert mikið af því undanfarið, enda búin að vera svo upptekin í fótboltanum.

En það er aldrei að vita nema maður haldi áfram að yrkja í framtíðinni og komi því kannski á framfæri við gott tækifæri. Það er þó ekkert planið að gera neitt meira í þessu.“

– Að lokum, hvað er framundan hjá þér?

„Það er allt í mikilli óvissu núna eins og er. Ég er búin að sækja um í skóla í Keflavík og ætlaði að flytja þangað eftir áramót. Síðan kom óvænt verkefni upp sem ég á eftir að skoða og ekki víst hvort ég fari til Keflavíkur eða aftur til Noregs strax eftir áramót. En stefnan er sett á Noreg í lok maí eins og er. Því þegar maður er búinn að prófa þetta einu sinni, þá fær maður ekki nóg.“

–Thelma Hjaltadóttir.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í BÓNUS

Gjafakort Bónus

er gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla

SPARAÐU TÍMA OG FYRIRHÖFN. GEFÐU GJAFAKORT BÓNUS

Bónusgjafakortið fæst nú til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus

Skrifstofa Bónus: Opin alla virka daga kl. 9-17 Skútuvogi 13 Sími: 527 9000

119 KR.

COKE 250ML

138 KR.

EGILS MALT 330ML

119 KR.

EGILS APPELSÍN 275ML

OPNUNARTÍMI Í BÓNUS UM HELGINA

20.des. Laugardagur **10:00-20:00**

21.des. Sunnudagur **10:00-20:00**

ÓMISSANDI ÞRENNA YFIR JÓLIN !

Úrbeinað hangilæri Nr. 2-3 að mati dómnefndar DV

2498 kr. kg.

Fjalla Hangilæri úrbeinað

Úrbeinað hangilæri Nr.1 að mati dómnefndar DV

3098 kr. kg.

KEA Hangilæri úrbeinað

Hamborgarhryggur Nr.1 að mati dómnefndar DV
1598 kr. kg.

KEA Hamborgarhryggur m.beini

1598 kr. kg.

Ali Hamborgarhryggur með beini

1798 kr. kg.

Ali Hamborgarhryggur úrbeinaður

JÓLAVÍNBERIN KOMIN NÝ UPPSKERA FRÁ SUÐUR-AFRÍKU



BÓNUS EKKERT BRUÐL

...in í þessari augl. ...21.des. 2014

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

Komu frá Vesturheimi til þjálfa á Ísafirði

Bandaríkjamaðurinn Steven Gromatka hefur verið ráðinn skíðagönguþjálfari Skíðafélags Ísfirðinga, og unnusta hans, Hekla Pálmadóttir, hefur verið ráðin þjálfari meistaraflokks kvenna í fótbolta hjá BÍ/Bolungarvík. Þau fluttu til Ísafjarðar frá Bandaríkjunum núna í nóvember. Áður bjuggu þau í Wisconsin þar sem Hekla starfaði hjá tryggingarfélagi og Steven í íþróttavöruverslun. Þegar tækifærið bauðst að koma til Ísafjarðar að þjálfa hikuðu þau ekki við að grípa það.

Þau hafa bæði mikla reynslu í sínum íþróttum. Steven hefur æft skíði frá unga aldri og Hekla hefur spilað fótbolta frá barnsaldri, en hún er fyrrverandi landsliðskona í knattspyrnu bæði með U17 og U19 liðunum. Hún hefur einnig spilað 68 leiki í efstu deild, með Breiðabliki, Fram og Aftureldingu.

Blaðamaður Bæjarins besta hitti parið yfir kaffibolla skömmu eftir komu þeirra vestur og fékk að kynnast lítillega þessum nýju íbúum Ísafjarðar.

Ólíkur bakgrunnur

Steven er fæddur og uppalinn í bænum Alexandria í Minnesota, sem er um tíu þúsund manna bær. Hann segir bæinn hafa skandínavísk tengsl.

„Þar er að finna stóran rúnastein, Kensington-rúnasteininn, sem sannar að norrænir menn hafi komið þar við í fyrndinni. Bærinn er þekktur fyrir þetta, en einnig er þar að finna víkingastyttu af Stóra Óla. Minjagripaverslanir selja því mikið víkingavörum og jafnvel íslenskum fánum, ásamt því að hægt að kaupa vörur 66°N," segir Steven.

Hann byrjaði ungur að aldri að æfa skíði og kolféll fyrir íþróttinni.

„Pabbi var skíðamaður og ég byrjaði að æfa þegar ég var í gagnfræðaskóla og hélt því áfram eftir að ég var kominn upp í háskóla í Green Bay Wisconsin. Þá fór ég einnig að þjálfa samhliða náminu og fann að það átti mjög vel við mig. Svo þegar mér bauðst að koma og þjálfa á Ísafirði hikaði ekki við að slá til.

Reyndar er skondin saga að segja frá því, að sumarið í hitteðfyrra komum við til Ísafjarðar þar sem Hekla var að keppa með Fram gegn BÍ/Bolungarvík í fótbolta. Í íþróttahúsinu rak ég augun í verðlaunagripaskáp þar sem einn bikarinn var fyrir skíði og ég heyrði að það væri gamalgróið skíðafélag í bænum. Ég sagði þá við Heklu að það væri nú gaman ef ég fengi starf við að þjálfa fyrir félagið. Henni fannst það frekar fjarstæður möguleiki á þeim tíma, en ári seinna komumst við í kynni við forsvarsmenn skíðafélagsins og í kjölfarið var mér boðið þetta starf. Og hingað erum við komin," segir Steven með stærðarbros á vör.

Óhætt er að segja að Steven og Hekla hafi ólíkan bakgrunn. Hún sleit barnsskónum á Akranesi en fluttist tólf ára gömul til Kópavogs.

„Ég er af fótboltaættum í báða ættliði og því lá nokkuð beint við að maður byrjaði að æfa ungur. Eftir flutninginn til Kópavogs spilaði ég fótbolta með Breiðabliki. Eftir útskrift frá Menntaskólanum í Kópavogi nam ég verkfræði við Háskóla Íslands en bauðst þá að fara í nám til Bandaríkjanna á fótboltastyrk. Ég sló til og var í skóla við University Wisconsin í Green Bay í þrjú og hálft ár og útskrifaðist þaðan með viðskipta- og stærðfræðigráðu. Síðan var ég búin að vera á vinnumarkaðinum í átta mánuði þarna úti þegar við ákváðum að koma til Íslands," segir Hekla.

Ók Heklu nærri niður á dráttarvél

Steven og Hekla eru bæði útskrifuð frá háskólanum í Green Bay Wisconsin. Steven útskrifaðist með gráðu með áherslu á samskipti og miðlun en Hekla útskrifaðist með gráðu í bæði viðskiptafræði og stærðfræði. Það var einmitt í háskólanum í Green Bay sem þau kynntust.

„Ég hafði séð henni bregða fyrir af og til, en við bjuggum í sömu byggingu og skíðaliðið fór oft að horfa á fótboltaleiki þar sem hún var að spila. En við kynntumst ekki, þar sem ég var í skíðunum en hún í fótboltanum og við umgengumst því ekki sama fólkið.

Svo var það einn daginn rétt eftir vorfrí, að ég var að vinna við að hreinsa snjó af gangstéttum á traktor með skólanum og var eitthvað annars hugar. Allt í einu leit ég upp og þá stóð hún þar og ég hafði næstum ekið hana niður með traktornum," rifjar Steven upp.

„Í kjölfarið fórum við að læra saman og hann hjálpaði mér mikið með enskuna þar sem ég var ekki mjög sleip í tungumálinu fyrst þegar ég fluttist út. Og þannig kynntumst við," segir Hekla.

Nú hafa hlutverkin snúist við. Steven hefur mikinn áhuga á að læra íslensku og er því komið að Heklu að aðstoða hann í því.



OPNUNARTÍMI UM HÁTÍÐIRNAR

Vínbúðin Ísafirði

Föstudagur	19. desember	11.00 - 19.00
Laugardagur	20. desember	11.00 - 14.00
Sunnudagur	21. desember	Lokað
Mánudagur	22. desember	12.00 - 18.00
Þriðjudagur	23. desember	11.00 - 20.00
Miðvikudagur	24. desember	10.00 - 13.00
Fimmtudagur	25. desember	Lokað
Föstudagur	26. desember	Lokað
Laugardagur	27. desember	11.00 - 14.00
Sunnudagur	28. desember	Lokað
Mánudagur	29. desember	12.00 - 18.00
Þriðjudagur	30. desember	11.00 - 19.00
Miðvikudagur	31. desember	10.00 - 13.00
Fimmtudagur	1. janúar	Lokað
Föstudagur	2. janúar	11.00 - 19.00
Laugardagur	3. janúar	11.00 - 14.00
Sunnudagur	4. janúar	Lokað
Mánudagur	5. janúar	Talning, opið 16 - 18

Vínbúðin Patreksfirði

Föstudagur	19. desember	14.00 - 19.00
Laugardagur	20. desember	Lokað
Sunnudagur	21. desember	Lokað
Mánudagur	22. desember	12.00 - 18.00
Þriðjudagur	23. desember	12.00 - 19.00
Miðvikudagur	24. desember	10.00 - 12.00
Fimmtudagur	25. desember	Lokað
Föstudagur	26. desember	Lokað
Laugardagur	27. desember	12.00 - 14.00
Sunnudagur	28. desember	Lokað
Mánudagur	29. desember	14.00 - 18.00
Þriðjudagur	30. desember	12.00 - 19.00
Miðvikudagur	31. desember	10.00 - 12.00
Fimmtudagur	1. janúar	Lokað
Föstudagur	2. janúar	14.00 - 19.00
Laugardagur	3. janúar	Lokað
Sunnudagur	4. janúar	Lokað
Mánudagur	5. janúar	Talning, opið 16 - 18

Vínbúðin Hólmavík

Föstudagur	19. desember	14.00 - 18.00
Laugardagur	20. desember	Lokað
Sunnudagur	21. desember	Lokað
Mánudagur	22. desember	14.00 - 18.00
Þriðjudagur	23. desember	14.00 - 19.00
Miðvikudagur	24. desember	10.00 - 12.00
Fimmtudagur	25. desember	Lokað
Föstudagur	26. desember	Lokað
Laugardagur	27. desember	12.00 - 14.00
Sunnudagur	28. desember	Lokað
Mánudagur	29. desember	17.00 - 18.00
Þriðjudagur	30. desember	14.00 - 18.00
Miðvikudagur	31. desember	10.00 - 12.00
Fimmtudagur	1. janúar	Lokað
Föstudagur	2. janúar	14.00 - 18.00
Laugardagur	3. janúar	Lokað
Sunnudagur	4. janúar	Lokað
Mánudagur	5. janúar	Lokað vegna talningar

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

VÍNBÚÐIN

ENNEMM / SÍA / NM65833

Reyndar spreytti hann sig nokkuð á íslenskunni meðan á viðtalinu stóð og tókst listavel til, að mati blaðamanns.

Þegar rætt var um skólann í Wisconsin uppljóstraði parið, að það er einn hlutur sem þau eru afar ósammála um: Þau halda hvort með sínu liðinu í bandarískum fótbolta.

„Green Bay er jafnan þekkt fyrir fótboltaliðið Green Bay Packers. Ég held með Minnesota Vikings en Hekla með Packers, sem eru andstæðingar Víkinganna," útskýrir Steven glettinn. „Auðvitað held ég með Minnesotaliðinu þar sem ég hef mikinn áhuga á alls kyns víkingum, enda hef ég elt þá alla leið til Íslands."

„Auðvitað held ég með The Packers þar sem þeir eru einfaldlega besta liðið enda hafa þeir unnið The Super Bowl þrettán sinnum, síðast árið 2010," segir Hekla og hefur augljóslega gaman af því að stríða Steven á þessu.

Spenntur fyrir fannfergi

Steven segist kunna afar vel við sig á Ísafirði og er spenntur fyrir vetrinum.

„Daginn eftir að við komum í byrjun nóvember komst ég á skíði, sem mér fannst frábært, þar sem vanalega er ekki snjór í Bandaríkjunum á þessum tíma.

Skíðatímabilinu lýkur vanalega hjá mér í febrúar, en hér skilst mér að það byrji ekki að ráði fyrr en í janúar og er svo í fimm mánuði. Ég hlakka mikið til þess vera að skíða alveg fram í maí. Það er í raun draumur að rætast að búa á stað þar sem maður hefur kost á að skíða í lengri tíma en maður er vanur."

Steven segist jafnframt mjög hrifinn af skíðasvæðinu í Tungudal.

„Í Wisconsin er mun meira af trjám og ekki eins brattar brekkur og er hér. Ég hef reyndar ekki komist í efstu lyfturnar enn, en mér sýnist svæðið hér veita meiri áskorun en það sem ég á að venjast, sem gerir íþróttina vitanlega mun skemmtilegri. Ég vakna því á hverjum degi og vona að það sé kominn nægur snjór í hlíðarnar svo maður geti skellt sér á skíði."

„Það er alveg andstætt með mig. Ég vonast til þess að það sé autt lengur svo maður geti spilað sem lengst á gervigrasinu," skýtur Hekla inn í.

Steven bætir við, að það sé afar heppilegt að keppnistímabil þeirra stangist ekki á. Háannatími fótboltans er vitaskuld annar en Skíðafélagsins.

„Þar af leiðandi getum við stutt hvort annað þegar mest er að gera hjá hvoru okkar og einnig haft nægan tíma fyrir okkur sjálf."

Þau keppast hins vegar að einhverju um iðkendur, þar sem margar stelpur eru bæði í skíðum og fótbolta.

„Svo lengi sem þær mæta hjá öðru hvoru okkar erum við ánægð," segir Hekla.

Steven hefur lengi þjálfað í Bandaríkjunum og aðspurður segist hann telja að unglingar séu í meginatriðum eins, sama hvar í heiminum þeir búa.

„Ég held að það sé nú ekki svo mikill munur á íslenskum krökkum og bandarískum. Það tekur tíma að vinna sér inn traust þeirra, en þegar það er komið gengur allt svo mikið betur. Eins gildir sama reglan alls staðar, maður verður að mæta á æfingar og vinna vinnuna til þess að ná árangri."

Elti Steven heim til Íslands

Hekla fékk þjálfarastarfið eftir að ákveðið var að þau myndu flytja til landsins.

„Þegar Steven fékk þjálfarastarfið hjá Skíðafélaginu ákvað ég að prófa að hafa samband við stjórn BÍ/Bolungarvíkur. Ég komst að því að þjálfaramálin voru einmitt á lausu og var því ráðin sem spilandi þjálfari.

Svo það er nú eiginlega þannig að ég elti Steven heim til Íslands, sem er frekar skondið, því það væri nær lagi að það væri á hinn veginn. Ég nýt góðs af því þar sem mig langaði að koma aftur til Íslands og vera hér um einhvern tíma. Eins er gaman að prófa að búa á Ísafirði, en ég hef engin tengsl vestur og það er því alveg ný reynsla fyrir mig að búa á Vestfjörðum."

Hekla segir þjálfarastarfið leggjast mjög vel í sig, en hún þjálfar stelpur frá 14 ára og upp úr.

„Það er gaman að koma inn í lið þar sem maður getur sett eigin markmið varðandi það að hjálpa yngri leikmönnum að byggjast upp bæði andlega og líkamlega svo þær verði fyrir vikið mun betri fótboltakonur. Mér finnst skemmtileg áskorun að koma inn í lið þar sem ég þekki lítið til og þarf að læra að þekkja inn á leikmennina mína og meta þær hlutlaust sem fótboltakonur.

Við erum að vinna að því að byggja upp liðsheild, en það er mikill munur á liði og 20 manna hópi. Í liðsheild treysta stelpurnar hver á aðra og vinna betur saman. Svo er bara að setja okkur markmið fyrir sumarið og við erum staðráðnar í að gera betur en í fyrra. Nú eru stelpurnar ansi fáar sem æfa og því eru fjórtán ára stelpur farnar að spila með meistaraflokki. En þetta eru skemmtilegar og efnilegar stelpur svo ég er spennt fyrir framhaldinu.

Mig langar að koma því á eins og ég vandist þessi fjögur ár sem ég spilaði í Bandaríkjunum, að liðsmennirnir séu sjálfir ábyrgir fyrir því að mæta vel og leggja sig alla fram. Þetta er mín fyrsta reynsla sem þjálfari svo ég læri helling á þessu sjálf. Mér finnst mjög gaman að líta á spilamennskuna frá öðru sjónarhorni en sem leikmaður. Við erum tvær sem eru spilandi þjálfarar, en hún Karitas Sigurlaug Ingimarsdóttir

hefur spilað með liðinu áður. Ég held að það séu mjög spennandi tímar framundan og gaman að geta ef til vill verið litla liðið á landsbyggðinni sem nær langt."

Meiri möguleikar fólgnir í minni samkeppni

Steven segist líka spenntur fyrir þjálfarastarfinu hjá Skíðafélagi Ísafjarðar.

„Ég held að það séu miklir möguleikar fólgnir fyrir ungmenni sem æfa skíði hér í því að ná langt, bæði á Íslandi og á erlendum vettvangi. Það er gaman að finna hvað krakkarnir eru áhugasamir um að ná árangri og hvað aðstaðan er frábær sem Skíðafélagið hefur að bjóða. Svo er auðvitað næsta skref að keppa við önnur ungmenni á alþjóðlegum skala, sem er ekki auðvelt fyrir neinn, sama hvernig keppnislandslagið er í þeirra landi.

En íslenskir skíðamenn hafa að minnsta kosti góð tækifæri að komast á þann stall að geta keppt á alþjóðlegum grundvelli. Það finnst mér afar spennandi tilhugsun. Ég held að undir handleiðslu þjálfara sem er staðráðinn í því að ná því besta úr hverjum og einum geta ísfirsk ungmenni náð ansi langt. Það er mín von allavega, því er ég afar spenntur að takast á við verkefni komandi vetrar.

Ég er búinn að hitta krakkana og líst afar vel á hópinn minn og trúi ekki öðru en að við eigum eftir að vinna vel saman í vetur."

Deilir hrifningu Clintons á íslenskum pylsum

Varla er hægt að ljúka viðtalinu án þess að spyrja Steven hinnar víðfrægu spurningar: Hvernig kanntu við Ísland eða How do you like Iceland, eins og útlendingar eru iðulega spurðir í viðtölum.

„Mér líkar mjög við Ísland og fólkið hér er afar indælt og viðkunnanlegt.

Ég kom fyrst til Íslands með Heklu eftir útskriftina fyrir tveimur árum. Þá ferðuðumst við víða um Ísland og mér fannst það alveg magnað að skoða landið. Síðan dvöldum við á landinu í þrjár vikur síðasta sumar. Núna er ég því farinn að þekkja mig hér og svolítið farið að líða eins og ég sé heima hjá mér. Ég er afar spenntur fyrir vetrinum og sérstaklega að sjá hve snjóþungt verður hér. Ég kann vel við mig í þessu hitastigi þar sem ég er vanur meiri kulda í Minnesota, þar getur hitastigið farið allt niður í mínus 40 stig á Celsius með vindkælingu.

Það kom mér reyndar á óvart að enginn haldi upp á þakkargjörðarhátíðina hér, þar sem hún er svo stór hátíð heima, en kannski maður geti komið einhverjum bandarískum siðum á meðan maður býr hér," segir hann með stórt glott á vör.

„Það kom mér líka á óvart hve lítið er um villt dýralíf á þessum slóðum. Ég er vanur því að heiman að sjá dádýr og önnur dýr á ferli og eins er mun meira um tré þar. Ég er ekki búinn að sjá norðurljós enn sem komið er en hlakka til þess að það gerist.

Ég er mjög hrifinn af íslenskum mat og sérstaklega hvað mikið minna úrval er af skyndimat hér. Það er í allt of miklu magni í Ameríku að mínu mati."

Steven deilir hrifningu fyrrum Bandaríkjaforseta á íslenskum pylsum, en eins og flestir muna var mikið fjallað um dálæti þess síðarnefnda á pylsum hins víðfræga pylsuvagns á Bæjarins bestu í heimsókn hans til landsins árið 2004.

„Pylsurnar á Íslandi eru mun betri en í Bandaríkjunum. Ég er mjög hrifinn af pylsunum hérna og vil endilega að það komi fram," segir Steven og hlær.

– Viðtal: Thelma Hjaltadóttir.

Gleði og farsæld

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Um leið minnum við á að ál er ekki bara létt, sterkt og fallegt, heldur má endurnýta það nánast endalaust. Munum að endurvinna um hátíðarnar!

Takk fyrir frábært samstarf
Starfsfólk Norðuráls

NORÐURÁL

Súðvíkingar spenntir fyrir nýjum atvinnutækifærum

Íbúastefna var haldin í Súðavík um þarsíðustu helgi. Pétur G. Markan sveitarstjóri segir að íbúastefnan hafi verið uppbyggileg og íbúar spenntir fyrir nýjum atvinnutækifærum í sveitarfélaginu. Einar Sveinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslenska kalkþörungafélagsins, kynnti fyrir íbúum áform fyrirtækisins um kalkþörungavinnslu í sveitarfélaginu. „Hann bryndi fyrir mönnum að Íslenska kalkþörungafélagið væri búið að taka ákvörðun um að hefja uppbyggingu í Súðavík að því gefnu að við höfum þann grunn sem til þarf og það er sú vinna sem við erum að fara í," segir Pétur. Grunnurinn sem Pétur talar um er afhending á raforku til Súðavíkur, en núverandi dreifikerfi annar ekki eftirspurn frá stórum notenda eins og Íslenska kalkþörungafélaginu.

Pétur segir komu Kalkþörungafélagsins vera kærkomið tækifæri til að efna gamalt pólitískt loforð. „Steingrímur Hermannsson sagði árið 1984 að Vestfirðir væru næstir á dagskrá í hringtengingu háspennu. Þrjátíu árum síðar er það ekki enn komið og þetta er kærkomið tækifæri til að fara í hringtengingu." Kristján G. Jóakimsson frá Hraðfrystihúsinu - Gunnvöru hf. kynnti frummatsskýrslu fyrirtækisins um 7000 tonna fiskeldi í Ísafjarðardjúpi. „Skýrslan lítur mjög vel út og þetta er verkefni sem getur skapað allt að 50 stöðugildi og sum hver sérhæfð störf," segir Pétur.

Íbúar Súðavíkur voru innilokaðir í tvo sólarhringa í síðustu viku þegar veginum um Súðavíkurhlíð var lokað vegna snjóflóðahættu. „Þetta er bara hluti af okkar veruleika. Við búum við þennan nágranna sem Súðavíkurhlíðin er, hún er bæði válynd og hættuleg. Menn hafa sem betur fer náð tökum á henni og veginum er bara lokað þegar hætta skapast en þetta er ekki boðlegt ástand, ég tala ekki um þegar sjúkrabíll með sjúklingi lokast inni í tvo sólarhringa," segir Pétur.

Súðvíkingar hafa barist fyrir Álftafjarðargöngum í mörg ár. „Lokunin núna sýnir bara enn einu sinni mikilvægi jarðganga. Að sinni biðjum við ekki um meira en að koma þeim á áætlun svo menn viti hvaða framtíð menn eru að vinna með. Það er gríðarlega mikilvægt að Vestfirðingar tali einni röddu í jarðgangamálum, það er að segja að strax að loknum Dýrafjarðargöngum verði farið í Álftafjarðargöng," segir Pétur Markan, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

– smari@bb.is

Súðavík. Ljósm: Þórður Sigurðsson.

Landsbankinn styrkir Act alone

Leiklistarhátíðin Act alone á Suðureyri hefur fengið 500 þúsund króna styrk úr samfélagssjóði Landsbanka Íslands. 25 verkefni fengu styrki, tvö verkefni fengu úthlutað einni milljón króna, níu verkefni fengu 500 þúsund krónur hvert og loks fengu fjórtán verkefni 250 þúsund króna styrk. Rúmlega 300 umsóknir bárust sjóðnum að þessu sinni.

Samfélagsstyrkjum er einkum ætlað að styðja við þá sem sinna mannúðar- og líknarmálum, menntamálum, rannsóknum og vísindum, verkefnum á sviðum menningar og lista, forvarnar- og æskulýðsstarfi og sértækri útgáfustarfsemi.

Dómnefnd samfélagsstyrkja var að þessu sinni skipuð þeim Árelíu Eydísi Guðmundsdóttur dósent við Háskóla Íslands, Ármanni Jakobssyni prófessor við Háskóla Íslands, Kristjáni Kristjánssyni upplýsingafulltrúa hjá Landsbankanum og Guðrúnu Agnarsdóttur lækni, en hún var jafnframt formaður dómnefndar.

Sekt fyrir brot gegn lyfjalögum

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt Jónas Þór Birgisson, lyfsala á Ísafirði, til greiðslu 300 þúsund króna sektar vegna brota gegn lyfjalögum. Honum var gert að sök að hafa í tvígang afgreitt og afhent lyfseðilsskyld lyf á grundvelli tveggja símalyfseðla frá lyfjaversluninni Lyfju á Ísafirði án undangenginnar ávísunar dýralæknis og sjúkdómsgreiningar dýralæknis hvað varðar sýklalyf. Um er ræða einn kassa af sýklalyfjum og tvo kassa kalklyfi. Viðtakandi lyfjanna var Bjarni Bæring Bjarnason, bóndi á Brúarreykjum í Borgarfirði. Jónas Þór viðurkenndi brot gegn lyfjalögum og krafðist vægustu refsingar.

Jónasi Þór var einnig gert skjalafals að sök, fyrir að hafa falsað nafn dýralæknis á lyfseðla. Hann lýsti sig saklausan af þeim ákærulið og var hann í Héraðsdómi sýknaður, og segir í dómnum að vafi leiki á hvort dýralæknirinn hafi heimilað Jónasi Þór að rita nafn sitt á lyfseðlanna og því ósannað að nafn dýralæknisins hafi verið ranglega tilgreint á lyfseðlunum. Við ákvörðun refsingar var litið til hreins sakarvottorðs og að jákvæðar hvatir lágu að baki háttsemi Jónasar Þórs, þ.e. að hjálpa dýrunum á Brúarreykjum.

EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

ÓSKAR LANDSMÖNNUM

ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA!



PIPAR\TBWA • SÍA

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Afslöppun og notalegheit í jólamánuðinum

Geðræktarmiðstöðin Vesturafl á Ísafirði heldur úti fjölbreyttu starfi allan ársins hring fyrir fólk sem misst hefur hlutverk sitt vegna veikinda eða breyttra aðstæðna og getur ekki tekið virkan þátt í samfélaginu, í vinnu eða inni á heimili. Í Vesturafli er boðið upp á ýmiskonar þjónustu við hæfi hvers og eins. Þar getur fólk veitt aðstoð þegar því líður vel og fengið aðstoð þegar illa gengur. Starfsemin nær til íbúa Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkur en að rekstrinum standa Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Rauði krossinn.

En hvernig er jólamánuðurinn í Vesturafli og hvað stendur upp úr á árinu sem er senn að kveðja? Bæjarins besta leitaði svara við þessu hjá Hörpu Guðmundsdóttur, forstöðumanni Vesturafls.

Alltaf eitthvað á dagskrá

– Hversu margir eru fastir skjólstæðingar Vesturafls?

„Það eru um 30-40 manns sem koma reglulega í Vesturafl. Á síðasta ári komu að meðaltali um þrettán manns á dag.“

– Er mikið um mannabreytingar hjá ykkur?

„Það eru alltaf einhverjir nýir að koma til okkar og aðrir sem minnka komur sínar í Vesturafl. Oft er það vegna þess að fólk fer í nám, fær vinnu eða flytur af svæðinu. Einhverjir þeirra sem farnir eru að vinna koma þó enn til okkar þegar þeir eiga frí, til halda tengslum við staðinn. Okkur finnst það mjög fínt, því þá er auðveldara að grípa inn í ef aðstæður breytast hjá fólki og hægt að aðstoða það ef þörf er á.“

– Hvað er búið að vera helst fyrir stafni hjá ykkur í vetur?

„Við erum búin að hafa ýmislegt fyrir stafni. Hæst ber þó vikuferð okkar til Tenerife, en við fórum út 22 saman og dvöldum í átta daga. Ferðin var niðurgreidd af nytjamarkaðnum okkar, þannig að fólkið borgaði hluta af ferðinni og markaðurinn rest.

Við erum þó alltaf með eitthvað á dagskrá, það hefur t.d. verið bingó og bíódagur hjá okkur í hverjum mánuði síðan í haust. Það hefur mælst vel fyrir og við reiknum með að halda því áfram eftir áramót. Þá höfum við einnig verið í kerta-, púða- og skiltagerð, sem hefur verið mjög gaman.“

– Eruð þið með einhverjar grófar tölur um hve mörgum Vesturafl hefur hjálpað frá opnun miðstöðvarinnar árið 2007?

„Sennilega eru um 60-70 manns sem hafa á einhverjum tíma komið reglulega til okkar. Stundum hefur það verið sem hluti að öðru prógrammi, en hjá sumum er þetta eina úrræðið sem fólki býðst sem það mætir reglulega í. Ég veit ekki hvort hægt er að segja að við höfum hjálpað þeim öllum, en við höfum gert okkar besta í því að vera til staðar og veita þá aðstoð sem okkur er mögulegt.“

Opið hús á aðfangadag

– Hvernig er hefðbundinn desember í Vesturafli?

„Hugmyndin er að hafa desember afslappaðan og rólegan. Einhverjir leggja lokahönd á jólagjafir og svo er það bara mánaðarlega bingóið okkar ásamt slökun og kósíheitum.“

– Er meira um það eða minna að fólk sé að sækja þjónustu ykkar í kringum hátíðarnar?

„Það eru alla jafna örlítið færri í kringum hátíðarnar, þar sem einhverjir fara í heimsókn til ættingja annars staðar á landinu og aðrir fá ættingja í heimsókn.“

– Hvernig er haldið upp á jólin í Vesturafli?

„Undanfarin ár höfum við lánað Rauða krossinum húsnæðið á aðfangadag. Þau hafa fengið sjálfboðaliða sem hefur haft umsjón með mat og góðri stemmningu fyrir þá sem eru annars einir um jólin. Fólk getur sett sig í samband við okkur í Vesturafli eða Rauða krossinn ef það vill frekari upplýsingar um tímasetningar.

Þetta hefur ekki verið haft sem opið hús, heldur þarf fólk að láta vita ef það ætlar að koma. Þetta er gert til að tryggja að nægur matur sé til fyrir alla án þess að þurfa að henda miklu.“

Gott spjall oft besta lausnin

– Nú er þekkt meðal margra að jólin eru kvíðavaldandi og erfið fyrir fólk sem glímir við veikindi, bæði andleg sem og líkamleg. Hvað er gert til að takast á við það?

„Við leggjum áherslu á að taka einn dag í einu og hafa kröfurnar raunhæfar. Þá aðstoðum við fólk við að finna lausn á því sem veldur kvíðanum. Oft er gott spjall besta leiðin til að leysa slíkt, hlutirnir verða einhvern veginn viðráðanlegri þegar búið er að segja þá upphátt og forgangsraða þeim.“

Harpa Guðmundsdóttir forstöðumaður Vesturafls.

– Er það kynjaskipt hvernig þessi árstími leggst í fólk?

„Nei, það er miklu frekar einstaklingsbundið. Fyrir suma er þetta uppáhaldstíminn.“

– Takið þið eftir aukinni aðsókn í flóamarkaðinn í desembermánuði? Ef svo er, hvort er það þá í sölu eða að fólk sé að koma með dót?

„Það er ekki beint aukin traffík heldur er kannski verið að leita að öðrum hlutum. Við setjum jólavörunar til dæmis fram í byrjun desember og þá er svolítil aðsókn í það. Svo eru sumir sem fara í gegnum geymslur og bílskúra og aukaherbergi á þessum árstíma og þá er komið með til okkar það sem er söluvænlegt.“

Þess má geta að flóamarkaður Vesturafls er fyrir ofan Bónus á Skeiði á Ísafirði og opinn alla fimmtudaga kl. 14-17 og föstudaga kl. 15-18.

Sólarlandaferð minnisstæðust á árinu

– Hvað hefur helst staðið upp úr á árinu sem er að líða og hvað er framundan á komandi ári?

„Tenerifeferðin er tvímælalaust það sem stendur upp úr á árinu, en hún verður lengi í minnum höfð. Reyndar er núna strax farið að tala um að safna fyrir annarri ferð. Annars erum við alltaf að láta okkur dreyma um að komast í stærra húsnæði svo hægt sé að bjóða upp á enn fjölbreyttari þjónustu, þar sem erum eiginlega búin að sprengja utan af okkur núverandi húsnæði. Hver veit nema sá draumur verði að veruleika á nýju ári? Það eru þó bara draumórar á þessu stigi málsins.“

– Thelma Hjaltadóttir.

VÍS óskar landsmönnum gleðilegra jóla

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í FRIÐI OG RÓ

Um leið og við þökkum viðskiptavinum okkar samfylgdina á árinu óskum við öllum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Sýnum alúð og aðgát um hátíðirnar og pössum vel hvert upp á annað.
VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk.

VÍS | HAFNARSTRÆTI 1 | 400 ÍSAFJÖRÐUR | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

ENNEMM / SÍA / NM60284

Jólamaturinn tekur mið af hverjum stað

Hjónin Nadia Ashkenazy-Jones og Martin Ludovik Ashkenazy-Jones hafa búið á Flateyri frá árinu 2009. Nadia flutti til Reykjavíkur frá London þegar hún var fimm ára gömul og síðar til Sviss. Martin er alinn upp í London en síðan þau giftu sig hafa þau ferðast víða og haldið jól á mörgum stöðum í heiminum. Jólamaturinn hefur tekið mið af því en þau hjónin snæða það sem er til siðs á hverjum stað. Í æsku Nadiu og eftir að þau fluttu til Íslands var alltaf rjúpa á borðum á aðfangadagskvöld. Og með henni sósa og trönuberjasósa. „Jólin okkar voru mjög hefðbundin á Íslandi," segir Nadia. „Ég man eftir því að hafa borðað mjög varlega svo ég myndi ekki tyggja höglin úr rjúpunni. Á jóladag borðuðum við alltaf hangikjöt með laufabrauði og eftir að við fluttum til Sviss fengum við það sent til okkar. En hefðin á aðfangadag breyttist og við snæddum önd eða gæs í stað rjúpunnar."

Jólamaturinn hjá fjölskyldu Martins í London var nokkuð frábrugðinn en þar snæddu þau fasana eða gæs á aðfangadagskvöld. Í byrjun sjöunda áratugarins breyttist hefðin að nokkru og kalkúnn varð vinsæll jólamatur hjá þeim eins og öðrum, en hinar fuglategundirnar voru þó hafðar á borðum ef löngun var til þess. Eins og áður sagði hafa jólahefðir hjónanna oftar en ekki markast af þeim stöðum sem þau eru hver jól. „Við höfum ekki alltaf verið með fjölskyldunni yfir jólin og stundum hafa vinir boðið okkur heim. Jólamaturinn hefur þess vegna tekið mið af hverjum stað og hverri hefð. Þegar við bjuggum í Frakklandi t.d. þá var yfirleitt önd í aðalrétt. Eftir að við fluttum aftur til Englands árið 1998 þá vorum við yfirleitt með kalkún, nema eitt árið sem við dvöldum í Lapplandi þá var dásamleg hreindýrakássa í matinn."



Nadia og Martin á Grikklandi.

Hjónin fluttu nýverið frá Flateyri en á meðan þau bjuggu hér voru jólin haldin ýmist með vinum eða í London. Eitt skiptið þar ytra héldu þau matarboð fyrir átta vini og buðu upp á kalkún með steiktum kartöflum, gulrótum, kastaníuhnetum, rósakáli, trönuberjasósu og soðinni skinku að sjálfsögðu. 2012 breyttu þau aftur voru þau í litlu þorpi í Grikklandi þar sem lambakjöt var á borðum ásamt svínakjöti og fjölda smárétta. Það er ekki ofsögum sagt að jólin hjá þeim Nadiu og Martin hafa oft verið spennandi ef miðað er við hinn hefðbundna hamborgarahrygg.

– sfg@bb.is

Tjáir sig ekki um dráttá rannsókn nauðgunarmáls

Úlfar Lúðvíksson, sýslumaður og lögreglustjóri á Vestfjörðum, ætlar ekki að tjá sig um dóm Héraðsdóms Vestfjarða í nauðgunarmáli sem kveðinn var upp í lok nóvember. Ákærði var dæmdur sekur fyrir nauðgun en honum var metið til refsilækkunar tafir á rannsókn málsins. Tæp tvö ár liðu frá því að kæra barst til lögreglu þangað til ákæra var gefin út. Í niðurstöðu dómsins segir að vegna alvarleika málsins geti Héraðsdómur ekki metið fullnægjandi þá skýringu lögreglu að drátt á meðferð málsins megi rekja til mikils álags. Maðurinn var dæmdur í 24 mánaða fangelsi en vegna dráttar á meðferð málsins þótti rétt að fresta fullnustu 21 mánaðar af refsingunni.

Málið barst til lögreglu 8. apríl 2012. Í dómi Héraðsdóms segir: „Fyrir liggur að af hálfu lögreglu var rannsókn málsins hætt 14. maí 2013 með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ríkissaksóknari felldi þessa ákvörðun úr gildi 10. júlí 2013 og lagði fyrir lögreglu að halda rannsókn málsins áfram. Af gögnum málsins má ráða að frá því í maí 2012 þar til rannsókn málsins var hætt í maí 2013 hafi ekkert verið unnið að rannsókn málsins."

– smari@bb.is

tm.is/jolakvedja

Tryggðarjól



Það verður allt í góðu lagi

Starfsfólk TM óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum
öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi árum.

Hvað sem verður... þá er betra að vera í hópi ánægðra viðskiptavina TM.

Tryggingamiðstöðin tm@tm.is **tm.is**

Uggandi yfir atvinnuástandinu

Smábátasjómenn á Flateyri hafa sent Byggðastofnun bréf þar sem þeir óska eftir samstarfi um úthlutun sérstaks byggðakvóta til vinnslu í byggðarlaginu. Formaður íbúasamtakanna á Flateyri vonast eftir breiðri samstöðu um veiðar og vinnslu, Flateyri til heilla. Forsaga málsins er að Arctic Oddi hætti bolfiskvinnslu á Flateyri. Fyrirtækið var með samning um sértækan byggðakvóta frá Byggðastofnun og hefur hann verið auglýstur samkvæmt lögum. Smábátasjómenn eru hræddir um að sértæki byggðakvótinn gæti sett staðbundna útgerð í ákveðna óvissu.

Guðmundur Björgvinsson, formaður íbúasamtaka Flateyrar, vonar að samvinna aðila á svæðinu geti styrkt búsetuskilyrði íbúa og tryggt atvinnuöryggi á staðnum. „Markmið Byggðastofnunar er að tryggja vinnslu á Flateyri og efla þannig byggðina. Því skiptir það miklu máli að breið sátt náist meðal allra aðila sem sinna veiðum frá Flateyri að vera ekki útundan," segir Guðmundur. Hann telur einnig hættulegt ef eitt fyrirtæki verði of ráðandi í litlu sveitarfélagi.

„Að mínu mati er þessi sértæki byggðakvóti, sem Byggðastofnun gerir samning um við fyrirtæki, að sanna sig, að hann geti skipt sköpum fyrir smærri byggðarlög. Við þurfum bara að tryggja að sú staða komi ekki upp að aðeins eitt fyrirtæki geti staðið í útgerð á svæðinu."

„Ef ég hef ekki tíma, þá hafa aðrir það líklega ekki heldur"

Það er kraftur í Súðvíkingum og ekki síður þeim sem eru ættaðir þaðan. Friðrik Guðjónsson er eitt dæmi um það. Hann er sonur Guðrúnar Friðriksdóttur en foreldrar hennar ráku símstöðina í Súðavík á sínum tíma. „Afi minn hét Friðrik Friðriksson og var símstöðvarstjóri. Það er svo dálítið skemmtilegt að ég er alnafni föður hans og á fullt af bókum frá honum frá nítjándu öld sem eru eins og merktar mér. Ég fer alltaf reglulega á ættarmót í Súðavík, seinast var það haldið í Hattardal og var mjög skemmtilegt."

Friðrik stofnaði fyrirtækið Prentagram fyrir ári rúmu ári en það sérhæfir sig í prentun á ljósmyndum og vörum því tengdu. „Þessi hugmynd varð eiginlega bara til upp í sófa," segir Friðrik. „Ég lá þar og var að horfa á tómu myndarammana sem hafa verið þar síðan 2006 og fór að hugsa að ef ég hefði ekki tíma til að láta ramma myndir inn þá hefðu aðrir það líklega ekki heldur. Svo ég ákvað að stofna Facebook síðu og selja ramma og allt í einu var ég búin að fá fullt af pöntunum án þess að vera búinn að ákveða hvaðan ég fengi rammana!"

„Verkefnið vatt svo upp á sig, ég gerði heimasíðu og í gegnum hana getur fólk pantað framköllun á myndum, sem er aðeins öðruvísi en hjá öðrum framköllunarstöðum og við seljum líka gjafavörur sem fólk getur hannað sjálft á síðunni. Viðtökurnar hafa verið frábærar, meira en hundrað þúsund viðskiptavinir á þessu rúma ári og mjög margir af landsbyggðinni því það eru auðvitað ekki framköllunarþjónustur allsstaðar lengur eins og var," segir Friðrik ánægður.

Endurminningar frá Skálavík og Bolungarvík

Út er komin hjá Bókaútgáfunni Óshlíð bókin „Skjóttu á tunglið maður", eftir Sigurvin Guðbjartsson. Sigurvin er kunnur hagyrðingur á sínum heimaslóðum. Hann hefur ort fyrir mannfagnaði í Bolungarvík og hjá Grunnvíkingum auk annarra tilefna. Bókin hefur að geyma nokkuð af þeim kveðskap.

Megin efni bókarinnar er hins vegar bernskuminningar hans frá árunum fyrir fermingu þegar hann var að alast upp í Skálavík og Bolungavík. Hann greinir frá veru sinni á fjórum sveitabæjum í nágrenni Bolungavíkur og inni í Djúpi þar sem hann tók þátt í sumarstörfum í sveit auk þess að vera mjólkurpóstur. Bókin er til sölu hjá höfundinum og útgefanda. *– smari@bb.is*

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 72075 12/14

Á jólunum viljum við að gleðin sé við völd. Við viljum halda í hefðirnar og vera í faðmi fjölskyldu og vina. Á stað sem okkur er kær. Heima hjá okkur.

Stundum flækist lífið fyrir fögrum fyrirheitum. Áætlanir breytast. Rétt eins og lífið. Þá aðlögum við okkur. Við getum pakkað jólunum niður og flutt þau þangað sem hjartað slær. Flogið yfir fjöll og höf og búið okkur til nýjar hefðir þar sem ástvinir okkar eru.

Gleðilega hátíð.

+ icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

Orkubú Vestfjarða.

Verulegar hækkanir á ótryggri orku

Landsvirkjun hefur tilkynnt um verulega verðhækkun á ótryggri orku. Kristján Haraldsson, Orkubússtjóri, segir að vöruflokkurinn sem Landsvirkjun sé að hækka, sé ekki stór partur af orkusölu Orkubús Vestfjarða, en kalkþörungaverkmiðjan á Bíldudal og Hólmadrangur á Hólmavík hafa keypt þessa orku. Hitaveitur Orkubúsins eru keyrðar með ótryggri orku en Kristján segir að um hitaveiturnar gildi sérsamningar.

„Hækkanir þar eru mun minni og óverulegar en það breytast og herðast skilmálar á kaupum á ótryggri orku til hitaveitna og þessi markaður verður sífellt flóknari. Þessi vöruflokkur sem er að hækka, svokallaðar mánaðarblokkir, hækkaði um 58% milli ára. Það er stórt stökk, en þess bera að geta að þetta hefur verið mjög ódýr orka. Við mótmæltum hækkuninni og lögðum til við Landsvirkjun að hækka verðin á nokkrum árum en ekki í einu stökki," segir Kristján.

Aðspurður hvort Orkubúið óttist ekki hækkanir á verðum á ótryggri orku til hitaveitna í framtíðinni, segir Kristján að sá ótti sé vissulega fyrir hendi. „Af þeim sökum erum við að skoða aðra möguleika eins og varmadælur fyrir hitaveitur. Til að setja þetta í samhengi þá var ótrygg orka skert í einn og hálfan mánuð síðasta vetur og við þurftum illu heilli að kynda katla með olíu og það kostaði Orkubúið 200 milljónir króna aukalega," segir Kristján. *– smari@bb.is*



Fjárhagsáætlun samþykkt

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar var samþykkt á fundi bæjarstjórnar í síðustu viku. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við atkvæðagreiðsluna og var hún samþykkt með atkvæðum meirihluta Í-listans auk þess sem Marzellíus Sveinbjörnsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins, greiddi áætluninni atkvæði. Daníel Jakobsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, bar upp breytingartillögu þess efnis að fjárfestingar á næsta ári yrðu minnkaðar um sem nemur 150 milljónum króna og yrðu ekki hærri en 500 milljónir króna. Í-listinn og Framsókn felldu tillögu sjálfstæðismanna.

Í greinargerð með breytingartillögu sjálfstæðismanna segir að miðað við fjárfestingaráætlun næsta árs og afgang fjárhagsáætlunar þurfi að fara í 626 milljóna króna lántöku til að fjármagna fjárfestingar. Í bókun Marzellíusar kom fram að mikil þörf hafi myndast á viðhaldi á eignum sveitarfélagsins eftir mikinn niðurskurð á síðustu árum. Í bókuninni segir að fjárhagsáætlunin sé í meginatriðum ásættanleg og Framsóknaflokkurinn samþykki hana með það að leiðarljósi að gætt verði mikils aðhald á árinu 2016.

Á síðasta kjörtímabili ríkti að mestu einhugur um fjárhagsáætlun í þrjú skipti af fjórum var fjárhagsáætlun samþykkt einróma. Kristján Andri Guðjónsson, bæjarfulltrúi í-listans, bókaði fyrir hönd bæjarfulltrúa Í-listans að þeim þætti það miður að sjálfstæðismenn hafi ekki samþykkt áætlunina. *– smari@bb.is*

Sveitarstjórnarmenn hissa á tillögunum

Um fátt var meira rætt um síðustu helgi en róttækar tillögur norðvesturnefndar forsætisráðherra. Formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga og bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar eru sammála um að tillögurnar komi á óvart. Nefndin leggur til að skipastarfsemi Landhelgisgæslunnar verði flutt til Skagafjarðar og höfuðstöðvar RARIK verði fluttar til Sauðárkróks ásamt fleiri tillögum. Ríkisstjórnin samþykkti í maí að skipa sérstaka landshlutanefnd fyrir Norðurland vestra sem á að koma með tillögur um hvernig efla megi byggðaþróun og fjárfestingar og fjölga atvinnutækifærum á svæðinu. Formaður nefndarinnar er Stefán Vagn Stefánsson, oddviti Framsóknarflokksins í Skagafirði. Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi og aðstoðarmaður forsætisráðherra, er einnig starfsmaður nefndarinnar, sem starfar í umboði Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra.

Í samtali við fréttastofu RÚV í gær sagði Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga og forseti bæjarstjórnar í Vesturbyggð, að tillögurnar séu rótttækar og komi á óvart. Miklum tíma hafi verið eytt á Vestfjörðum í sóknaráætlun landshlutaverkefnis ríkisins og verið sé að velta fyrir sér hvort það haldi áfram. „Við höfum auðvitað áhyggjur af því hvað verður um það það verkefni ef þetta er líka ný aðferðafræði munu auðvitað í auknum mæli horfast til þess að krefjast þess að það verði búnar til svona svæðanefndir fyrst það er tekið svona vel í þetta," sagði Friðbjörg.

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, kallar eftir því að sambærileg nefnd verði sett á laggirnar fyrir eflingu á Vestfjörðum. „Við sjáum að þessi landshlutar, Norðvesturland og Vestfirðir, eru bæði landshlutar sem hafa átt mjög í vök að verjast og það sem Vestfirðir hafa svo þar umfram eru mjög erfiðar samgöngur, þannig að það er svona eins og að byrja næst neðst að byrja á Norðvesturlandi. Það kemur á óvart að það séu settar fram svona drastískar hugmyndir áður en að búið sé að líta heilt yfir," sagði Gísli Halldór í samtali við fréttastofu RÚV.

– smari@bb.is

Við elskum jólin

NÝTT KORTA TÍMABIL

JÓLAVÖRUR

20-50% afsláttur

ALLT JÓLASKRAUT OG SERÍUR

Jólatúlípanar
1.490 kr
10 stk.

Rafhlöðuborvél
12.995 kr
~~16.995~~
Black&Decker EPC14CAB
2 rafhlöður 14.4 V
5246006

Russell Hobbs
Matvinnsluvél
16.425 kr
~~22.990~~
Illumina
1840079
25% afsláttur RUSSELL HOBBS

Hraðsuðukanna
7.990 kr
~~10.790~~
Chester, 1.7 ltr
1840058
25% afsláttur RUSSELL HOBBS

Hraðsuðukanna
11.99 kr
~~11.599~~
Non-stick, á allar hellur, 28 cm
2006503
30% afsláttur AF PÖNNUM

Gönguskór
11.999 kr
Stærðir 36-46
5872406-07

Glasasett
30 stk
2201165
aida daily design
Glasasett
4.999 kr
~~8.999~~

Leiðisgreinar
1.990 kr

Afgreiðslutími til jóla
Húsasmiðjan Ísafirði

Laugardagur	20. des	10-18
Sunnudagur	21. des	12-18
Mánudagur	22. des	09-18
Þorláksmessa	23. des	09-22
Aðfangadagur	24. des	09-12

JÓLAGJAFIR Á GÓÐU VERÐI

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

*AFSLÁTTUR gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar og tilboðsvörum.

Eitthvað varð til þ

að ég sótti um á Ís

Hlynur Snorrason kom til Ísafjarðar tvítugur að aldri síðla árs 1983 og ætlaði að vera hér í löggunni bara þann vetur. En margt fer öðruvísi en ætlað er; hér hitti hann stúlku og hér er hann enn og þau bæði, meira en þrjátíu árum seinna. Hann er að vísu ennþá í löggunni en núna er hann yfirlögregluþjónn á Vestfjörðum.

Ekki er langt síðan það kom ýmsum spánskt fyrir sjónir að sjá Hlyn Snorrason allt í einu kallaðan Hlyn Hafberg Snorrason. Ástæður þess má rekja bæði til dóttur hans og afa, eins og gerð verður grein fyrir hér á eftir.

Fyrir aðeins tveimur vikum var mynd af Hlyni á forsíðu Bæjarins besta. Þar stendur hann brosandi fyrir dyrum lögreglustöðvarinnar á Ísafirði og ræðir við hóp fólks sem þar kom saman til friðsamlegra mótmæla vegna tiltekins atburðar. Líka meira um það hér síðar.

Í þessu viðtali verður komið víða við og farið úr einu í annað sitt á hvað og fram og aftur í tímaröð, hvort heldur eru persónulegustu mál eða það sem varðar starfið og það sem þar er við að fást. En byrjum á tildrögum þess að Hlynur Snorrason kom til Ísafjarðar á sínum tíma og hvernig það bar til að hann hitti verðandi eiginkonu sína í fyrsta skipti.

„Ég hafði verið að leysa af í lögreglunni í Reykjavík sumarið 1983. Ég ætlaði að fara í lögregluna einhvers staðar úti á landi um veturinn, koma síðan aftur í lögregluna í Reykjavík um vorið og fara svo í Lögregluskólann. Ég var hvattur til að prófa að vera líka úti á landsbyggðinni. Þegar komið var fram á vetur sá ég auglýstar stöður á tveimur stöðum á landinu, í Vestmannaeyjum og á Ísafirði.“

Prjónuðu lopapeysu á strákinn

„Eins og ég hef stundum sagt, þá hef ég aldrei skilið hvers vegna ég sótti um hérna á Ísafirði. Það hefði verið miklu nær fyrir mig að sækja um í Vestmannaeyjum, eiginlega í túnfætinum þar sem ég ólst upp undir Eyjafjöllum. Maður horfði út til Vestmannaeyja öll uppvaxtarárin og margir af mínum vinum og æskufélögum fóru þangað á vertíð og í fleiri störf og ílentust þar.

Ég vil nú meina að við stjórnum ekki alveg öllu, og eitthvað varð til þess að ég sótti um á Ísafirði en ekki í Vestmannaeyjum. En þegar ákveðið var að ég færi til Ísafjarðar báðu mamma og systir mín guð að hjálpa sér og prjónuðu á mig lopapeysu.

Ég þekkti ekki nokkurn mann á Vestfjörðum og hafði aldrei hingað komið. En Pétur Kr. Hafstein sýslumaður réð mig, var þá sjálfur nýkominn hingað vestur. Eins og ég sagði ætlaði ég svo að fara aftur suður um vorið. En fljótlega kynnist ég Ölmu minni, og þá er nú sagan sögð!“

Eiginkona Hlyns er Alma Björk Sigurðardóttir stuðningsfulltrúi við Grunnskólann á Ísafirði, upprunnin á Ísafirði. Foreldrar hennar Róslaug Agnarsdóttir og Sigurður Ólafsson, best þekktur sem Bíi.

Börn Ölmu og Hlyns eru þrjú, fædd á árabilinu frá 1985 til 1994. Elst er Tinna Hrund, svo Einar Ægir, og yngst er Helga Þuríður. Síðan á Hlynur tvo afadrengi, Baltasar Goða Hafberg, fimm ára, og Hektor Jaka Hafberg, rúmlega eins árs.

„Afadrengirnir mínir búa hér á Ísafirði. Ég er Guði þakklátur fyrir þá, sem og börnin mín og eiginkonu og önnur slík verðmæti sem mér hafa hlotnast í lífinu.“

Alma frænka lenti í löggunni

– Hvernig kynntust þið Alma?

„Þannig var, að hún lenti í fremur saklausu umferðaróhappi hérna á Ísafirði. Ég var sendur í það útkall og þar sá ég hana fyrst. Svo hitti ég hana við aðrar aðstæður seinna og kynnin urðu nánari. Mér var sagt seinna að skyldfólki hennar í Skagafirðinum hefði brugðið þegar það heyrði að Alma frænka hefði lent í löggunni. En einhvers staðar verður fólk að hittast í fyrsta sinn!“

– Bíllinn þinn vakti athygli á götum Ísafjarðar fyrsta veturinn þinn hér.

Hlynur hlær. „Þegar ég flutti hingað vestur hafði ég keypt mér fjögurra eða fimm ára gamlan Range Rover, þótti nú helvíti bratt á þeim tíma hjá ungum dreng.

En þess ber að geta, að ég hef aldrei reykt og aldrei drukkið áfengi, ekki eytt aurunum mínum í slíkt, og með ráðdeild og lánum tókst mér að kaupa þennan bíl. Á þessum tíma var enginn þannig bíll á Ísafirði og það vakti nokkra athygli að tvítugur strákur væri að spóka sig á Range Rover.“

Kom í minn hlut að vera bílstjóri

Hlynur tekur fram, að hann hafi aldrei verið fanatískur varðandi áfengi.

„Foreldrar mínir drukku heldur aldrei eða reyktu og ekkert af systkinum mínum hefur gert það. Samt var þetta eiginlega aldrei rætt á heimilinu, ég hef oft hugsað um það síðar. Það voru aldrei predikanir eða bann eða neitt af því tagi, bara hvatning að lifa heilbrigðu lífi og reyna að vera hamingjusamur og sáttur við lífið.

Vinir mínir og félagar neyttu flestir áfengis og margir reyktu, en ég gat samt alltaf skemmt mér með þeim og geri það enn í dag. Það kom því alltaf í minn hlut að vera bílstjóri þegar böllin voru sótt á Kirkjubæjarklaustur, Leikskála í Vík, Gunnarshólma, Njálsbúð eða Hvol. Maður hætti sér ekki út í Árnessýslu á þessum árum.“

Að alast upp við öryggi og hlýju

Hlynur ólst upp við góða blöndu, eins og hann segir, ástríki foreldranna, hlýju og hvatningu, en einnig aga og leiðbeiningu um að maður fái ekkert sjálfkrafa.

„Þannig var ég hvattur til að vinna fyrir því sem ég vildi eignast. Eftir því sem árin líða og maður sér margt, ekki síst í vinnunni, þá verð ég alltaf þakklátari og þakklátari foreldrum mínum og systkinum mínum þremur, sem öll eru töluvert eldri en ég.

Ég þekki marga sem ekki áttu þess kost að alast upp í því öryggi og þeirri hlýju sem ég naut. Slíkt markar viðkomandi alla tíð og oft smitar það síðan áfram til barnanna. Ég held að ef við ætlum að bæta heiminn, þá hljóti mikilvægi barnauppeldis að vera stór þáttur í því.“

Ræðinn og feiminn í senn

Maður sem þekkir Hlyn Snorrason vel segir að hann sé fylginn sér, líka að hann sé mjög ræðinn og spjalli við helst alla sem á vegi hans verða. Hvað segir hann um þetta sjálfur?

„Það er að minnsta kosti alveg rétt að ég sé ræðinn. Mér finnst mjög gaman að kynnast fólki. Samt er ég mjög feiminn. Kannski getur það stundum virkað á ókunnuga við fyrstu kynni eins og ég sé eitthvað lokaður eða telji mig yfir aðra hafinn, en það er öðru nær.“

Hann er sáttfúsasti maður sem ég hef kynnst og hann er sannarlega vinur vina sinna, sagði þessi sami maður um Hlyn.

„Um þetta get ég svo sem ekki dæmt sjálfur,“ segir hann.

Forvarnastarfið rekur rætur aftur til 1996

– Þú byrjaðir snemma að vinna að forvörnum vegna fíkniefna og varst vegna þeirra starfa kjörinn Vestfirðingur ársins 2002. Hvert var upphafið að þessu hjá þér og VáVest-hópnum?

„Vinna mín að vímuefnaforvörnum er engan veginn til komin vegna þess að ég hafi horft upp á neinn mér nákominn sem alkóhólista eða í fíkniefnum eða neitt slíkt. Það var ekki fyrr en ég byrjaði í lögreglunni sem ég fór að verða áþreifanlega var við fíkniefni. Alla tíð síðan hef ég kynnst hjá fólki miklum erfiðleikum sem eru fylgifiskur neyslunnar.

Það er hins vegar ekkert lögmál að sumt ungt fólk þurfi að lenda í vandræðum vegna áfengis eða fíkniefnaneyslu. Það er drifkrafturinn sem hefur knúið mig áfram í forvarnastarfinu,“ segir hann.

„Segja má að forvarnastarfið sem ég hef tekið þátt í eigi rætur að rekja til ársins 1996. Kristni Breiðfjörð skólastjóra hér á Ísafirði og Rúnari Vífilssyni skólafulltrúa ofbauð sá iðnaður varðandi þessi mál sem kominn var af stað hjá fyrirlesurum og leikurum og fleirum. Það voru búnir til leikþættir fyrir börn og ungmenni sem áttu að sannfæra þau um að nota ekki áfengi eða fíkniefni. Þessir leikhópar voru að hringja út um allt land og bjóða fjárvana foreldrafélögum þjónustu sína.

Árið 1996 kom einn svona hópur hingað vestur. Það var búið að safna fyrir þessum leikþætti, sem var sýndur í eitt skipti fyrir nemendur hér á Ísafirði. Virkilega flott stykki, ég sá það og hreifst mjög af. En þessi eina heimsókn varð til þess að allir sjóðir sem hægt var að hugsa sér voru þurrausnir. Ein sýning og krakkarnir mundu eftir þessu í nokkra daga á eftir. Þeim Kristni og Rúnari fannst að hægt væri að gera eitthvað skynsamlegra við peningana, til dæmis að búa til einhvern hóp sem gæti unnið að þessum málum til lengri tíma.“

Einn eftir af stofnendunum

„Einhverra hluta vegna hringja þeir í mig og fleiri og spyrja hvort ég og nokkrir aðrir værum til í að vera í svona hópi. Meðal annars höfðu þeir samband við Helgu Dóru Kristjánsdóttur í Tröð í Önundarfirði og Margréti Stefánsdóttur sem þá var hjúkrunarfræðingur í Bolungarvík og Rósu konu Kjells Hymer í Holti.

Við hittumst nokkrum sinnum og deildum sömu áhyggjum og

oess
safirði

stofnuðum þennan hóp, sem síðan hefur verið kallaður Vá-Vest-hópurinn. Við settum okkur það markmið að vinna að vímuefnaforvörnum á norðanverðum Vestfjörðum og ég hef verið verkefnastjóri þessa hóps frá 1996.

Síðan er þessi hópur búinn að endurnýja sig alloft. Núna er ég einn eftir af stofnendunum, en eftir sem áður er í þessum hópi einvalalið, Margrét Geirsdóttir, Margrét Halldórsdóttir, Benedikt Sigurðsson, Pétur Markan og Stella Hjaltadóttir. Þetta forvarnastarf hefur verið mjög gefandi. Gamla Apótekið sem starfaði hér um tíma var afsprengi þessa hóps.“

Illgresi í fallegum garði

„Einhver líkti fíkniefnameðhöndlun, neyslu eða dreifingu, við illgresi í fallegum garði með fallegum grasbletti og blómabeðum. Það þarf að hafa gott eftirlit með því að illgresið nái ekki fótfestu á kostnað annars gróðurs. Það þarf stöðugt eftirlit og stöðuga umhirðu.

Vissulega gæti einhver sagt hér, að neysla eins eigi ekki að koma öðrum við. En það er alls ekki svo einfalt. Um fíkniefni gilda þessi venjulegu markaðslögmál. Ef eftirspurn er fyrir hendi eru alltaf einhverjir sem eru tilbúnir að sjá um framboðið. Og ef einhver er á annað borð farinn að sjá um framboðið, fíkniefnadreifinguna, þá er alveg ljóst að sá hinn sami vill auka söluna og reynir þá að fjölga í hópi kaupenda. Þá er ekki spurt um aldur kaupenda eða um siðferði.

Forvarnir eru stór þáttur í þessari vinnu, en það þarf líka að vinna á framboðinu og þar koma tollgæslan og lögreglan til skjalanna.“

Foreldrar og systkini

Olga Hafberg móðir Hlyns á heima í Reykjavík en Snorri Jónsson faðir hans, íþrótta- og smíðakennari, sem var borinn og barnfæddur Siglfirðingur, dó fyrir nokkrum árum. Þau áttu heima að Skógum undir Eyjafjöllum (Skógaskóla) og þar ólust Hlynur og systkini hans upp.

Hlynur er langyngstur fjögurra systkina. Elst er Olga Guðrún Snorradóttir, grunnskólakennari í Garðabæ, síðan er Engilbert Ólafur Hafberg Snorrason, tannlæknir í Hafnarfirði, og þriðji í röðinni er Jón H. B. Snorrason lögfræðingur, aðstoðarlögreglustjóri hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og saksóknari hjá því embætti.

Seldi eldhúsinnréttingar og vann í fiski með skólanum

Eins og vonlegt er var Hlynur í Skógaskóla og fór síðan í Menntaskólann við Sund.

„Ég var þessi dæmigerði „droppát-nemandi“ og kláraði ekki stúdentinn, hreinlega út af námsleiða eða einhverju slíku. Ég var að vinna í hinu og þessu með skólanum, þar á meðal í fiski og við að selja eldhúsinnréttingar, þannig að á endanum var ég meira að vinna en í skóla.

Þegar ég var tvítugur bauðst mér sumarstarf í lögreglunni í Reykjavík og kom svo vestur á Ísafjörð um haustið. Áður var ég að vinna á sumrin í símaflokki austur í Mýrdal.“

Afar og ömmur og nafnið Hafberg

Fyrstir báru ættarnafnið Hafberg þeir Engilbert Hafberg kaupmaður, afi Hlyns, og bræður hans, þeir Friðrik, sem bjó lengi á Flateyri og eignaðist afkomendur þar, og Helgi.

„Þeir tóku upp þetta ættarnafn árið 1916, þann dag sem seinna varð afmælisdagurinn minn, 28. febrúar. Síðan hafa margir afkomendur þeirra borið það nafn. Ég var reyndar ekki skírður Hlynur Hafberg, en dóttir mín vildi endilega taka þetta upp. Til þess að hún mætti það varð ég að gera það líka þannig að þarna yrði ekki rof.

Engilbert Hafberg afi Hlyns keypti Viðey árið 1937 og hóf sjálfur búskap í eyjunni vorið eftir og hafði þar ráðsmenn. Jafnframt rak hann áfram og allt til dauðadags árið 1949 verslunina Tóbakshúsið í Austurstræti 17 í Reykjavík. Engilbert var auglýsingastjóri Morgunblaðsins í þrettán ár eða þar til hann fluttist út í Viðey. Hann stofnsetti Auglýsingaskrifstofu Íslands, sem hann rak um árabil, og gaf út fyrsta auglýsingablaðið hér á landi sem dreift var ókeypis. Það hét Pósturinn og kom út í mörg ár.

Amma Hlyns Snorrasonar og eiginkona Engilberts, Olga Magnúsdóttir úr Stykkishólmi, dó af barnsförum þegar móðir Hlyns fæddist, en þá voru börnin orðin fimm. Olga móðir Hlyns var um átta ára aldur þegar faðir hennar flutti með börnin í Viðey og þar átti hún heima næsta áratug ævinnar.

„Ég er líka afar stoltur af uppruna mínum sem tengist Siglufirði, þaðan sem pabbi var“, segir Hlynur. „Afi á Siglufirði hét Jón Anton Gíslason, skipstjóri og bátasmiður, ættaður úr Fljótum, og amma hét Helga Jóhannesdóttir, úr Sléttuhlíð í Skagafirði. Bróðir minn og frændi keyptu húsið sem þau byggðu sér árið 1916 við Suðurgötuna á Siglufirði. Þar ólu þau upp sín átta börn, sex stúlkur og tvo drengi. Þangað hafa safnast saman aftur margir af þeim húsmunum sem tilheyrðu búi ömmu og afa.

Það er ólýsanleg tilfinning að fá, á miðjum aldri, að rifja upp yndislegar stundir hjá ömmu og afa á Siglufirði öll sumrin. Pabbi og mamma heimsóttu okkur hingað á Ísafjörð nokkrum sinnum á ári hverju og alltaf talaði hann um að Ísafjörður minnti sig á Siglufjörð. Það fannst mér gott, góð tilfinning.

Þá eru Eyjafjöllin mér afar kær, sem og Vestur-Skaftafellssýslan.“

Tók við af Önundi fyrir tveimur árum

Hlynur Snorrason tók við starfi yfirlögregluþjóns á Vestfjörðum síðla árs 2012 af Önundi Jónssyni, sem þá lét af starfi vegna aldurs. Fyrst eftir komuna til Ísafjarðar starfaði Hlynur sem óbreyttur lögreglumaður en fór síðan í Lögregluskólann.

„Þá flytjum við suður, vorum þá búin að eignast elsta barnið. Ég klára skólann vorið 1986, er svo fyrst áfram óbreyttur lögreglumaður en síðan varðstjóri, tek svo við rannsóknardeildinni árið 1988 og starfa þar þangað til ég tek við af Önundi.“

Hlynur lætur afar vel af Önundi forvera sínum.

„Hann er mjög góður maður og hann var mjög góður stjórnandi. Það er alveg óhætt að segja að ég hafi tekið við góðu búi þegar ég tók við af honum.

Í þessu sambandi má líka nefna, að lögregluembætti víða um landið hafa átt við hallarekstur að etja ár eftir ár. Embættið hérna hefur hins vegar alltaf verið á núllinu, aldrei verið í mínus. Óli Lú sem hefur verið hérna skrifstofustjóri alveg frá 1985 hefur auðvitað verið þar betri en enginn. Hann er reyndar að hætta núna vegna aldurs.“

Erfiðustu stundirnar í starfinu

– Hvað er það erfiðasta í starfi lögreglumannsins, hvað tekur mest á?

„Það erfiðasta er að koma að einhverjum hörmungum, svo sem ótímabærum andlátum, hvort sem það eru slys eða eitthvað annað. Sérstaklega eru allir viðkvæmir fyrir því þegar um börn og ungt fólk er að ræða. Og varðandi þessa spurningu væri einkennilegt ef ég nefndi ekki snjóflóðin mannskæðu sem féllu hér á norðursvæðinu fyrir bráðum tveimur áratugum.

Svo má líka nefna mannlega harmleiki þegar einhver brýtur alvarlega af sér og bregst þannig sínum nánustu. Það er sannarlega ekki góð tilfinning heldur. Þar á ég ekki við brot gagnvart fjölskyldunni heldur að hún situr eftir í sárum þegar einhver innan hennar gerir sig sekan um alvarlegt afbrot.“

– Lögreglan lendir oft í aðstæðum sem fáar aðrar stéttir búa við.

„Já, þannig getur hún á sama tíma verið að reyna að ná tökum á ástandi, það er að fyrirbyggja að fólk skaði sjálft sig eða aðra, hvort heldur með barsmíðum, hnífum eða skotvopnum, og um leið að verjast og bjarga eigin lífi. Vissulega eru stéttir eins og til dæmis læknar og sjúkraflutningsmenn og fleiri oft í þeim aðstæðum að vera að bjarga lífi. Þeir lenda hins vegar sjaldnast í þeim aðstæðum að vera á sama tíma að varna því að viðkomandi skaði sig eða aðra og jafnframt á sama tíma að verjast árásum og bjarga sínu eigin lífi.“

Fámennari staðir ólíkir höfuðborgarsvæðinu

– Samskipti við fólk eru stór þáttur í starfi lögreglunnar ...

„Lögreglan er alltaf að bæta sig á öllum sviðum og mér finnst okkur ganga almennt vel. Hér erum við með mjög gott lið, lögregluna á Vestfjörðum, sem telur tuttugu lögreglumenn af báðum kynjum, auk héraðslögreglumanna, sem eru alls níu talsins í dag.

Reynsla mín er sú, að lögreglumaður sem á erfitt með samskipti verður ekki lengi í lögreglunni. Mest reynir á þessa eiginleika hjá lögreglumönnum á fámennari stöðum. Hér í fámenninu þekkja flestir lögreglumennina með nafni og oft fjölskyldur þeirra. Í höfuðborginni hins vegar þekkjast einstaklingar vart úr hópnum. Þá er þá talað um „lögregluna á höfuðborgarsvæðinu“ en ekki „Jón löggu“, svo ég taki dæmi.

Ég get fullyrt að samstarfsfólk mitt í lögreglunni á Vestfjörðum er áhugasamt og metnaðarfullt og vill gera vel. Ég tel þetta lið skipa sér í hóp þeirra lögregluliða sem teljast til best þjálfuðu liða landsins, og reynslan sýnir að það getur tekist á við ólík verkefni, jafnt stór sem smá.“

Stundum eru menn fljótir að dæma

– Hér í upphafi var vikið að myndinni af þér á forsíðu Bæjarins besta fyrir hálfum mánuði þegar efnt var til mótmæla við lögreglustöðina á Ísafirði út af ákveðnum atburði nokkru áður.

„Auðvitað er öllum frjálst að tjá skoðanir sínar og það var ekkert að þessum friðsamlegu mótmælum. Allt var þetta gott fólk sýndist mér og með góðan hug.

En almennt og að öðru leyti get ég sagt að mér finnst merkilegt, og hefur alltaf fundist, hversu margir þurfa ekki sannanir eða neitt annað en orðróm götunnar til að dæma. Margir af þessum dómurum hika ekki við hástemmdar yfirlýsingar um ástæður og að aðgerðir hafi verið rangar eða ósæmilegar, svo ekki sé sterkara til orða tekið.

Maður veltir fyrir sér hvað héraðsdómarar og hæstaréttardómarar eru oft að vandræðast lengi með úrlausn mála, með öll sín skjöl og sönnunargögn í höndunum, fyrst dómarar götunnar þurfa ekki slík hjálpartæki til að dæma.“

Fjárveitingavaldið setur þröngar skorður

– Einhverjir hafa sagt að rannsókn mála við embættið hér gangi stundum óeðlilega hægt. Hvað er hæft í því?

„Við eins og önnur lögreglulið reynum að forgangsraða málum eftir því hversu alvarleg þau eru. Alvarleikastigið skiptir miklu máli í forgangsröðuninni. Síðan geta ýmsar aðstæður haft áhrif á þetta. Fjárveitingavaldið setur okkur þröngar skorður. Til dæmis gerir það ekki ráð fyrir óvæntum og langvinnum veikindum starfsmanna, sem hafa vissulega haft sín áhrif hjá okkur hvað hraðann á rannsókn mála varðar, eins og einhverjir vita.

Þegar slíkt kemur upp eigum við aðeins tvo kosti, annars vegar að ráða menn í staðinn og halda fullum dampi og fara fram úr fjárheimildum, og hins vegar að ráða ekki í staðinn og reyna heldur að auka álagið á þeim sem fyrir eru, eins og við höfum gert. Þá hægist auðvitað á öllu. Við höfum nú heldur betur heyrt þingmenn tala um að þeir sem bera ábyrgð á rekstri ríkisstofnana og fara fram úr fjárheimildum ættu að finna sér eitthvað annað að gera. Það er dálítið erfitt að vera í þeirri stöðu.“

Skotvopn öryggistæki sem vonandi þarf ekki að nota

– Skotvopn lögreglunnar voru mjög til umræðu í samfélaginu fyrir skömmu ...

„Mér finnst eins og umræðan hafi þróast í þá átt að til hafi staðið að lögreglumenn myndu ganga með vopn. Því fer víðs fjarri, enda er það alls ekki vilji íslenskra lögreglumanna að ganga með vopn. En hins vegar er eðlilegt að lögreglan hafi aðgang að vopnum.

Það er mikill barnaskapur að telja að það sem hefur verið að gerast undanfarið úti í heimi og jafnvel í Skandinavíu, í löndum sem við berum okkur oft saman við, muni ekki gerast hér á landi. Það væri ábyrgðarleysi af yfirvöldum ef íslenska lögreglan væri ekki undir slíkar aðstæður búin, bæði hvað verkfæri og þjálfun varðar.

Og varðandi lögregluna á Vestfjörðum sérstaklega: Í ljósi fjarlægðar sérsveitar þarf lögregluliðið hér að vera vel í stakk búið að takast á við útköll og aðstæður sem sérsveit er annars kölluð í, eins og á höfuðborgarsvæðinu.

Ég vil líta á skotvopn lögreglunnar, hvort sem það eru skammbyssur sem við höfum haft í mörg ár eða önnur skotvopn, sem hliðstæðu við björgunarbát á skipi. Auðvitað er hafður björgunarbátur um borð, hann er öryggistæki. Skipstjórinn gætir þess að hann sé í lagi og alltaf tilbúinn, hann þjálfar mannskapinn til að nota hann, en vonar jafnframt innilega að aldrei þurfi að nota hann.“

Haltur leiðir blindan

Fáðu þér áskrift! 365.IS

Fyrir einum sex árum var sagt frá því í Bæjarins besta, að félagarnir Hlynur Snorrason, Guðmundur Ásgeirsson og Sigurður Gunnarsson skipi hljómsveitina Haltur leiðir blindan og spjallað við þá. Aðspurðir sögðu þeir hljómsveitina meira hugsaða sem félagsskap, en þeir hefðu það fyrir reglu að hittast alltaf á miðvikudagskvöldum í bílskúrnum hjá Hlyni og leika tónlist saman, tvo tíma í senn. Nú má spyrja: Eru þeir félagarnir enn að spila saman?

Hlynur segir að þeir beri það nú við enn í dag, og enn í bílskúrnum hjá honum. Barði Önundarson hafi bæst við sem trommarinn í bandinu. Æfingum hafi reyndar fækkað aðeins en alltaf standi nú til að setja svipaðan kraft í þær og áður var.

„Við munum ná vopnum okkar á ný," segir hann.

„Guðmundur Ásgeirsson er mikill söngfugl úr Bolungarvík, sem býr hérna við sömu götu og ég. Ég hafði hins vegar aldrei sungið svo mikið sem hálft lag, en ég dró hann til Bryndísar Friðgeirsdóttur til að læra á gítar.

Nafnið Haltur leiðir blindan kemur til af sérstökum ástæðum. Ég hafði aldrei sungið áður en við Gummi fórum að glamra saman en var búinn með eitt námskeið á gítarinn umfram hann. Honum fannst ég þess vegna vera skrefi á undan í gítarleik, sem ég gef reyndar ekki mikið fyrir, en mér fannst hann vera mörgum stigum ofar í söng. Þannig er nafnið á bandinu til komið. "

– Bílskúrsbönd hafa verið orðlögð fyrir hávaða. Nágrannarnir hafa ekki sent lögguna á ykkur?

„Að vísu ekki enn sem komið er. Fólk hefur nú verið að gera því skóna að hús hérna við hliðina sem er búið að vera á sölu í nokkra mánuði seljist ekki bara út af þessu. Ég ætla samt ekki að taka það á mig. En ég auglýsi eftir góðum nágrönnum. Gullfallegt hús og flott."

Nei, elsku kallinn minn, þú átt að vera í fyrsta bassa!

„Ég hef nú stundum verið að reyna að koma mér upp einhverjum áhugamálum. Núna fyrir fáeinum árum fékk ég hringingu frá Þorsteini Jóhannessyni yfirlækni, sem sagði að hann vildi að ég kæmi á karlakórsæfingu. Þá hafði ég ekki ennþá sungið heilt lag, hló bara að þessu og sagði Þorsteini að hann hefði greinilega hringt í skakkt númer.

Þorsteinn er mjög ákveðinn maður og sagði að ég skyldi mæta klukkan átta tiltekið kvöld. Ég spurði hvort þetta væri samkvæmt læknisráði og hann sagði að ég skyldi bara taka það þannig. Síðan mæti ég þarna, frekar feiminn, ég er nú feiminn að eðlisfari eins og ég sagði, og Þorsteinn kallar í Bjarna Jó endurskoðanda og segir: Stattu við hliðina á honum og hjálpaðu honum af stað. Mér gekk þokkalega fyrst að elta hina þarna á æfingunni, en svo týndi ég þeim alltaf, ég komst ekki nógu hátt.

Þegar æfingin er að verða búin kallar stjórnandinn Beata Joó á mig og spyr hvernig mér hafi fundist og hvort mér hafi ekki liðið vel. Jú, mér leið vel, en þeir skildu mig bara alltaf eftir þegar þeir fóru að taka á því. Þá settist hún við píanóið og raddprófaði mig og sagði svo: Nei, elsku kallinn minn, þú átt að vera í fyrsta bassa! Þorsteinn er hins vegar í öðrum tenór og þar vantaði rödd og þá bara lét hann mig þar. Þorsteinn er ákafamaður og vissi auðvitað ekkert hvernig rödd ég hafði.

En að vera í kórnum í þessum félagsskap, það er nokkuð sem ég hefði átt að gera fyrir mörgum árum. Þetta er afskaplega gaman og nærandi fyrir sálina. Ég hvet alla karla til að koma í kórinn eftir áramótin. Skemmtilegur félagskapur með Viðar Konn tannlækni í formennsku. Það er aldrei lognmolla í kringum þann eðaldreng."

Hvalskurður og fylltar kjúklingabringur

Tvisvar að undanförnu hefur Hlynur unnið í Hvalstöðinni í Hvalfirði á haustin.

„Núna í haust var ég þar í þrjár vikur að skera hval og vinna þar almennt sem verkamaður. Þar var unnið á átta tíma vöktum allan sólarhringinn. Mér finnst þetta afskaplega gott og mikil hvíld frá mínu venjulega starfi að vinna í svona gerólíku umhverfi. Ég komst ekki í fyrra en í hitteðfyrra var ég allt sumarfríið eða í fimm vikur. Ég hef vissulega í hyggju að halda þessu áfram."

– Ertu góður kokkur? Kanntu að matreiða fylltar kjúklingabringur?

Hlynur fær ekki varist hlátri. „Ekki veit ég hvar þú hefur eiginlega verið að leita upplýsinga um mig! Það er nú bara síðustu árin sem ég hef farið að máta mig eitthvað við eldamennsku.

Ég hef gaman af því, en sérhæfi mig í þremur réttum: Það eru fylltar kjúklingabringur, purusteik og fiskur í raspi. Svo kann ég nú ekki mikið meira!"

Jólin á lögreglustöðinni

– Hvernig eru jólin yfirleitt á lögreglustöðinni á Ísafirði?

„Það er búin að vera sólarhringsvakt hér á Ísafirði síðan 1982. Lengi framan af mátti ekki yfirgefa lögreglustöðina, það varð alltaf að vera að minnsta kosti einn inni á stöðinni til að taka við símhringingum. En á seinni árum eftir tilkomu farsímanna og tetra-talstöðvanna hefur þetta breyst. Þá geta menn yfirgefið stöðina í einhvern tíma en verið samt í tetra-samskiptum við Neyðarlínuna og Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar, og þess vegna er jólahátíðin orðin með aðeins breyttu sniði.

Þegar ég kom hingað árið 1983 var Finnbogi Hermannsson hér í afleysingum í lögreglunni, og vegna þess að ég var ekki með neina fjölskyldu, þá skiptum við Finnbogi á vöktum. Ég átti að vera í fríi um jólin en tók allar vaktirnar hans, líklega fjóra eða fimm daga í röð, en á meðan var hann í fríi með sinni fjölskyldu. Eftir áramótin tók hann svo mínar vaktir og ég gat farið suður og verið þar í nokkra daga að kynna mína kærustu.

Eins og gengur og gerist í viðbragðsstéttum er jólahátíðin ekki alveg eins og hjá flestum. Núna geta menn hins vegar frekar vikið frá en áður og verið með annan fótinn heima með fjölskyldunni."

Buðu óspektamönnum í nefið

– Úr því að þú minntist á Finnboga Hermannsson: Sagt var að þegar hann og Torfi Einarsson voru í lögreglunni á Ísafirði og voru kallaðir á vettvang út af einhverjum ölvunaróspektum, þá hafi þeir gjarnan tekið upp neftóbaksdósir og boðið í nefið. Þetta hafi haft mjög róandi áhrif á menn.

„Já, þeir voru báðir starfandi hér þegar ég kom og notuðu neftóbakið óspart. Torfi tók í vörina og Finnbogi í nefið. Hrafn Guðmundsson sem var hér í lögreglunni á þeim tíma tók líka mikið í nefið.

Þetta var á þeim tíma þegar fólk var mest í áfengi en lítið um ólögleg fíkniefni. Það er nú sjaldnast að ég hygg sem svona bragð myndi duga á fólk sem er í neyslu fíkniefna. Þetta ráð dugði vel en gerir það því miður ekki lengur. Þessir höfðingjar tóku vel á móti stráknum þegar hann kom hingað vestur."

Hér hefur mér liðið afskaplega vel

Hlynur Hafberg Snorrason sér ekki eftir því að hafa valið Ísafjörð á sínum tíma.

„Það hefur aldrei komið sú stund á þessum rúmlega þremur áratugum sem ég hef átt heima hér á Ísafirði að mig hafi langað til að flytja eitthvað annað. Þessi staður tók vel á móti mér og hér hefur mér liðið afskaplega vel."

Viðtal: Hlynur Þór Magnússon. Gleðileg jól!

markhönnun ehf

ALLT TIL JÓLANNA

HANGILÆRI

MEÐLÆTIÐ

UNG RJÚPU BRINGUR

skoskar-4stk

HAMBORGAR HRYGGUR

Opnunartími um jólin

	21.des	21.des	23. des	24. des	25. des	26. des	27.-30.	31. des	1.jan	2.jan
Akureyri	13-19		10-22	10-13		lokað	des	10-13		
Blönduós	10-18		10-22	10-13		lokað		10-13		
Bolungarvík	12-18		10-22	10-12		lokað		10-12		
Dalvík	10-18		10-22	10-13		lokað		10-12		
Grundarfjörður	hefðb.opn.	Hefðbun-	9-22	10-13		14-18	Hefðbun-	10-13		Hefðbun-
Hafnafjörður	hefðb.opn.	din	hefðb.opn.	10-14	Allar	lokað	din	10-14	Allar	din
Húsavík	hefðb.opn.	opnun	10-22	10-13	verslanir	lokað	opnun	10-13	verslanir	opnun
Ísafjörður	hefðb.opn.	í öllum	10-23	10-13	lokaðar	lokað	í öllum	10-14	lokaðar	í öllum
Neskaupsstaður	hefðb.opn.	verslu-	10-22	10-13	nema	lokað	verslu-	10-13	nema	verslu-
Ólafsfjörður	11-18	num	10-22	10-13		lokað	num	10-12		num
Selfoss	hefðb.opn.		hefðb.opn.	8-16	11-17	10-20		8-16	11-17	
Siglufjörður	11-19		10-22	10-13		lokað		10-13		
Skagaströnd	hefðb.opn.		10-20	10-12		lokað		10-12		

Samkaup úrval

www.Samkaupurval.is

Akureyri · Blönduós · Bolungarvík · Dalvík · Grundarfjörður · Hafnarfjörður · Húsavík
Ísafjörður · Neskaupstaður · Ólafsfjörður · Selfoss · Siglufjörður · Skagaströnd

Jólakötturinn forðast ljósmengun

Safnahúsið á Eyrartúni.

Árleg jólasýning Safnahússins á Ísafirði opnaði um þarsíðustu helgi. Þemað að þessu sinni eru jólavættir og umgjörð sýningarinnar var hönnuð af listamanninum Ómari Smára. Í lýsingu á sýningunni segir: „Þegar skammdegið er svartast eru ýmsar vættir á ferð sem ekki vilja sjást. Tröll, huldufólk, jólasveinar og jólakötturinn eru meðal þeirra en áður og fyrr þótti bæði tröllum og jólakettinum gott að fá mannakjöt í jólamatinn. Skammdegisvættirnar eru ævafornar, Grýla er t.d. nefnd í Snorra-Eddu þó ekki sé hún kennd við jól fyrr en á 17. öld. Jólasveinarnir hafa sýnt ótrúlega aðlögunarhæfni en þeir hafa á sinni löngu ævi breyst úr illum vættum í ljúfa karla sem gleðja börnin á aðventunni.“

„Já sýningin fjallar um jólavætti, skammdegisvættina eins og t.d. tröll, álfa, jólasveinana, Grýlu, Leppalúða og jólakötturinn,“ segir Jóna Símonía Bjarnadóttir. „Umgjörðin er hönnuð af Ómari Smára sem málaði salinn og sýningin er þannig að þú kemur inn í salinn en ert stödd úti fyrir framan torfbæ og hittir ýmsa vætti. Þetta er upplifunarsýning með sjónrænni, lyktrænni og hljóðrænni upplifun en ekki miklum texta. Skólahóparnir eru byrjaðir að koma og börnin eru mjög áhugasöm.“

Jóna Símonía tekur á móti gestunum og spjallar við þau um jól á fyrri tímum og jólavættina. „Við reynum að fá þau til að setja sig í spor þeirra sem lifðu á tímum þegar það var lítil birta og ekkert rafmang, eins og þegar það verður rafmagnslaust hjá okkur núna. Þá upplifa þau sjálf að vera í kolniðamyrkri og sjá ekki hvað er í kringum sig, og þannig koma skammdegisvættirnar og þess vegna sjáum við þau ekki í dag. Jólakötturinn kemur t.d. ekki vegna ljósmengunar. Ég segi þeim frá þessu og líka að það er ekki svo langt síðan fólk flutti úr torfbæjunum en fyrir börnin er birtan svo sjálfsögð. Og það er svo sniðugt hvernig þau upplifa gamalt, ég segi þeim t.d. að þegar ég var lítil voru ekki svo margir ljósastaurar og þess vegna myrkir staðir í bænum og þeirra huga verð ég þá svo gömul,“ segir Jóna Símonía og hefur greinilega gaman af að leiðbeina krökkunum um myrkur og undur fyrri tíma. *– sfg@bb.is*

Hollur hátíðarmatur

Íslenskur kalkúnn

KALKÚNN • 100% KJÖT • ÁN ALLRA AUKEFNA

Heslihnetu- og sveppafylling að hætti Reykjabúsins

- 150 g smjör
- 350 g nýir sveppir, niðursneiddir
- 200 g laukur, smátt saxaður
- 1 stilkur sellerí, smátt saxaður
- 1/2 búnt steinselja, smátt söxuð eða 2 msk þurrkuð
- 3-4 msk þurrkuð salvía
- 300 g skinka, smátt söxuð
- 100 g heslihnetur, ristaðar og sneiddar
- 150 g (u.þ.b. 3 bollar) brauðteningar
- 2 stór egg
- 2 dl rjómi
- 1/2 tsk salt
- 1 tsk ferskmalaður pipar

Bræðið smjör í stórum potti og látið sveppi og grænmeti ásamt steinselju, salvíu og skinku krauma í því í 10 mínútur eða þar til grænmetið er orðið mjúkt. Bætið þá heslihnetum og brauðteningum í pottinn og látið fyllinguna kólna lítillega. Hrærið þá eggjum og rjóma saman við og kryddið með salti og pipar. Má laga daginn áður og geyma í ísskáp þar til fylla á fuglinn.

Verði ykkur að góðu

Nonni og Selma

Reykjabúinu, Mosfellsbæ.

Holda kalkúnn frá Reykjabúinu fæst í flestum verslunum

Fleiri uppskriftir og eldunarleiðbeiningar á

kalkunn.is

Holda
KALKÚNN
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Glæsilegar jólagjafir

handunnið skart eftir Dýrfinnu Torfa

Gullauga
Dýrfinna Torfadóttir
gullsmiður og sjóntækjafræðingur
HAFNARSTRÆTI 4 • SÍMI 456 3460

Munið að velja Vestfirðing ársins!

Val á Vestfirðingi ársins fer nú fram á vefsvæði Bæjarins besta, bb.is, fjórtánda árið í röð. Lesendur síðunnar eru hvattir til þess að velja þann Vestfirðing sem þeir telja eiga heiðurinn skilið. Hinir ýmsu Vestfirðingar hafa gert það gott á árinu og því verður spennandi að sjá hver verður fyrir valinu í ár. Kosningin hófst á bb.is í síðustu viku en úrslitin verða kunngjörð fljótlega eftir áramót. Í gegnum árin hefur valið á Vestfirðingi ársins verið fjölbreytt og eru þeir sem hlotið hafa nafnbótina frá árinu 2001 með ólíkan bakgrunn. Guðni Páll Viktorsson, kajak ræðari var valinn Vestfirðingur ársins í fyrra.

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands og fyrrverandi sóknarprestur í Bolungarvík var valin Vestfirðingur ársins 2012. Vestfirðingur ársins 2011 var Örn Elías Guðmundsson, Mugison, sem er sá eini sem hefur verið kjörinn tvisvar sinnum en hann var einnig Vestfirðingur ársins 2004. Árið 2010 hreppti Benedikt Sigurðsson sundþjálfari og tónlistarfrömuður hnossið. Vestfirðingur ársins 2009 var Halldór Gunnar Pálsson hinn önfirski kórstjóri karlakórsins Fjallabræðra. Vestfirðingur ársins 2008 var Egill Kristjánsson, 88 ára sjómaður á Suðureyri við Súgandafjörð. Vestfirðingur ársins 2007 var Arna Sigríður Albertsdóttir nemi við Menntaskólann á Ísafirði.

Vestfirðingur ársins 2006 var Sunneva Sigurðardóttir stofnandi Sólstafa á Vestfjörðum. Vestfirðingur ársins 2005 var Sigríður Guðjónsdóttir, íþróttakennari á Ísafirði. Vestfirðingur ársins 2004 var valinn Örn Elías Guðmundsson tónlistarmaður. Vestfirðingur ársins 2003 var Magnús Guðmundsson, sjómaður á Flateyri og árið 2002 var kjörinn Hlynur Snorrason, rannsóknarlögreglumaður á Ísafirði. Árið 2001 varð Guðmundur Halldórsson, þáverandi formaður Smábátafélagsins Eldingar á Vestfjörðum fyrir valinu.

Bæjarins besta og Gullauga standa fyrir valinu á Vestfirðingi ársins í ár, en eins og áður sagði eru það lesendur bb.is sem velja Vestfirðing ársins. Hægt er að smella á banner á forsíðu bb.is.

Lífeyrissjóðurinn sameinast um áramótin

Samrunasamningur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga og Gildis lífeyrissjóðs var samþykktur á aukaársfundi Lífeyrissjóðs Vestfirðinga í síðustu viku. Fjórtán félagsmenn sóttu fundinn, þar af einn starfsmaður lífeyrissjóðsins og þrír starfsmenn Verkalýðsfélags Vestfirðinga og voru því einungis tíu almennir félagsmenn á fundinum. Tveir starfsmenn af fjórum á skrifstofu lífeyrissjóðsins hætta við samrunann, hjónin Guðrún Guðmannsdóttir framkvæmdastjóri og Bjarni Jóhannsson bókari. Samruninn tekur gildi 1. janúar.

„Okkar störf verða lögð niður, við höfum séð um bókhald og alla yfirstjórn og rekstur og það mun allt flytjast suður," segir Guðrún. Hún gerir ráð fyrir að þau hætti um mánaðamótin mars-apríl þar sem þau þurfa að ganga frá skilum og ársreikningi þessa árs.

Guðrún hefur starfað hjá sjóðnum hefur starfað hjá sjóðnum í rúm 33 ár, en hún hóf störf 1.september 1981. „Ég fer bara að gera eitthvað annað, ég hef engar áhyggjur af því," segir Guðrún aðspurð um hvað tekur við hjá henni eftir langan starfsferil hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga. Helstu ástæður sameiningarinnar eru smæð sjóðsins auk óhagstæðrar íbúaþróunar á Vestfjörðum með hækkandi aldri sjóðsfélaga. Auknar kröfur á lífeyrissjóði frá Fjármálaeftirliti og fleiri stofnunum valda því að litlir lífeyrissjóðir með fámennar skrifstofur eiga erfitt með að standa undir kröfunum.

– smari@bb.is


Óskum Vestfirðingum og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum góð samskipti og viðskipti
á árinu sem er að líða.
Bæjarstjórn Bolungarvíkur og
starfsfólk Bolungarvíkurkaupstaðar
Pixel ehf

Íþróttamiðstöðin Árbær

Opnunartími um jól og áramót

Þriðjudagur 23. des Þorláksmessu	07:00-18.00
Miðvikudagur 24. des aðfangadagur	07:00-11.00
Lokað jóladag og annan í jólum.	
Laugardagur 27. des	10:00-18:00
Sunnudagur 28. des	10:00-18:00
Mánudagur 29. des	07:00-21:00
Þriðjudagur 30. des	07:00-21:00
Miðvikudagur 31.des	07:00-11:00
Lokað nýársdag	

Íþróttamiðstöðin Árbær 456 7381

Bolungarvíkurkaupstaður
bolungarvik.is

Halldór Gunnar stjórnar Fjallabræðrum.

Heimildamynd um Þjóðlagið

Það var ekki laust við að áhorfendur Kastljóssins fengju gæsahúð þegar Þjóðlagið var frumflutt í maí á þessu ári. Þúsundir radda sameinuðust þar í söng og enn fleiri þúsundir vinnustunda hafa farið í upptökur og vinnslu á laginu hjá Flateyringnum Halldóri Gunnari Pálssyni stjórnanda Fjallabræðra. Hugmyndin kviknaði árið 2011 og eins og Halldór segir: „Það kviknuðu hugmyndir inni í verkefninu, og hver hugmynd gat af sér aðra hugmynd, og hver hugmynd þýddi auka tólf þúsund handtök. Svo það tók þrjú ár að búa til þessa gæsahúð," segir hann og hlær.

Samhliða upptökum á laginu gerði Jóhannes Kr. Kristjánsson heimildamynd sem frumflutt verður í Ríkissjónvarpinu 1. janúar kl. 20:00. „Myndin er í klippingu núna og það er frábært að hún verði sýnd 1. janúar. Verkefnið var líka tilnefnt til íslensku tónlistarverðlaunana sem tónlistarviðburður ársins, og þá er átt við frumflutning lagsins Ísland, sem gengur almennt undir nafninu Þjóðlag. Á heimasíðu íslensku tónlistarverðlaunana er sagt að þeir viðburðir sem koma til greina í flokkinn tónlistarviðburður ársins þykja skara fram úr hvað varðar metnað, skipulagningu og framkvæmd, svo þetta er mikill heiður fyrir Halldór Gunnar og félaga.

„Það er svo gaman þegar hlutirnir fara svona. Við höfum líka gert þetta bara sjálfir, það eru engir styrkir á bak við okkur," segir Halldór Gunnar. „Við sóttum einu sinni um styrk en fengum ekki, svo við hugsuðum bara, við gerum þetta bara sjálfir, við kórinn þá." Halldór Gunnar er eins og flestir vita stjórnandi Fjallabræðra en þeir eru ekki mikið áberandi í jólatónleikaflóðinu. „Ég baðst lausnar fyrir okkur í desember. Við erum að gefa út nýja plötu á næsta ári og erum að taka upp og æfa fyrir það. Þetta eru frumsamin lög eftir mig og Magnús Þór Sigmundsson gerir textana, en hann er alltaf eins og hálfbróðirinn á bak við tjöldin hjá okkur."

BB lék líka forvitni á að vita hvort Halldór Gunnar kæmi heim á Flateyri yfir jólin og hvort hann hefði flutt lögheimili sitt þaðan. „Planið er að koma heim, ég reyni það alltaf þegar ég get," svaraði Halldór, „og ég hef ekki ennþá séð ástæðu til að flytja lögheimilið. Ef Sigmundur Davíð má vera með lögheimili annars staðar þá hlýt ég að mega það. Eftir höfðinu dansa limirnir," sagði þessi hugmyndaríki tónlistarmaður.

– sfg@bb.is

Villi Valli fór á kostum

Sjónvarpsstöðin ÍNN er vinsæl hjá mörgum enda eru þar margir skemmtilegir dagskrárliðir af landsbyggðinni. Einn af dagskrárliðum stöðvarinnar er þátturinn Harmonikan heillar í umsjá Gunnars Kvaran. Desemberþátturinn var tekinn upp í Turnhúsinu á Ísafirði og í honum spjallar Gunnar við Vilberg Vilbergsson (Villa Vala), sem jafnframt spilar þrjú lög í félagi við Magnús Reyni Guðmundsson. Baldur Smári Ólafsson og Fjölnir Baldursson tóku þáttinn upp og hljóðvinnsla var í höndum Hólmgeirs Baldurssonar.

„Ég talaði við Villa Valla og hafði mikið gaman af," segir Gunnar Kvaran í samtali við BB. „Villi fór á kostum í þættinum sem verður hugsanlega sýndur 19. desember, en það hefur ekki verið staðfest vegna þess að í kringum jólin þá riðlast dagskráin. Harmonikan heillar er sýnd kl. 21:30 á föstudagskvöldum og endursýnd tólf sinnum í heildina svo þeir sem hafa áhuga ættu að geta náð honum. Tilgangurinn með þættinum er að kynna hljóðfærið og safna saman þeim gömlu snillingum sem við eigum um landið svo það séu til heimildir um þá. Ég hef líka talað við mikið af ungu fólki og við eigum mikið af frambærilegu ungu tónlistarfólki. Ég er jafnframt ákaflega þakklátur ÍNN fyrir framtakið með þennan þátt," segir Gunnar og var greinilega mjög ánægður með heimsóknina vestur.

ora

Ástríða í matargerð

Ora óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

www.ora.is

Verbúðin opnar við Aðalstræti

Nokkrar nýjar verslanir hafa opnað í miðbæ Ísafjarðar á síðustu vikum. Sú nýjasta, Verbúðin, opnaði í síðustu viku við Aðalstræti. Þar eru seldar snyrtivörur og fleira því tengt sem og gjafavara, minjagripir og margskonar hönnun. Eigandi verslunarinnar er Guðný Sóley Kristinsdóttir snyrtifræðingur. Hún hyggst snyrta og fegra á morgnana og síðan stendur hún vaktina eftir hádegi. Aðspurð um tilurð Verbúðarinnar segir hún að eitt hafi leitt af öðru.

„Ég hef verið að máta mig við ferðamanninn og ákvað að taka það áfram og opna verslun. Annars vegar rek ég snyrtistofu þar sem er boðið upp á alla almenna snyrtiþjónustu og snyrtivörur og svo er ég með gjafavöru, minjagripi, handverk og hönnunarvörur. Verslunin ber því tvö nöfn til aðgreiningar - það er frekar erfitt að hafa eitt nafn, því þetta er svolítið ólíkt," segir Guðný Sóley og hlær glaðlega. Snyrtistofan ber nafnið Snyrtihúsið en hinn hlutinn fékk nafnið Verbúðin og báða hlutana má finna á Facebook.

„Maður verður að þreifa sig aðeins áfram með svona starfsemi og sjá hvernig hlutunum er best fyrir komið. Það hefur verið mjög gaman að undirbúnings- og hugmyndavinnunni. Fyrst kom nafnið á Verbúðinni, og logo fyrir hana sem mér er farið að þykja mjög vænt um. Sama vinna fór svo fram fyrir Snyrtihúsið," segir Guðný Sóley. Verbúðin er hugsuð sem Seasonal Store eins og það kallast á ensku eða árstíðabundin verslun. Það felur í sér að vöruúrvalið getur breyst eftir árstímum og í samræmi við þá. „Þetta er ekki allt niðurnjörvað en ég er bæði með vörur héðan af svæðinu og víðar að. Ég hef náð góðum tengslum við frábæra hönnuði og handverksfólk og vonandi eigi fleiri eftir að bætast við. Það er gríðarlega mikil gróska í þessum geira, mikið af hæfileikaríku fólki sem vill koma vöru sinni á framfæri og ég vil endilega eiga gott samstarf við það," segir Guðný Sóley.

Læknar boða frekari verkföll

Læknafélag Íslands hefur sent frá sér tilkynningu þar sem kemur fram að félagar hafi lokið atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun lækna fyrstu þrjá mánuði ársins 2015. Tæplega 85% atkvæðisbærra lækna tók þátt í kosningunni og var þátttakan betri en í síðustu atkvæðagreiðslu. Tæplega 98% samþykktu fyrirhugaðar verkfallsaðgerðir sem gert er ráð fyrir að hefjist 5. janúar nk. Niðurstaða kosninganna er enn afdráttarlausari en niðurstaða kosninganna í september um verkfallsaðgerðir sem staðið hafa með hléum í október, nóvember og nú í desember.

Náist ekki samningar fyrir 5. janúar munu læknar sem starfa samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands þá hefja nýjar lotur verkfallsaðgerða. Hver verkfallslota mun ná yfir fjórar vikur. Starfseiningar, sem verkfall nær til hverju sinni, verða í verkfalli í fjóra daga í senn, frá mánudegi til fimmtudags.

Læknar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða verða í verkfalli frá miðnætti aðfararnótt mánudagsins 19. janúar til miðnættis fimmtudaginn 22. janúar, frá miðnætti aðfararnótt mánudagsins 16. febrúar til miðnættis fimmtudaginn 19. febrúar og frá miðnætti aðfararnótt mánudagsins 16. mars til miðnættis fimmtudaginn 19. mars. *– sfg@bb.is*

Gleðilega hátíð!

Starfsfólk Sparisjóðsins í Bolungarvík óskar þér
og þínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Með þakklæti fyrir viðskiptin á árinu sem að líða.

Með hátíðarkveðju,
starfsfólk Sparisjóðsins í Bolungarvík

Veldu persónuleg viðskipti
hvar sem þú ert.

– Veldu þér Sparisjóð.

www.sparisjodurinn.is

SPARISJÓÐURINN
-fyrir þig og þína

DYNAMO REYKJAVÍK

Jólalögin hljómuðu úr hverri verzlun á Laugaveginum í Reykjavík og allir virtust kátir og hamingjusamir við jólainnkaupin daginn fyrir Þorláksmessu. Einstaka barn heyrðist kvarta yfir því að fá ekki að kaupa síma eða tölvu eða einhvern nýútkominn leik fyrir tölvuna. Smábörn grétu og einstaka fullorðinn karlmaður hafði fengið sér vel að drekka fyrr um daginn og röflaði um allt og ekkert.

Klukkan var að nálgast fjögur og þær vinkonur Auður og Elva voru að hugsa um að fara inn í Kringlu í hlýjuna til þess að eiga jólainnkaupin. Þær höfðu þekkzt frá barnæsku, frá því þær fyrst mundu eftir sér, og alltaf verið fremur nánar. Unglingsárin höfðu verið umbrotasöm og þær höfðu báðar eignazt barn á svipuðum aldri þegar þær voru rúmlega 16 ára gamlar.

Svo hafði æxlazt til að Auður hafði flutt í Skersfjörð tæplega nítján ára og kynnzt þar sjómanni. Þau hófu sambúð og þegar hún varð ólétt að næsta barni tvítug að aldri hætti hún að vinna í frystihúsinu. Tvö börn voru líka alveg nóg verkefni og henni fannst gaman að börnunum. Valur var prýðismaður þó að hann væri 10 árum eldri en Auður og hafði rífandi samskiptum þeirra vinkvennanna. Svo fór hún að drekka og þá fór Auður að taka börnin til sín um helgar svo að þau þyrftu ekki að verða vitni að ástandi og framferði móður sinnar, sem almannarómur sagði að ætti sér marga ástmenn og ekki alla af beztu sort. Enginn veit þó hvað gerist bak við luktar dyr á svefnherbergjum eða öðrum vistarverum nema þeir sem þar eiga hlut að máli segi frá, og það vildi Elva alls ekki ræða við Auði.

Oft reyndi Auður að tala um fyrir vinkonu sinni, en án árangurs. Elva vildi ekki hlusta fremur en tala um aðstæður sínar og kvartaði einkum yfir því að hafa misst af tækifærunum til að umgangast fræga og fína fólkið. Auður hafði lítinn skilning á því, enda átti hún nóg með að ala upp tæplega tíu ára stúlku, fimm ára dreng og þriggja ára stúlku. Börn Elvu voru á svipuðum aldri, yngsti drengurinn þó árinu yngri en Valgerður.

En það sem angraði Auði var að einhverjir brestir voru komnir í samband hennar og Vals. Hann var orðinn afskiptalítill um hana og börnin þegar hann var í landi, sagðist heldur vilja vera með skipsfélögum sínum og var því lítið heima í landstoppum. Auður var ósátt, en hugsaði þó ekki mikið bæta við sig þremur börnum dag eða tvo. Þau höfðu ofan af fyrir hennar eigin börnum að mörgu leyti og allir voru ánægðir. Elva gat þá skemmt sér og sömuleiðis Einar og Ósk. En Auður fór sjaldan út að hitta fólk, einangraðist á vissan hátt, og stundum sló þeirrri hugsun niður að hún þyrfti að komast út á meðal manna.

En hver átti þá að passa börnin? Valur vildi komast út að hitta skipsfélagana meðan hann var í landi og þá varð hún að sjá um börnin. Hún þekkti ekki svo marga í Skersfirði, Elva var eina vinkona hennar, og hún þekkti ekki eiginkonur skipsfélaga Vals, rétt vissi hvað þær hétu.

Elva var ekki á þeim buxunum að taka að sér að gæta barna. Hún vildi frekar að Auður fyndi barnapíu, einhverja skólastelpu, til að passa börnin. Þá gætu þær báðar farið út að skemmta sér saman. Það hugnaðist Auði engan veginn.

Smám saman fór Auður að verða vör við að eyðsla Vals óx þegar hann var í landi. Hann notaði ekki kreditkortið heldur tók út reiðufé í bankanum. Hvert sinn er hún spurði hvað væri að gerast svaraði hann henni ekki öðru en því, að þetta væru hans peningar. Hann hefði unnið fyrir þeim

Hamarinn fellur við Heims um ból

góðar tekjur á frystitogaranum Hallvarði ramma.

Allt gekk vel, að vísu átti Valur til að drekka hraustlega þegar hann var í landi, en oftast var það ekki vandamál. Börnunum fjölgaði, til viðbótar við elztu stúlkuna Hallgerði og Jónas son þeirra Vals fæddist þeim dóttirin Valgerður. En þeim, þó aðallega Val, þótti gott samræmi í því að nöfn þeirra hálfsystra enduðu bæði á -gerður. Flest hafði gengið vel þó að einstaka sinnum kæmi upp misklíð, sem alltaf leystist í góðu.

Þegar Elva flutti svo líka til Skersfjarðar með manni sínum og tveimur börnum fannst Auði lífið vera fullkomið. Samt voru aðstæður þeirra vinkvennanna nokkuð ólíkar. Einar eiginmaður Elvu var útibússtjóri í öðrum bankanum í bænum og þau höfðu allt til alls. Ekki svo að skilja að Auður og Valur hefðu það ekki gott, en ekkert virtist þeim Einari og Elvu ómögulegt. Þau fóru í utanlandsferðir oft á ári, en það gátu þau Auður ekki gert. Þau sátu líka fínar veizlur og umgengust allt þekkta og fína fólkið innan bæjar og utan. Auður öfundaði ekki vinkonu sína en fannst hún fjarlægjast sig mikið.

Það kom hlé þegar Elva eignaðist sitt annað barn með Einari, dreng sem var afskaplega fallegur og líktist föður sínum ekki neitt og varla Elvu heldur. En eftir barnsburðinn náðu þær vinkonur saman á ný. Það áttu eftir að reynast beztu dagar Auðar í Skersfirði.

En sælan stóð ekki lengi. Tveimur árum eftir fæðingu sonar Elvu var ástandið orðið erfitt hjá henni og endaði með skilnaði hennar og Einars. Hann átti víst ekki drenginn og sætti sig ekki við það. Elva var þá orðin einstæð móðir og flutt í blokk í bænum en Auður og Valur bjuggu í stóru ein-býlishúsi og höfðu það gott. Eða það hélt Elva að minnsta kosti.

Elva varð afundin og það bitnaði á um þetta þar sem hún hafði nóg með börnin og hugsaði með sér að þetta myndi ganga yfir. Kannski leiddist Val allt barnastússið og þyrfti að slaka á meðan hann væri í landi. Lífið á sjónum var víst enginn leikur og honum því ekki of gott að ná hvíld og afslöppun í landi. Hún saknaði þó þess tíma þegar þau áttu saman nánast hverja stund hans í landi. Þá höfðu þau útréttað og farið yfir peningamál og það sem þyrfti að gerast í landi í næstu sjóferð.

Nú var eins og Val stæði á sama. Einu svörin sem fengust voru að bezt væri að Auður sæi um þetta allt, hún væri hvort eð er svo klár að hann gæti ekki gert betur. Stundum fannst henni hún heyra einhvern óánægjutón í rödd Vals þegar heimilishaldið barst í tal. Einkum var það í tengslum við þá hugmynd hans að kaupa fimmtán milljón króna lúxusjeppa. En deilan endaði ekki, þau töluðu bara ekki um málið frekar.

Þegar Valur var á sjónum kom Elva stundum með öll börnin og gisti hjá Auði nokkra daga í senn. Það hafði meira að segja komið fyrir um helgi að hún fór ekki út að skemmta sér, þegar hún var heima hjá vinkonu sinni. En samt var eins og gjá hefði myndazt milli þeirra og ekkert var eins og fyrrum. Auður saknaði þess, en vildi allt fyrir vinkonu sína gera. Ekki sízt eftir að Einar hafði kynnzt nýrri konu sem var miklu yngri en Elva, bara stelpa, eins og hún orðaði það. Börn Elvu kunnu ekki við hana, en hún var flutt inn til Einars, sem ekki sá sólina fyrir henni.

Ósk, nýja konan, var ekki nema 18 ára og hafði engan áhuga fyrir börnum, fannst þau hávær, fyrirferðarmikil og skítug. Þau vildu ekki fara til föður síns og komu stundum þaðan til Auðar, jafnvel þótt Elva væri ekki þar. Meira að segja litli drengurinn fylgdi með.

Auði fannst ekkert tiltökumál að og hún hefði meira en nóg þótt hún væri ekki að vinna fyrir peningum. Ef hún spurði nánar svaraði Valur með skætingi og sagði henni ekki koma við til hvers þeim væri eytt. Heimilið hefði nóg fyrir sig, bæði hans börn og hennar. Auði sárnaði svarið og lét talið falla.

En svo komu betri stundir á milli og í síðustu tveimur landlegum síðasta árs hafði Valur varið tímanum heima og verið góður við Auði og börnin. Jólin voru ánægjuleg og börnin glöð að hafa föður sinn hjá sér um jólin. Hann virtist sáttur og hamingjusamur með þeim. Þó hafði það vandamál komið upp, að faðir Hallgerðar, sem ekki hafði neitt af henni viljað vita frá fæðingu, var nú orðinn mjög áhugasamur um að kynnast dóttur sinni. Að vísu grunaði Auði að sá áhugi væri einkum sprottinn af ósk konu hans og móður sonar þeirra að sá stutti fengi að kynnast hálfsystur sinni. En hún hugsaði sem svo, að sama væri hvaðan gott kæmi og vildi að sjálfsögðu leyfa dóttur sinni að hitta föður sinn um jól eða áramót.

Valur tók því illa. Engu að síður fór Hallgerður suður til föður síns og stjúpu um áramótin, en þá var ekki aðeins frost úti heldur líka innan dyra. Jónas og Valgerður fundu fyrir spennunni og Auður ákvað að fara með þau í gönguferð um Skersfjörð, eyrina, og koma við í kirkjunni. Hún hafði aldrei verið trúuð og kannski var vandi hennar sprottinn af því að sem unglingi stóð henni á sama um allt og alla og vildi aðeins fara sínu fram.

Unglingsárin voru að sumu leyti skemmtileg, en annað fór öðruvísi en ætlað var. Hallgerður hafði ekki gert boð á undan sér, og þótt foreldrum Auðar, afa og ömmu barnsins, þætti vænt um hana, vildi Auður ekki að hún umgengist þau. Þau höfðu tekið því illa að hún varð ólétt, skömmuðust fyrst, og síðan vildu þau að hún léti eyða fóstrinu. Þá hafði þrjóskan komof mikill. Hann hafði alizt upp í Skersfirði, byrjað snemma á sjónum og farið í Stýrimannaskólann og var nú stýrimaður á Hallvarði ramma. En af hverju hafði hún ekki kynnzt neinum skipsfélögum hans eða konum þeirra? Hún velti því fyrir sér meðan þau ráfuðu um kirkjugarðinn á Skerseyri í Skersfirði.

Auður las á leiðin og sá að fólk hafði lifað misjafnlega lengi. Hlið við hlið í einu leiðinu hvíldu hjón. Híram Sigurðsson sjómaður frá Steinskoti í Aðalfirði, sem nú var í eyði, fæddur 1878, látinn 1914. Kona hans Jakobína Hallsdóttir frá Látrakoti í Jöklavíkum, fædd 1888, látin 1970. Hún hafði lifað mann sinn í 56 ár. Hvernig skyldi líf þessa fólks hafa verið? Skyldu þau hafa átt mörg börn og hvernig hafði þá Jakobína tekizt á við lífið að Híram gengnum?

Eitt augnablik gleymdi hún sjálfri sér í hugsunum sínum og velti vöngum yfir tilveru löngu gengins fólks, sem þurfti að berjast gegnum lífið við óblíðar aðstæður. Henni sjálfri var svo sem ekki vorkunn.

Hún hrökk upp af hugsunum sínum um löngu látið fólk, sem hún þekkti ekkert til, við það að Jónas var farinn að snökta og Valgerður var að reyna að hugga hann. Honum var kalt, hann þurfti að pissa, og svo var hann svangur. Þau gengu hratt upp að kirkjunni, en hún var læst. Þá datt henni í hug að reyna að banka upp á hjá skipstjóranum á Hallvarði ramma. Hann hét Jóakim og Þórhildur konan hans hafði oft boðið henni að koma í kaffi þegar þær hittust í búðinni eða bankanum. Auður hafði aldrei þegið það, en núna fannst henni eins og hún ætti ekki annan kost en að koma við og spyrja hvort Jónas mætti fara á salernið hjá þeim.

Þau bjuggu skammt frá kirkjunni í gömlu og stóru en fallegu einbýlishúsi. Þau hjón voru talsvert eldri en Valur og hefðu getað verið foreldrar Auðar, hélt hún. Eftir skamma stund hringdi hún dyrabjöllunni og Jóakim kom til dyra. Hann var stór maður með rúnum rist andlit og fremur hörkulegur útlits, en hann heilsaði henni blíðlega og bauð þeim að ganga í bæinn. „Við erum með gesti, son okkar og tengdadóttur frá Reykjavík, og erum einmitt að setjast að borði til að fá okkur kaffi, endilega komið inn.“ Þórhildur kom fram í dyr og fagnaði Auði og börnunum. Það var jú sjálfsagt að Jónas litli fengi að fara á salernið, „og svo komið þið og drekkið með okkur kaffi og fáið ykkur kökur.“

Auði létti skyndilega án þess þó að vita af hverju. „Erum við ekki fyrir? Drengurinn þurfti bara að pissa og svo ætluðum við heim.“

Við annað var ekki komandi en að þau kæmu inn. Þar sátu ungu hjónin með tvö börn á svipuðum aldri og Jónas og Valgerður, en Auði brá við að sjá að bekkjarsystur sína úr grunnskóla, sem reyndist tengdadóttir Þórhildar og Jóakims. Þær höfðu ekki sézt lengi og Auður var mjög vandræðaleg í fyrstu. En Svanhildur heilsaði henni og sagði að þetta væri óvænt ánægja að hitta hana hér á heimili tengdaforeldra sinna.

Þau voru öll svo elskuleg, að Auður gleymdi öllum vandræðum og naut sín í félagsskap þeirra. Börnin voru líka glöð og ánægð að hitta önnur börn. Þau höfðu ekki kynnzt öfum sínum og ömmum. Foreldrar Vals voru aldrað fólk sem var löngu flutt til Hafnarfjarðar og þangað vildi Valur ekki fara. Auður fór helzt aldrei suður og hélt samskiptum sínum við foreldrana í lágmarki.

Þegar þau kvöddu bað Þórhildur hana að koma í heimsókn strax eftir áramótin. Það væri margt sem þær þyrftu að ræða.

Þær hittust á annan í nýári heima hjá Þórhildi og Auður tók börnin með. Þau höfðu leikfélaga því að gestirnir voru ekki farnir. Þórhildur tók Auði með sér inn í lítið herbergi. „Það er afdrepið mitt,“ sagði hún til skýringar.

„Hvernig gengur hjá ykkur Val?“ spurði Þórhildur umbúðalaust. Auði varð svars vant. Hún hafði ekki vitað á hverju væri von, en alls ekki búist við þessu. Svo kom nánari skýring. Valur hafði ekki viljað taka þátt í samkomum með skipsfélögum sínum í landi og þeirra konum. Hann hafði borið því við að Auður hefði ekki áhuga, vegna þess að barnauppeldið tæki allan hennar tíma.

Þau höfðu frétt að hann hefði verið að skemmta sér með öðrum konum í landlegum, en ekki viljað skipta sér af því. Þegar Jóakim hafði borið þetta upp við Val í einum túrnum hafði sá síðarnefndi brugðist illa við og sagt að engum kæmu sín einkamál við. Skipstjóranum hafði brugðið nokkuð, en látið kyrrt liggja.

Í næsta stoppi hafði hann fært þetta í tal við Þórhildi, sem kvaðst hafa viljað fara varlega í það að skipta sér af einkamálum annarra, einkum skipshafnarinnar. Það kynni ekki góðri lukku að stýra. En þegar raddir í bænum gerðust háværari um að Valur væri faðir drengsins hennar Elvu varð Þórhildur mjög hugsi og ákvað að ræða málið við Auði. Ella yrði

Ólafur Helgi Kjartansson, fyrrum skattstjóri og síðan sýslumaður á Ísafirði og nú sýslumaður á Suðurnesjum, hefur um langt árabil ritað jólasögur í Bæjarins besta. Sú fyrsta birtist í jólablaði BB árið 1986 og síðan hafa sögurnar hans birst árlega að undanskildum árunum 1992 og 1993. Hér birtist nýjasta jólasaga Óafs Helga „Hamarinn fellur við Heims um ból“.

hún væntanlega síðust til að frétta umtalið.

Auði var mjög brugðið og gat ekkert sagt, en Þórhildur sagði að þetta væri ekki ástæðan fyrir samtalinu. Faðerni drengsins hennar Elvu hlyti að upplýsast fyrr eða seinna, en nokkuð ljóst væri að ekki líktist hann Einari á nokkurn hátt. Bezt væri auðvitað að Elva segði frá því sjálf hver faðirinn væri. Bæði hinn rétti faðir og drengurinn ættu fullan rétt á því að vita sannleikann.

Hitt væri þó verra, að peningamál Vals væru greinilega í miklum ólestri. Hann hefði fengið mikið greitt fyrirfram og skuldaði nú útgerðinni nokkurt fé. Það væri í sjálfu sér ekki vandamál, peningunum væri hægt að ná til baka.

„En þar kemur að þér,“ sagði Þórhildur, „hvað veiztu um þau mál?“

Auði var mjög brugðið og nánast sortnaði fyrir augum og svaraði því til, að um það vissi hún ekkert. Um leið reiddist hún innra með sér yfir því að Valur væri í ofanálag að fara á bak við hana á allan hátt. Það átti hún engan veginn skilið. Hún fór að velta því fyrir sér af hverju hann hafði ekki viljað giftast sér, þá sjaldan það hafði borið á góma. Valur vildi hana ekki sem eiginkonu, aðeins hafa gott af henni, og það hafði gengið, heimilishald, kynlíf fyrstu árin, tvö börn og framkvæmdastjórn heimilisins. En nú var því greinilega lokið.

Þórhildur horfði á hana með samúðarsvip. Þær þögðu báðar drjúglengi. „Vissirðu ekkert?“ spurði Þórhildur. Auður skammaðist sín fyrir að hafa látið hafa sig að fífli og langaði mest til að deyja. Skuldir voru það sízta sem hún gat hugsað sér.

Hún þagði og starði út í loftið án þess að sjá nokkurn skapaðan hlut. „Af hverju, af hverju? Hvað gerði ég rangt?“ Hér var hún tæplega 26 ára gömul og sá allt fjara út, eins og sandur sem streymdi milli fingra hennar og engin leið var að festa hönd á. Auður titraði og fór svo að gráta. „Þetta þarf ekki að vera svo slæmt,“ sagði Þórhildur.

Auður velti fyrir sér hvað hefði gerzt milli þeirra. Auðvitað var hún tíu árum yngri en Valur. Hún hlaut að hafa freistað hans, ung og falleg, það sögðu að minnsta kosti flestir, og auðveld bráð með eitt barn. Mikill auli hafði hún verið að sjá ekkert af því sem var að gerast fyrir augunum á öllum öðrum. Verst væri ef Elva, eina vinkonan hennar, hefði svikið hana svona gróflega.

Hún vissi ekkert hvað hún gæti gert. Sambandið við foreldrana var ekkert og þannig hafði hún viljað hafa það eftir að þau tóku kastið yfir óléttunni. Ekki gat hún farið þangað. Hún var ómenntuð með þrjú lítil börn og skuldugan sambýlismann sem vildi ekki giftast henni.

Auður skildi nú hvers vegna. Hún hágrét með miklum ekkasogum. Hvað yrði um hana og börnin? Hún var þó fegin að jólin voru afstaðin. Hvar skyldi Valur vera?

„Veiztu hvar Valur er?“ spurði hún Þórhildi. Það vissi hún reyndar, en vildi ekki segja það. Eftir mikinn grát svaraði samt Þórhildur því til, að hann hefði haldið til hjá Elvu síðustu dagana.

Elvu, af öllum. Auður varð ofsareið. Gráturinn breyttist og hún var farin að blóta og tvinna saman ókvæðisorð. „Reyndu að slaka á,“ sagði Þórhildur. „Kannski átti ég ekki að segja þér frá þessu, en þetta er altalað í bænum.“

Þórhildur tók utan um Auði og sagði að nú þyrfti hún að hugsa um börnin og framtíð þeirra fjögurra. Valur myndi að öllum líkindum ekki taka að sér börnin.

Niðurstaðan varð sú, að Auður gisti með börnin hjá Þórhildi og Jóakim. Í þrjá daga gekk hún um eins og afturganga, en börnin undu sér vel með nýjum leikfélögum. Einhvern veginn tókst Þórhildi að sannfæra þau um að þetta væri bara eins konar frí.

Hún spurði Þórhildi um Híram og Jakobínu í kirkjugarðinum. Þórhildur vissi að þau hefðu átt fjögur börn og þau hefði Jakobína alið upp ein og heppnazt vel. Börn Auðar spurðu um föður sinn og þeim tókst á einhvern óskiljanlegan hátt að sneiða hjá svörum. Jóakim hafði leitað Val uppi og sagt honum að nú væri komið að skuldadögum, ef hann sneri ekki af þeirri braut sem hann núna gekk myndi hann missa skipsplássið.

Hvað þeim nákvæmlega fór á milli vissi Auður ekki, en Valur flutti út og eftirlét henni húsið, með loforði um að þar gæti hún verið næstu árin og hann myndi borga af því. Það var gott að Hallgerður var ekki heima, en hún kæmi eftir örfáa daga og þá yrði hún að segja elztu dóttur sinni sannleikann.

En hver var sannleikurinn? Það vissi hún ekki og gat ekki hugsað sér að tala við Val. Hann fór á sjóinn og hún hafði laumazt niður á bryggju til að fylgjast með þegar landfestar Hallvarðs ramma voru leystar. Valur var lúpulegur þegar hann fór um borð í fylgd Jóakims skipstjóra. Greinilegt var, þó að hún heyrði ekki orðaskil, að skipstjórinn var að lesa yfir honum og leggja honum lífsreglurnar.

Þórhildur hafði sagt Auði, að Jóakim hefði sótt hann til Elvu og þau hefðu bæði verið vandræðaleg þegar hann fékk þau skilaboð að á móti honum yrði ekki tekið heima. Elva hafði grátið þegar Jóakim sagði henni að hún væri ennþá meira óvelkomin á heimili Auðar en Valur, og væri þó langt til jafnað.

Við tóku erfiðir dagar og vikur, sem urðu að mánuðum, og Auður einangraðist enn frekar, svo að hún fagnaði því þegar foreldrar hennar tilkynntu að þau væru á leiðinni til Skersfjarðar.

Það urðu ekki beinlínis fagnaðarfundir, en samt leið henni betur að vita að þau vildu henni vel. Þau buðu henni að koma til sín með öll börnin, en því neitaði hún. Gamla stoltið vék ekki, þótt hún vissi að vel væri boðið. Foreldrarnir dvöldu aðeins yfir helgina, gistu á hótelinu, en töluðu um að koma aftur og buðu svo Auði og börnunum að koma um páskana og vera hjá sér.

Gott að túrinn á Hallvarði ramma átti að standa í sex vikur. En þegar þau voru farin varð hún mjög einmana og hugsaði um öll glötuðu tækifærin, að hafa misst af því að fara í menntaskóla og læra og búa sig almennilega undir lífið. Það skyldi ekki henda börnin hennar, hvað sem á dyndi.

Næstu vikur liðu hægt og Þórhildur var eina tenging hennar við umheiminn. Hún stóð með Auði og reyndi að gera allt fyrir hana. Þangað flúði Auður þegar Elva hafði margsinnis reynt að hringja og koma. Við hana átti hún ekkert vantalað.

Tíminn leið hægt fram að páskum og þau fóru suður, börnunum til ánægju. Valur kom ekki að hitta börnin, en hafði víst í landlegu reynt að nálgast þau á leikskólanum og í skólanum.

Auður skipti sér ekki af því. Hún var einmana og döpur yfir því að allt hafði klúðrazt. Þórhildur hafði talað við lögfræðinginn sinn og komizt að því að húsið var veðsett upp í rjáfur og búið að biðja um uppboð á því. Það var enn eitt áfallið. Hvað tæki þá við?

Nú fór að berast póstur frá sýslumanni til Vals, því að hann hafði ekki staðið við loforð um að húsið yrði að hálfu eign hennar. Það loforð kom í framhaldi því að hann hafði sagzt ekki vilja giftast. Það væri bara fyrir fólk sem treysti ekki hvort öðru.

Hversu græn hafði hún getað verið? Nú var orðið ljóst að það skjól sem hún taldi húsið myndi veita sér var að hverfa. Hvað tæki þá við?

Auður tók að kanna með vinnu í Noregi, þótt hún hefði enga formlega menntun. Og viti menn, eftir mikla leit gat hún fengið starf sem leiðbeinandi á leikskóla í afskekktum firði í Norður-Noregi og þangað ætlaði hún með börnin. Kannski gæti hún komizt í kvöldskóla. En það pirraði hana, að Elva reyndi stöðugt að komast í samband við hana og það gat hún ekki hugsað sér.

Þórhildur hringdi í Auði einn daginn upp úr þurru og bað hana koma til sín í heimsókn vegna mikilvægs máls. Börnin voru í skólanum og leikskólanum. Þegar hún kom inn í stofu sat Elva þar grátandi. Auður ætlaði að snúa við og ganga út, en Þórhildur greip í handlegg hennar með þessum orðum: „Auður, það kostar ekkert að hlusta.“ Alvarlegur tónninn í röddinni varð til þess að hún hætti við að fara og settist niður.

Samtalið við Elvu var erfitt. Valur hafði jú sofið hjá henni þegar hann sagðist hafa verið rekinn að heiman, en hann ætti örugglega ekki drenginn. Þau Einar hefðu verið í tygjum við hjón og það endað með því að hún hafði sofið hjá hinum manninum af því að hún hélt að Einar gerði hið sama með konunni. Svo var að vísu ekki, en Einar hafði margsinnis haldið framhjá henni með ýmsum konum, aðallega utan Skersfjarðar. Þá hafði hún leitað annað, skemmt sér of mikið og fengið á sig slæmt orð. Þannig hefðu kynni þeirra Vals orðið. „Hann var hvort eð er alltaf að leita að ungum konum.“

En svo hafði hún komizt að hinu sanna og átt mjög erfitt með að sætta sig við gerðir sínar. Verra var þó, að Valur var kominn á kaf í fjárhættuspil á netinu með hópi manna í Skersfirði.

Þannig var ástandið þegar Jóakim kom. Hún hafði skotið yfir Val skjólshúsi af vorkunn. Vinurinn hafði loksins fallizt á að fara í DNA-próf og Einar líka og í ljós kom að Einar var faðir drengsins.

„Ég hélt að börnin yrðu tekin af mér, þegar verst lét. Allt gekk svo vel hjá þér, en illa hjá mér, hélt ég.“ Einar vildi reyna að taka þráðinn upp aftur, en Elva þverneitaði. Nú væru þær vinkonurnar aftur komnar í þá stöðu að eiga ekkert og vita ekki hvað biði þeirra og barnanna.

Skömmu síðar flutti Elva suður og Auður var ein og meira einmana en nokkru sinni. Hið glæsta yfirborð sýndi ekki alltaf sanna mynd.

Nú voru að nálgast jól á ný og þær voru á leið í Kringluna líkt og þegar þær voru einar, yngri og frjálsar. Eða voru þær kannski aldrei frjálsar? Verður maður nokkurn tíma frjáls? Auði fannst að svo yrði ekki, en hún ætti þó alltaf eitthvert val.

Síðustu dagar höfðu verið erfiðir. Sýslumaðurinn hafði komið fyrir tveimur dögum og herskari lögfræðinga frá bönkum og öðrum til að bjóða upp heimili hennar og barnanna. Auður hafði grátið yfir þessum örlögum á kvöldin þegar börnin voru sofnuð. Valur var alltaf á sjó og lét ekki sjá sig.

En þegar herskarinn kom inn hafði hún verið að taka til og reyna að hafa ofan fyrir börnunum, en sem betur fór sótti Þórhildur þau. Jólalögin hljómuðu þegar hún fór til dyra og meðan herinn var að koma sér inn hljómaði Heims um ból af geislaspilaranum. Hún skildi ekkert af því sem sagt var, reyndi bara að halda andlitinu meðan örlög hennar voru í höndum fólks sem vissi ekkert hvað að baki þessu öllu bjó. Hún mundi að sýslumaðurinn, góðlegur maður en með frekar strangan svip, spurði hvort hún vildi leigja að loknu uppboðinu og kinkaði kolli til hennar. Hún mundi eftir vingjarnlegum augum hans þegar hún sagði já, og vissi að hún hafði keypt sér frest.

Nú sátu þær vinkonurnar á kaffihúsi í Kringlunni og töluðu um allt annað en síðustu árin. Elva var komin með vinnu og farin að hitta fráskilinn mann sem henni líkaði vel við og ætlaði að sjá hvað yrði úr því.

„Mig vill enginn,“ sagði Auður, og horfði á flugfarseðlana tvo sem hún hafði tekið úr veskinu til að sýna Elvu. Annar var til Noregs, hinn til Skersfjarðar.

„Af hverju ætti ég að fara þangað?“ spurði hún vinkonu sína, sem hún var glöð yfir að hafa fundið aftur. „Af því að þar áttu heima.“

Hún horfði á Elvu og stakk farseðlinum til Noregs í veskið og sagði: „Ég get að minnsta kosti haldið jólin þar, þó að hamarinn hafi fallið undir jólasálmi. Þau áttu ekkert skjól, María og Jósef, þegar þau gistu í fjárhúsinu. Þangað þarf ég að minnsta kosti ekki að fara.“

Þær hlógu og skemmtu sér yfir kaffinu og óskuðu hvor annarri gleðilegra jóla og lofuðu að hittast fljótt aftur. Hamarinn hafði fallið og markaði skil. Um það ætlaði hún þó ekki að hugsa meðan hún héldi börnunum jól. Heims um ból yrði lagið hennar og leiðarstef um jólin.

Framtíðin kemur hvort eð er alltaf óboðin.

Löglærður rokkari í leikskólanum í Grímsey

Hjalti Ómar Ágústsson hefur getið sér gott orð sem kraftmikill söngvari rokkhljómsveita frá því á tíunda áratug síðustu aldar. Hann er ef til vill einna best þekktur meðal Vestfirðinga sem söngvari grunge-sveitarinnar Urmuls, sem naut mikilla vinsælda á þeim tíma og átti sér stóran aðdáendahóp á Ísafirði og víðar. Þaðan fór hann yfir til Dimmu, sem í dag er ein af öflugustu þungarokksveitum landsins.

Hann er lögfræðingur að mennt en starfar nú sem leikskólaleiðbeinandi í Grímsey. Bæjarins besta tók Hjalta á tal í einni af reglulegum heimsóknum hans vestur á firði og forvitnaðist um það hvernig það kom til að einn harðasti rokkari Íslendinga endaði sem löglærður leikskólaleiðbeinandi í litlu eyjarþorpi um fjörutíu kílómetra norður af meginlandi Íslands.

Flæktist á Ísafjörð nánast fyrir tilviljun

Hjalti er fæddur og uppalinn á Akureyri og bjó þar þangað til á seinni hluta níunda áratugarins þegar hann fór að eigin sögn á flæking og endaði á Ísafirði fyrir nánast tilviljun.

„Reyndar var aldrei í kortunum hjá mér að flytja til Ísafjarðar, það bara æxlaðist þannig. Ívar vinur minn flutti vestur og hvatti mig til að koma, en skömmu eftir að ég kom fluttist hann á brott. Ég hins vegar ílentist á Ísafirði í sex ár og hef raunar hvergi kunnað eins vel við mig. Konan mín, Sigrún Magnúsdóttir, er frá Suðureyri, og því eigum við reglulega leið vestur. Hún segist upplifa það eins og ég sé að koma heim þegar við komum til Ísafjarðar, þrátt fyrir að ég sé Akureyringur og hafi nú búið þar meiripart ævinnar.

Við komum allavega árlega vestur enda búa foreldrar hennar enn hér og margir af mínum bestu vinum. Auk þess er hér fólk sem reynst hefur mér ákaflega vel í gegnum tíðina eins og t.d. Maggi Hauks og Ranka og Heiðrún og Rafn Sverris heitinn, svo við höfum mikið hingað að sækja. Enda léttir það mér töluvert lífið að eiga konu sem er að vestan, því þá er auðveldara að sannfæra hana um að kíkja reglulega vestur á firði.“

Fyrsta rokkævintýrið á grunge-gullöldinni

Hjalti fetaði sín fyrstu skref í rokkinu með sveitinni Urmli á gullöld grunge-tímabilsins. Sveitin samanstóð af Ísfirðingum, einum Hnífsdæling og Norðlendingnum Hjalta. Urmull átti nokkra slagara sem nutu töluverðra vinsælda á sínum tíma og komu út á plötunni „Ull á víðavangi“ árið 1994. Þar á meðal voru lögin „Alone“ og ábreiðan „Himnalagið“ eftir ísfirsku hljómsveitina Grafík. Þegar platan kom út var sveitin skipuð þeim Hjalta Ó. Ágústssyni, Stefáni Baldurssyni, Guðmundi Halldórssyni, Jóni Geir Jóhannssyni og Símoni Jakobssyni. Aðspurður segist Hjalti ekkert hafa verið viðriðinn tónlist áður en Urmulsævintýrið byrjaði.

„Ekki af neinni alvöru. Ég hafði eitthvað fiktað við það í eitt eða tvö skipti þegar ég var í menntaskóla en Urmulsævintýrið var fyrsta rokkævintýrið mitt, og það var skemmtilegt!“ segir hann með stærðar glott á vörum.

„Símon, Kusi og Davíð Sveins voru eitthvað byrjaðir að klambra saman hljómsveit og í raun og veru er það allt Dóra Eraclides að kenna að ég kom til liðs við þá. Við Dóri vorum oft að skemmta okkur saman og hlusta á tónlist þar sem ég var alltaf syngjandi með öllum lögum. Dóra fannst ég yrði að verða söngvari í hljómsveit og tók það því í sínar hendur að setja mig í samband við Símon. Og þannig varð ég nú að söngvara Urmuls.

Reyndar var ég líka á þeim tíma í hljómsveit sem kallaðist Veislumatur fyrir tvo á Gauk á Stöng, ef ég man rétt. Með mér í þeirri grúppu voru Ágúst Atlason, Rúnar Viggós og Eiríkur Rauði (Eiríkur Sverrir Björnsson). Eins var ég í sveit sem spilaði „Brit-popp“ með Venna (Vernharði Jósefssyni), Palla Einars og Jóni Geir.“

En eins og glöggir lesendur kveikja á kom sá síðastnefndi einnig til liðs við Urmul seinna meir og barði húðir fyrir hljómsveitina meðan hún var og hét.

„Jón Geir er auðvitað stórkostlegur trommari og það er aldrei leiðinlegt að vera með honum í hljómsveit. Símon var hins vegar klárlega drifkrafturinn í hljómsveitinni og ég man að hann leitaði mann oft uppi til að draga mann á æfingar. Þetta ævintýri fór þó ekki á flug fyrr en Rabbi heitinn, (tónlistarmaðurinn og útgefandinn Rafn Jónsson, innskot blaðamanns) kom okkur til aðstoðar, en hann stóð fyrir því að Urmulsplatan Ull á víðavangi, var gefin út. Hún var meira að segja fyrsta platan sem hann tók upp í stúdíóinu sínu.“

Áfram í tónlistinni eftir að ævintýrið var úti

Segja má að Urmull hafi hætt á toppnum en sveitin lognaðist út af eftir einungis nokkurra ára starf.

„Ævintýrið byrjaði upp úr 1991 eða 92 en einhvern veginn burtsofnaði hljómsveitin í kringum 1995. Að stórum hluta vegna þess að við fluttum allir suður nema Stebbi, enda vill hann hvergi búa annars staðar en fyrir vestan. Þegar maður lítur til baka sér maður að hugsanlega var það ótímabær ákvörðun að flytja suður á þessum tímapunkti, en það er auðvitað auðvelt að vera vitur eftir á. Við fluttum til höfuðborgarinnar og þurftum að finna nýjan gítarleikara í stað Stebba, sem tók töluverðan tíma. En við fengum loks til liðs við okkur mjög góðan gítarleikara, hann Valla (Val Einarsson).

Ekki löngu eftir borgarlendinguna hætti Jón Geir hins vegar og það er mikil kúnst að finna nýjan trommuleikara. Við reyndum það um tíma án þess að það gengi neitt. Biggi Jóns, núverandi trommari í Dimmu, spilaði með

Þegar þú ert kominn á þennan aldur er gott að eiga væn lífeyrisréttindi hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga, ásamt séreignarsparnaði.
Kannaðu reglulega hvort iðgjöldin þín hafa ekki skilað sér á réttan stað á réttum tíma.
Það skoðar þú með lykilorðinu þínu á heimasíðu sjóðsins www.lvest.is/sjodfelagavefur eða með því að hringja á skrifstofu sjóðsins.
Lífeyrissjóður Vestfirðinga óskar Vestfirðingum og öðrum landsmönnum árs og friðar með þökk fyrir samstarfið síðastliðin 40 ár.
LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA
Hafnarstræti 9-13, 400 Ísafirði • Sími: 456 4233 • Fax: 456 4710 • Netfang: afgr@lvest.is • Heimasíða: www.lvest.is

okkur í Himnalaginu, en þar sem hann var önnum kafinn við aðra hluti gat hann ekki verið með okkur. Þar sem við vorum búnir að missa þessa tvo, Stebba og Jón Geir, sem voru ansi stór hluti af bandinu, var því nokkuð sjálfhætt.

Stuttu seinna fluttist ég svo sjálfur til Danmerkur en þá var ég einmitt að elta þennan sama vin minn og ég fylgdi til Ísafjarðar, svo það má segja að hann sé nokkurs konar örlagavaldur í lífi mínu," segir Hjalti glottandi.

Hljómsveitarmeðlimirnir hafa nánast allir gert garðinn frægan með öðrum hljómsveitum eftir að Urmull hætti. Bassaleikarinn og Hnífsdælingurinn Símon Jakobsson með hljómsveitinni Buttercup. Trommarinn Jón Geir Jóhannsson barði húðir með Ampop og Hrauni auk fjölda annarra banda og nú Skálmöld. Gítarleikarinn Guðmundur Birgir Halldórsson (Kusi) er nú í hljómsveitinni Reykjavík! og Stefán Freyr Baldursson gítarleikari hefur komið víða við í tónlistarlífinu eftir Urmul.

„Þetta eru alveg fantagóðir tónlistarmenn og því ekki skrítið að þeir hafi haldið áfram í tónlistinni eftir Urmulsævintýrið. Ég get eiginlega ekki lýst því hvað mér finnst þeir góðir tónlistarmenn, hver á sinn hátt, enda allir mjög ólíkir. Enda var alveg ótrúlega gaman þegar við vorum að spila saman."

Gestasöngur leiddi til stofnunar Dimmu

Hjalti bjó á Vestur-Jótlandi til aldamóta og þegar hann sneri aftur til Íslands tók hann aftur upp þráðinn við tónlistina, einna helst með rokkjötnunum í Dimmu, sem í dag er ein stærsta þungarokksveit Íslendinga.

„Ég bjó í Reykjavík og var að vinna við hitt og þetta og spila aðeins með nokkrum hljómsveitum eins og t.d. Brain Police um tíma. Svo endaði ég í Dimmu en það kom nú svolítið til í gegnum Urmul.

Þegar Urmull kom saman árið 2002 komum við vestur með hljómsveitinni Buttercup. Þá var Ingo Geirdal, gítarleikari Dimmu, að spila með þeim, og bróðir hans, Silli Geirdal bassaleikari Dimmu, var hljóðmaður sveitarinnar.

Þegar þeir bræður ætluðu að gera fyrstu Dimmuplötuna ætluðu þeir að sjá alfarið um hana sjálfir og fá einhverja gesti til að syngja og tromma inn á lögin í hljóðveri. Þetta var algjörlega þeirra verkefni. Þeir fengu mig til að syngja með þeim fyrsta lagið, sem var einmitt Dimma. Það gekk svo ljómandi vel að ég var fenginn að vera áfram og sömuleiðis Bjarki trommuleikari, sem hafði verið með þeim bræðrum í Stripshow. Úr þessu verkefni varð því til hljómsveit að nafni Dimma, sem var ekki markmiðið í upphafi.

Það var frábært að vera með Dimmu, þetta eru hreinlega stórkostlegir tónlistarmenn. En eftir smátíma var þetta orðið að nokkurs konar hobbý-bandi. Kominn var tími hjá mér til að mennta mig eitthvað meira svo ég fluttist norður til Akureyrar til að sækja lögfræði í háskólanum. Á svipuðum tíma flutti Ingo til Svíþjóðar en kom til Íslands af og til og þá komum við saman, æfðum smá og spiluðum nokkur gigg á ári."

Útilokar ekki að koma aftur að rokkinu

„Fyrir nokkrum árum fluttist Ingo aftur heim og vildi að hljómsveitin færi að taka þetta af meiri alvöru en áður og verða starfandi hljómsveit. Var þá eiginlega sjálfhætt fyrir mig þar sem ég var kominn með tvö lítil börn og í fullu námi á Akureyri. Allir skildu það vel og engin leiðindi urðu yfir því að ég þurfti að hætta. Stebbi Jakobs og Biggi Jóns komu inn í hljómsveitina á sama tíma og nú gengur líka svona ljómandi vel hjá þeim. Það er búið að vera frábært að fylgjast með þeim, en þeir eiga velgengnina verulega skilið enda búnir að vinna hörðum höndum fyrir henni. Þrjú stærstu böndin í dag eru Dimma, Skálmöld og Sólstafir."

– Hefurðu aldrei séð eftir því að hafa ekki tekið stóra stökkið með þeim?

„Nei, í raun og veru ekki. Þegar ég hætti þurfti ekki einu sinni að ræða það, það var svo sjálfgefið að ég gæti ekki fylgt þeim á þeim tímapunkti og stað sem ég var á í lífinu á þeim tíma.

Auk þess er ég dálítið búinn að missa gredduna sem þarf í þetta. Stór partur af því af hverju það er svo spennandi að koma fram er fiðringurinn og stressið rétt áður en maður stígur á svið. Þegar þetta er horfið og meðan maður vill miklu frekar vera heima hjá börnunum er nú eiginlega gamanið búið og kominn tími til að hætta þessu.

Ég útiloka þó ekki að ég muni einhvern tímann gera eitthvað meira í tónlistinni, enda ef lífið hefur kennt mér eitthvað er það að maður getur ekki sagt til um hvar maður verði eftir tvö eða þrjú ár," segir Hjalti hlæjandi. „En eins og staðan er núna er ég afskaplega sáttur með mitt hlutskipti. Það er ekki ofarlega á listanum hjá mér að fara spila rokktónlist þar sem ég þarf að mæta á æfingar 3-4 sinnum í viku og túra."

Við þetta tilefni spyr blaðamaður hvort vonin sé úti um að Urmull komi með enn eitt „kombakkið" segir Hjalti:

„Ég get nú aldrei útilokað það, það er allt öðruvísi þegar við komum saman vinirnir og tökum saman nokkur lög af og til. Það er bara gaman og krefst lítillar skuldbindingar. Við höfum komið saman nokkrum sinnum og í hvert sinn er eins og við höfum verið að spila saman í gær. Og hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér, ég neita því ekki að mér finnst mjög gaman að rokka."

Úr rokkinu í lögfræðina

„Eins og ég sagði áðan kom að þeim tímapunkti að kominn væri tími á að mennta sig. Ég sá fram á að ómenntaður kæmist maður bara ákveðið langt í starfi, alveg óháð því hversu hæfur maður væri, maður þarf bara ákveðnar kríteríur til þess að komast ofar. Ég náði að því eiginlega að svindla mér í gegnum krókaleiðir í lögfræðina í Háskólanum á Akureyri. Ég var búinn að taka hátt í 40 einingar í fjarnámi, sem bættust við rykfallnar einingar sem ég nældi mér í þegar ég var í Menntaskólanum á Akureyri í gamla daga, en til að ná inn í lögfræðina án stúdentsprófs á undanþágu sökum aldurs þurfti ég að vera með 90 einingar. Ég var hins vegar með um 70 einingar, sem gaf mér kost á því að fara í nútímafræði.

Nútímafræðin er innan hug- og félagsvísindadeildar, eins og lögfræðin, og ég leit á árið sem ég var í því námi sem nokkurs konar frumgreinadeild til að sjá hvort ég hefði eitthvað erindi í háskólanám. Eftir fyrsta árið sótti ég um að flytja mig úr nútímafræðinni yfir í lögfræðina og það var bara gert með einu pennastriki. Mér gekk nú reyndar mjög vel í nútímafræðinni enda mjög skemmtilegt nám sem hefur nýst mér gríðarlega vel, ekki síst í lögfræðinni.

Að BA-prófi í lögfræðinni loknu kláraði ég meistaragráðu í lögfræði auk þess sem ég fór í meistaranám í heimskautarétti. Ég er nú búinn með meistaranámið að undanskilinni meistararitgerð í heimskautaréttinum og ætla mér að klára hana í vetur í Grímsey. Það verður vel við hæfi að geta klárað hana fyrir norðan heimskautsbaug."

Skemmtilegt en krefjandi að vera leikskólaleiðbeinandi

Hjalti fluttist í sumar til Grímseyjar ásamt konu sinni Sigrúnu og börnum þeirra, Ágústu Sóleyju fimm ára og Skarphéðni Ás sem er þriggja ára. Að auki á Hjalti 24 ára dóttur og tvö barnabörn sem búa í Noregi.

Á milli 90 og 100 manns búa í Grímsey og segist Hjalti kunna afar vel við sig þar.

„Þegar maður spáir í lífsgæði verð ég fyrir mitt leyti að segja að ég vil margt til þess vinna að þurfa ekki að búa í Reykjavík. Mér finnst það svo mikil sóun á lífi að þurfa að sóa um tveimur tímum á dag sitjandi í bíl á milli staða. Ég þoli það að minnsta kosti ekki. Í Grímsey fer ég með

börnin mín út í búð, versla það sem þarf að versla og labba aftur með þeim heim og allt ferlið tekur um tíu mínútur. Þar af leiðandi græði ég auka klukkutíma og fimmtíu mínútur til að gera það sem mér finnst skemmtilegt, eins og til dæmis að leika við krakkana.

Það er líka bara ótrúlega gott og gaman að búa í Grímsey. Þar er mikið félagslíf, eiginlega aldrei friður," segir hann og hlær.

– En hvernig kom það til að fjölskyldan fluttist til nyrstu mannabyggðar Íslands?

„Háskólinn á Akureyri er frábær skóli og skólaárin mín þar voru góður tími, enda eignuðumst við Sigrún tvö börn á meðan þeim stóð. En í vor vorum í þeim sporum að ég var nýútskrifaður úr lögfræði og konan nýútskrifaður kennari og við þurftum því að yfirgefa heimili okkar á stúdentagörðunum.

Við vorum því bæði atvinnu- og heimilislaus með tvö börn á leikskólaaldri, og ef það er einhvern tímann tími til þess að prófa eitthvað alveg nýtt, eitthvað sem maður myndi annars ekki íhuga, var þetta tíminn. Svo sáum við að auglýst var eftir bæði kennara og leikskólakennara í Grímsey og ákváðum að sækja um. Fyrir samfélag eins og í Grímsey er ákveðinn fengur í að fá fjögurra manna fjölskyldu í bæinn og við fengum bæði störfin.

Ég er nú að vinna sem leikskólaleiðbeinandi með fimm börn og á tvö þeirra sjálfur, sem er alveg dásamlegt. Það er sannkölluð forréttindi að geta verið börnunum sínum allan daginn. Svo eru þrír aðrir yndislegir krakkar með okkur. Þetta er mjög skemmtilegt og gefandi starf en líka mjög erfitt. Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir því hvað það er krefjandi að vera leikskólakennari. Ég vinn í leikskólanum þrjá daga í viku og kenni fjórða daginn í grunnskólanum en tek einn dag frá fyrir ritgerðarsmíð og annað tilfallandi."

Lifir lífinu eins og korktappi í sjó

– Og hvað tekur svo við í sjáanlegri framtíð Hjalta og fjölskyldu?

„Ég er ekki viss. Eins og stefnan er núna er bara að klára meistararitgerðina en að því loknu er ég að gæla við þá hugmynd að fara út í doktorsnám í heimskautaréttinum. Það er svið sem er mjög áhugavert í dag miðað við hvað er að gerast á norðurslóðunum. Þetta er vettvangur sem gæti verið mjög gott að marka sér sérstöðu á. En svo getur vel verið að ég taki bara hdl-prófið og fari að vinna sem lögfræðingur.

Annars kemur það bara í ljós. Ég hef aldrei almennilega skilið þetta ameríska markmiðatal, að maður verði að setja sér skýr markmið til að ná langt í lífinu. Ég hef alla tíð verið eins og korktappi í sjó, en lífið virðist alltaf hafa skilað mér á réttan stað hverju sinni. Ég verð því að segja að ég er alveg ósammála því að ég þurfi að hafa skýr markmið til að ná árangri og hafa gaman af lífinu. Svo er þetta líka spurning um það hvernig maður skilgreinir velgengni. Er það ekki velgengni að eiga konu og börn sem maður elskar út af lífinu? Er ekki allt annað bara bónus?"

–Thelma Hjaltadóttir.

Sendum okkar bestu óskir
um gleðilegajólahátíð og
þökkum árið sem er að líða

BÍLATANGI HF.
ÍSAFIRÐI

Suðurgötu 9, 400 Ísafirði, sími 456 3800

Sendum okkar bestu óskir
um gleðilegajólahátíð og
þökkum árið sem er að líða

PÓLLINN EHF.

**Pollgötu 2, 400 Ísafirði,
sími 456 3092**

Sendum okkar bestu óskir
um gleðilegajólahátíð og
þökkum árið sem er að líða

ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir
um gleðilegajólahátíð og
þökkum árið sem er að líða

ÍSLANDSSAGA

Fiskvinnslan Íslandssaga hf Freyjugötu 2 430 Suðureyri S. 456 6300 F. 456 6304

Sendum okkar bestu óskir
um gleðilegajólahátíð og
þökkum árið sem er að líða

FRYSTIKERFI ehf

Suðurgötu 9, 400 Ísafirði, sími 456 5711

Sendum okkar bestu óskir
um gleðilegajólahátíð og
þökkum árið sem er að líða

FMS

Sindragötu 11, 400 Ísafirði, sími 422 2430

Sendum okkar bestu óskir
um gleðilegajólahátíð og
þökkum árið sem er að líða

HAMRABORG EHF.
HAFNARSTRÆTI 7 • ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 3166

Sendum okkar bestu óskir
um gleðilegajólahátíð og
þökkum árið sem er að líða

HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.

Hnífsdalsbryggju, 410 Hnífsdal, sími 450 4600

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

BÍLAVERIÐ ehf

Sindragötu 14, 400 Ísafirði, sími 456 3501

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

Hafnarstræti 19, 400 Ísafirði, sími 456 3244

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

FJARÐANET

Grænagarði, 400 Ísafirði, sími 470 0830

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

Suðurgötu 12, 400 Ísafirði, sími 456 5025

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
UMHVERFIÐ ER FRAMTÍÐIN GÆTTU ÞESS VEL

Sundstræti 32, 400 Ísafirði, sími 456 3710

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

HÚSASMIÐJAN

Mjallargötu 1, 400 Ísafirði, sími 456 4550

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Geirnaglinn ehf

Strandgötu 7b, 400 Ísafirði, sími 456 3766

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

ÍS BLIKK BLIKKSMIÐJA ehf

Árnagötu 1, 400 Ísafirði, sími 456 5550

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Ísafjarðarbíó

´Norðurvegi 1, 400 Ísafirði, sími 456 3202

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

KERECIS

Eyrargötu 2, 400 Ísafirði, sími 562 2601

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

KLOFNINGUR KL SUÐUREYRI

Aðalgötu 59, 430 Suðureyri, sími 456 6293

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Kómedíuleikhúsið

Hafnarstræti 8, 400 Ísafirði, sími 891 7025

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Málningarbúðin Ísafirði

Sindragötu 14, 400 Ísafirði, sími 456 4550

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

KONUR MENN

Hafnarstræti 9-13, 400 Ísafirði, sími 456 0201

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Torfnesi, 400 Ísafirði, sími 450 4400

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík, sími 456 7005

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Patreksfirði, sími 450 2100

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Suðurtanga 7, 400 Ísafirði, sími 456 4742

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Sophus Magnússon
bifreiðastjóri
Skipagötu 15, 400 Ísafirði, sími 893 8355

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Sindragata 12b, 400 Ísafirði, sími 456 3321

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Miðtúni 1, 460 Tálknafirði, sími 456 2539

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Inntré ehf.

Sindragötu 11, 400 Ísafirði, sími 456 3622

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Aðalstræti 26, 400 Ísafirði, sími 456 3902

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Suðurgata 12 • 400 Ísafjörður
s. 4560160 • www.teiknistofan.is

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Hafnarstræti 14, 470 Þingeyri, sími 456 8331

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Hafnarstræti 9, 470 Þingeyri, sími 456 8457

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Sindragötu 27, 400 Ísafirði, sími 456 4166

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Verslunin Birkir

Hafnarstræti 6, 400 Ísafirði, sími 456 3991

Smíðar hælkróka
sem henta bæði ungum og öldnum

Það getur verið bras fyrir unga fætur að komast úr skófatnaði. Sérstaklega yfir vetrartíman þegar stígvélin virðast sitja furðulega föst innan í snjógöllunum. Eldra fólk getur líka átt í erfiðleikum með að komast úr skónum, ef þau þurfa til dæmis að bogra niður þar sem engir stólar eru til staðar. Önundur Jónsson, fyrrverandi yfirlögregluþjónn á Ísafirði, hefur fundið lausn á þessu en hann hannaði og smíðaði svokallaðan hælkrók sem auðveldar börnum og fullorðnum að komast úr skónum. Önundur starfaði hjá lögreglunni í 35 ár en er upphaflega lærður prentari. Eftir að hann hætti í lögreglunni ákvað hann að finna sér eitthvað til dundurs eins og hann orðar það, „því það er ekki hægt að vakna á morgnana til ekki neins," eins og hann segir. Hann er alltaf að smíða eitthvað og notar mikið vél sem faðir hans, Jón H. Guðmundsson fyrrum skólastjóri á Ísafirði, keypti frá Ameríku árið 1954.

Ástæðan að baki því að Önundur fór að smíða hælkrókinn er að kunningi hans sendi honum mynd af frumstæðu eintaki sem líktist hælkróknum. Önundur ákvað að teikna það upp og breyta því og smíðaði svo eitt eintak af sinni hönnun. „Ég lánaði hælkrókinn á Eyrarskjól og það vakti svo mikla lukku að kennarnir stoppuðu mig úti á götu til að segja mér frá því. Börnunum fannst þetta mjög spennandi og það myndaðist biðröð við hælkrókinn í hvert skipti sem þau komu inn. Þau sem gleymdu að nota hann fóru einfaldlega aftur í röðina og þau kalla hælkrókinn Önund," segir Önundur ánægður. „Um leið og ég birti þetta á netinu þá fór allt á fullt og ég er búinn að smíða fjöldamörg eintök. Það er til apparat sem heitir skóþræll sem þjónar sama tilgangi en þegar það er notað getur fólk misst jafnvægið. Hælkrókurinn hefur haldfang svo það engin hætta á að fólk detti þegar það er að fara úr skónum. Eintökin sem ég smíða fyrir eldra fólk eru með lengra haldfangi en hælkrókur fyrir börn."

Önundur notar bæði furu og beykikrossvið í tækið. Hann passar upp á að öll horn séu rúnuð svo börnin slasi sig ekki ef þau skyldu detta og bæði hönnun og smíði hælkróksins bera vitni um að fyrir öllu sé hugsað.

Önundur notar mikið fyrrnefnda vél sem faðir hans fékk árið 1954. „Tækið heitir ShopSmith og það er hægt að gera nánast alla hluti varðandi smíðar í því. Sem dæmi má nefna að í því er sög, hefill, rennibekkur, fræsari og nánast allt sem handlagið fólk getur hugsað sér. „Svo er svo sniðugt að það brotnaði stykki í tækinu og þá fór ég bara í bæklinginn sem fylgdi með því og gat út frá því fundið stykkið sem vantaði á netinu og pantað það," segir Önundur. – *sfg@bb.is*

Önundur hannaði og smíðaði þennan sniðuga Hælkrók sem auðveldar fólki að komast úr skónum.

Sælkeri vikunnar er Helga Björk Jóhannsdóttir á Ísafirði

Fiskisúpa og súkkulaði frómans

Þar sem jólin eru á næsta leiti þá ákvað ég að bjóða upp á góða fiskisúpu sem gott er að borða fyrir jólin og á milli hátíðanna og bara allt árið. Hún er góð hversdags og líka spari t.d. með heimabökuðu brauði. Í eftirrétt ætla ég að gefa uppskrift af súkkulaðifrómans sem ég ólst upp við að fá í eftirétt á aðfangadag hjá móður minni en hún fékk hann hjá móður sinni, ömmu í Ásbyrgi. Það koma sko ekki jólin nema þessi eftirréttur sé í boði – algjörlega ómissandi.

Fiskisúpa sem má slumpa í

Ég hef nokkrum sinnum verið beðin um þessa uppskrift en hummað það fram af mér þar sem ég fer aldrei eftir neinni uppskrift, heldur bara styðst við þær og gríp í alls kyns sósur og krydd til að bragðbæta bara eftir því hvað er til hverju sinni. Þannig er súpan ekki alltaf alveg eins en grunnurinn nokkur veginn sá sami. Fiskurinn sem notaður er í súpuna er að sjálfsögðu keyptur í fiskbúð Sjávarfangs. Það má nota hvaða fisktegund sem er enda mikið úrval til hjá honum stóra bróður, Kára. Mér finnst voða gott að skella svona rétt í lokin nokkrum rækjum út í. Þessi uppskrift er fyrir ca 6-8 manns. Hér kemur hún loksins og verði ykkur að góðu.

1.stór laukur
4-5 hvítlauskrif –pressuð
3-5 gulrætur
Smá af brokkolí og blómkáli
Sæt kartafla
3-4 stönglar af sellerí
1 dós af maukuðum tómötum með basilku og garlic (má nota annað)
1 dl af sweet chilli sósu
Smá af hunts chilli sósu (má sleppa)
Hreinn rjómaostur eftir smekk
Hvítlauksrjómaostur eftir smekk
Matreiðslurjómi
Mjólk og vatn
Majoram
Smá hvítlaukssalt og salt
Fiskikrydd,karrý,basilika
Fiskitening og grænmetistening
600 – 800 gr. af hvað fiskitegund sem er og/eða nokkrar saman

Grænmetið skorið í litla bita og steikt í olíu. Vatni helt út í ásamt teningum og öllum sósunum. Rjómaosturinn settur út í og að lokum rjóminn,meiri mjólk og/eða vatn. Smakkað til og bragðbætt að smekk hvers og eins. Sundum læt ég ögn af reyktu paprikukryddi (gefur öðruvís bragð). Að lokum er fiskurinn skorinn í litla bita settur út í og að síðustu rækjurnar.

Súkkulaðifrómans

Þessi eftirréttur er alveg feiki vinsæll og í hann sting ég líka möndlunni í möndluleiknum okkar. Ég þrefalda oftast uppskriftina og nota oft meira af rjóma og suðusúkkulaði og after eight piparmyntusúkkulaðinu þar sem á svo erfitt með að fara eftir uppskrift. Það er mjög mikilvægt að nota after eight en ekki eitthvað annað piparmyntusúkkulaði. Ég gerði það einu sinni og það var sko ekki sama bragðið – ekki sami frómansinn.

3 egg
3 dl.rjómi
150 gr suðusúkkulaði
After eight piparmyntusúkkulaði.
2 eggjarauður og eitt egg stíf þeytt.

Bræddu súkkulaði hrært saman við. 2 eggjahvítur stífþeyttar og blandað saman við þeyttan rjómann. After eight skorið í bita og bætt út í. Skreytt með þeyttum rjóma og After Eight.

Ég ætla að skora á vini mína Evu Friðþjófsdóttur og Þorstein Þráinsson að koma með einhverja töfrandi uppskrift. Það hefur ekki hingað til klikkað neitt hjá þessum eðal hjónum og matarsnillingum með meiru. Með bestu kveðju og gleðileg jól til vina og vandamanna nær og fjær.

Jólin koma með Kjörís

Brandenburg

Kjörís

Togstreita kreppunnar og fiskleysi sjötta áratugarins

Út er komið annað bindi af sögu verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum. Bókin heitir Vindur í seglum II - Strandir og firðir 1931-1970 og í því rekur Sigurður Pétursson sagnfræðingur sögu tólf verkalýðsfélaga í tólf byggðarlögum í Strandasýslu, Barðastrandasýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu á árunum 1931-70. Næsta bindi fjallar svo um sama tímabil í byggðarlögunum við Ísafjarðardjúp. Sigurður segir að vegna samgangna á þessum tíma hafi hvert samfélag verið eins og heimur út af fyrir sig.

„Samgöngur voru helst á sjó á þessum árum og þó að vegagerð hafi fleygt fram eftir 1940 voru vegir lokaðir um veturinn þannig að Þingeyri, Patreksfjörður og Hólmavík, svo dæmi séu tekin, voru sjálfum sér nóg og því fylgdi að sjálfsögðu sjálfstætt verkalýðsfélag," segir Sigurður.

Í bókinni lýsir Sigurður samfélaginu á hverjum stað og hvernig verkalýðsfélögin hasla sér völl í samfélaginu og þá er sjónum ekki bara beint að atvinnumálum. „Verkalýðsfélögin voru mjög áberandi í því sem kalla má samfélagsleg mál, komu víða að stofnun bókasafna, byggingu félagsheimila og fleiri samfélagslegum verkefnum og má þar minnast á sjómannadaginn, sem var helsti hátíðisdagur ársins á þessum stöðum að frátöldum jólum."

En hvað skyldi hafa komið Sigurði á óvart þegar hann er búinn að rýna í þetta efni svo gaumgæfilega? „Mörg verkalýðsfélög eru stofnuð í kreppunni miklu og baráttan um vinnuna kemur á óvart, það var mikil togstreita við atvinnurekendur á þessum tíma og líka togstreita innan verkalýðshreyfingarinnar um vinnuna. Annað sem ekki hefur verið fjallað mikið um, er fiskleysi og kreppa í sjávarútvegi á Vestfjörðum á árunum upp úr 1950. Það var almennt fiskleysi á Vestfjarðamiðum á þeim árum, allt frá Húnaflóa og vestur úr," segir Sigurður. Á þessum tíma var gríðarleg uppbygging hjá bandaríska hernum á Keflavíkurflugvelli og segir Sigurður að fiskleysinu hafi fylgt miklir fólksflutningar frá Vestfjörðum til suðvesturhornsins. „Þegar kemur fram á sjöunda áratuginn birtir aftur til í sjávarútveginum og ný uppbygging hefst með auknum línuveiðum."

Hann segir að á tímabilinu sem bókin fjallar um, sé áberandi hvernig samfélög gátu brugðist við áföllum í atvinnulífi. „Það riðu oft yfir áföll, en menn gátu tekið höndum saman – verkalýðsfélög, sveitarstjórnir, kaupfélög – og keypt skip og farið af stað aftur. Það er búið að taka þennan rétt af byggðalögum í dag, kvótakerfið breytti þessu," segir Sigurður. Alþýðusamband Vestfjarða gefur bókina út. Hún er 540 bls., prýdd ríflega 200 ljósmyndum.

– smari@bb.is

Hátíð rísandi sólar

Hvað kemur nútímafólki til þess að halda jól þegar ráðist er að grunni kristinnar trúar á Íslandi? Að vísu eru það minnihlutahópar sem það gera og þeim er frjálst að tjá sig og hafa skoðanir. En að gera það undir þeim merkjum að um siðmennt sé að ræða, að hefja sig hærra yfir trúarbrögð annarra en sín eigin, er skrýtið, einkum þar sem ekki verður betur séð en að um eins konar trúarbrögð sé að ræða sem hafa þann tilgang einan að gera lítið úr trúarbrögðum mikils meiri hluta þeirra sem byggja Ísland. Að vísu hefur því miður oft farið svo að illvirki hafi verið unnin undir merkjum trúarbragða og er þá kristindómur ekki undan skilinn fremur en ýmis önnur trúarbrögð sem láta á sér bera og telja fólk réttdræpt undir merkjum sínum. Vilji menn festast í þessum viðjum er þeim vorkunn. Fyrst og fremst ber siðuðu fólki, hverrar trúar sem það telur sig, að vera umburðarlynt í trúmálum, sínum eigin jafnt og annarra. Á því hefur oft orðið misbrestur og á tímum upplýsingar þarf engan að undra að skortur á umburðarlyndi í annarra garð laski ímyndina sem margir gera sér af trúarbrögðum.

Frekari athygli vekur því að þeir sem telja sig þurfa að auglýsa trúleysi sitt með því að stofna um það samtök skuli einnig halda jól. Jólahald hefur lengi verið tengt kristinni trú á Íslandi og er það enn. Því verður þó ekki neitað að ýmis konar hátíðir hafa verið haldnar til þess að fagna rísandi sól í sögu mannkyns. Það er vel að svo sé. Búandi norður undir heimskautsbaug við myrka vetrarmánuði er fólki nauðsyn að lýsa upp skammdegið og gera sér lífið bjartara. Boðskapur Jesú Krists er fagnaðar og gleði og elskusemi manna í garð náunga síns. Þetta tvennt fer vel saman, að fagna aukinni birtu jarðar og rifja upp boðskap kristinnar trúar. Kjarni þeirrar trúar er fyrirgefningin, að geta fyrirgefið þeim sem gerir á hlut manns. Þar með er ekki sagt að fyrirgefning og afsökun fari saman. Það er ekki verið að taka sök af manni. Unnin verk verða trauðla tekin aftur, en við eigum að geta lifað lífinu áfram þótt á ýmsu gangi.

Að þessu sögðu skal vikið að jólaboðskapnum, fæðingu lítils drengs í fjárhúsi fyrir rúmum tuttugu öldum og það þó einhverju kunni að skeika um nákvæma dagsetningu, sem er svo agnarsmátt brot af eilífðinni að það telur tæpast. Með Jesú fæddist von um elskuríkara mannlíf, sem við höfum öll gott af að tileinka okkur. Með íbúum Íslands er vonandi meira sameiginlegt en það sem skilur að. Samstaða er okkur nauðsyn til að komast hér af. Kærleikur í garð annarra manna skilar öllum ríkari hamingju en að hatast við eða gera lítið úr samborgurum okkar. Megi kærleiksboðskapur jólanna ná til okkar allra og við öll eiga góðar stundir um hátíðarnar jól og áramót. Lesendum Bæjarins besta og landsmönnum öllum er óskað gleðilegra jóla og farsældar á árinu 2015 og þökkuð samfylgdin á því sem senn er liðið. Njótum gleði og birtu, kærleika og elsku og virðum hvert annað.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Íslenska kalkþörungafélagið á Bíldudal óskar Vestfirðingum gleðilegra jóla með þökk fyrir samstarfið á árinu. Horfum björtum augum til framtíðarinnar og þeirra tækifæra sem framundan eru, Vestfirðingum öllum til heilla.

Íslenska
KALKÞÖRUNGAFÉLAGIÐ

Hafnarteigi 4, 465 Bíldudal, sími 456 2730

Sendum okkar bestu óskir um gleðilegajólahátíð og þökkum árið sem er að líða

JÓN OG GUNNA VERSLUN
AUSTURVEGI 2 · SÍMI: 456 3464

Sendum okkar bestu óskir um gleðilegajólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Landsbankinn

Pólgötu 1, 400 Ísafirði, sími 410 4000

Sendum okkar bestu óskir um gleðilegajólahátíð og þökkum árið sem er að líða

matís

Vínlandsleið 12, 113 Reykjavík, sími 422 5000

Sendum okkar bestu óskir um gleðilegajólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Orkubú Vestfjarða

Stakkanesi 1, 400 Ísafirði, sími 450 3211

Sendum okkar bestu óskir um gleðilegajólahátíð og þökkum árið sem er að líða

VESTRI EHF

Suðurgötu 12, 400 Ísafirði, sími 456 3366

Sendum okkar bestu óskir um gleðilegajólahátíð og þökkum árið sem er að líða

ÞRYMUR HF. – Vélsmiðja

Suðurgötu 9, 400 Ísafirði, sími 456 3711

Sendum okkar bestu óskir um gleðilegajólahátíð og þökkum árið sem er að líða

VESTURBYGGÐ

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, sími 450 2300

Sportið í beinni...

Laugardagur 20. desember
kl. 12:45 Man. City - Crstal P.
kl. 15:00 QPR - WBA
kl. 15:00 South.pton - Everton
kl. 15:00 Barcelona - Cordoba
kl. 15:00 Tottenham - Burnley
kl. 15:00 Hull - Swansea
kl. 15:00 Aston V. - Man. Utd.
kl. 15:00 West Ham - Leicester
kl. 17:00 Levante - Real M.
kl. 17:15 Nott. Forest - Leeds
Sunnudagur 21. desember
kl. 13:30 Newcastle - Sunderl.
kl. 16:00 Liverpool - Arsenal
Mánudagur 22. desember
kl. 20:00 Stoke - Chelsea
Föstudagur 26. desember
kl. 12:45 Chelsea - West Ham
kl. 15:00 Sunderland - Hull
kl. 15:00 Man. Utd. - Newcastle
kl. 15:00. Leicester - Tottenham
kl. 15:00 Crystal P - South.pton
kl. 15:00 Swansea - Aston V.
kl. 15:00 Everton - Stoke
kl. 15:00 Burnley - Liverpool
kl. 17:30 Arsenal - QPR
Sunnudagur 28. desember
kl. 12:00 Tottenham - Man. Utd
kl. 14:00 Soyth.pton - Chelsea
kl. 15:00 Hull - Leicester City
kl. 15:00 Stoke - WBA
kl. 15:00 Man. City - Burnley
kl. 15:00 QPR - Crystal Palace
kl. 15:00 Aston V - Sunderland
kl. 15:00 West Ham - Arsenal
kl. 16:15 Newcastle - Everton
Mánudagur 29. desember
kl. 20:00 Liverpool - Swansea
Þriðjudagur 30. desember
kl. 19:45 Derby - Leeds
Föstudagur 1. janúar
kl. 12:45 Stoke - Man. Utd
kl. 15:00 South.pton - Arsenal
kl. 15:00 Hull - Everton
kl. 15:00 Man. City - Sunderl.
kl. 15:00 Aston V. ö Crystal P
kl. 15:00 Newcastle - Burnley
kl. 15:00 Liverpool - Leicester
kl. 15:00 West Ham - WBA
kl. QPR - Swansea
kl. 17:30 Tottenham - Chelsea

Dagar Íslands

eftir Jón Ragnarsson

18. desember 1982: Kvikmyndin Með allt á hreinu var frumsýnd. Ágúst Guðmundsson og Stuðmenn stóðu að myndinni sem sló öll aðsóknarmet, um 115 þús. manns.
19. desember 1983: Hjónin Ingibjörg Daðadóttir, 99 ára, og Sigurður Magnússon, 103 ára, áttu 75 ára hjúskaparafmæli. Sigurður lifði tæpa fimm mánuði fram yfir þetta einstæða afmæli en Ingibjörg í rúm fjögur ár. Ingibjörg og Sigurður bjuggu í Stykkishólmi.
20. desember 1974: Snjóflóð féllu á Neskaupstað og ollu stórtjóni á húsum og öðrum mannvirkjum. Tólf manns fórust. Margir voru grafnir upp úr snjónum og 19 ára piltur bjargaðist eftir 20 tíma.
21. desember 1952: Kveikt var á stóru jólatré á Austurvelli. Þetta var fyrsta jólatréð sem Oslóarbúar gáfu Reykvíkingum.

Krossgátan



BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

Óska viðskiptavinum mínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Kærar þakkir fyrir viðskiptin á árinu.
Dekurhúsið Hárstofa
Tímapantanir í síma: 456 5070
Jólakveðja, Laufey

Lausn á síðustu krossgátu

Jón Steingr.			Á			É		Æ		B	
	H	Ó	L	⇨	G	L	E	Đ	U	R	⇩
	Ó	D	E	I	L	I		U	M	A	H
Ó	F	A	G	N	A	Đ	U	R		T	E
	⇩	U	G	G	P		N		Æ	T	I
M	E	N		A	S	P	A	S	R	I	M
E	R	N	A		T	Ú	Đ	A		S	S
	⇩		L	E	I	Đ		M	E	I	K
Á	B	Ó	T		G	A	L	E	I	Đ	A
	E	L		B	U	R		I	Đ	I	N
	S	A	L	U	R	M	I	N	K		
S	T	R	A	X		A	L	D	I	N	N
	⇩		K	U	L	N	A		E		Á
R	Í	Ó		R	Æ	L	L	S	L	Ö	K
	⇩	H	V	E	R	J	U	M	⇩		O
	O	Ó	O		I	Ó	R	Á	Đ	I	N
L	O	F	G	E	R	Đ		A	Đ	L	A

Sudoku þrautir

	3		7		1	2	5	6
		6			5			8
		1		3	6	7		4
	7	5	4				3	
				1		6		
			2	7	9	1		
9	2			5			7	
		7			2		6	
	8	4						

8	2	5						6
			9		3	2	7	8
			8	2	6	1	5	
			2	6				
	8	9	5	1		4	2	
7		2			4		6	5
	5		4			6		
2		6			8	5	3	7
				3	5		4	2

Ók niður mann fullur og dópaður

Héraðsdómur Vestfjarða dæmdi í síðustu viku 21 árs gamlan mann í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa í janúar ekið bíl undir áhrifum áfengis og amfetamíns með þeim afleiðingum að hann missti stjórn á bílnum og slasaði gangandi vegfaranda.

Áfengismagn í blóði mældist þrjú prómill og einnig fannst amfetamín í blóði hans. Hinn slasaði tvíbrotnaði á vinstri fótlegg, togn-aði í baki og hlaut dreifða ytri áverka um allan líkamann. Bílstjórinn var sviptur ökuréttindum í fjögur ár og gert að greiða 400.000 krónur í skaðabætur.

Óska eftir dansglöðu fólki

Á þrettándanum gerast margir spennandi hlutir. Dýr tala mannamál og varað er við því að standa á krossgötum því huldufólk á það til að rugla í fólki á þeim stöðum. Á Ísafirði og Bolungarvík gerast líka dularfullir og spennandi hlutir á þessari hátíð en þar er haldin árleg þrettándagleði, til skiptis á Ísafirði og í Bolungarvík. Gleðin byrjar á skrúðgöngu með hestum, hulduverum, jólasveinum og foreldrum þeirra ásamt ýmsum öðrum kvikindum.

Að sjálfsögðu er svo brenna sem huldufólkið dansar í kringum og herlegheitin enda með flugeldasýningu. Menningar- og ferðamálaráð Bolungarvíkur óskar eftir þátttakendum í þrettándagleðina og sérstaklega eftir fólki sem er tilbúið að stíga nokkur dansspor í hlutverki bænda og huldufólks.

Umdæmi VÍS sameinuð

Um áramótin verða Vestfjarða- og Vesturlandsumdæmi VÍS sameinuð. Aðalskrifstofa umdæmisins verður á Ísafirði. Guðni Ó. Guðnason, umdæmisstjóri VÍS á Vestfjörðum, segir að sameining umdæmanna sé liður í skipulagsbreytingum víða um land, en hann verður umdæmisstjóri í sameinuðu umdæmi.

Hann segir að viðskiptavinir verði ekki varir við neinar breytingar og hann gerir ekki ráð fyrir breytingum á mannahaldi á skrifstofunni á Ísafirði.

smáar

Óska eftir 3-4ra herb. íbúð til leigu á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 897 4283, Smári Garðars.

Þjónustuauglýsingar





HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT UM JÓLIN

Jól 2014

Tvennutilboð

Jólatilboð
kr. 18.900
Fullt verð
kr. 23.800

Þykk og hlý dúnsæng.
Stærð: 140x200 cm.
Fylling: 50% hvítur gæsadúnn 50% smáfiður.
Áklæði: 100% bómull. Og vandaður dúnkoddi.

TempraKON dúnsokkar

Fyrir kaldar tær!
Ótrúlega vinsæl jólagjöf!

TEMPRAKON®

Outlast® ADAPT-IVE COMFORT®

Svartir dúnsokkar
Kr. 6.990,-

Hvítir dúnsokkar
Kr. 5.990,-

Tempur koddar

Hentar nær öllum svefnstellingum

Jólatilboð kr. 15.920
Fullt verð kr. 19.900

FÁANLEGUR MJÚKUR, MEDIUM OG STÍFUR

TEMPUR® TRADITIONAL HEILSUKODDINN

Sígild lögun þessa kodda veitir unaðslega tilfinningu og þægilegan stuðning í öllum svefnstellingum. Fáanlegur mjúkur, milli stífur og stífur – sígild þægindi fyrir alla.

TEMPUR® DÝNUR OG KODDAR

Hentar nær öllum svefnstellingum

Jólatilboð kr. 19.900
Fullt verð kr. 24.875

TEMPUR® CLOUD COMFORT HEILSUKODDINN

Comfort koddinn er gerður sérstaklega úr TEMPUR® ES (Extra Soft) efninu og veitir einstakt jafnvægi í mýkt og stuðningi. Tilvalinn fyrir þá sem vilja stuðninginn sem TEMPUR® er þekkt fyrir, en mýktina líka.

ÞEGAR MJÚKT Á AÐ VERA MJÚKT!

Jól 2014
JÓLATILBOÐ
15%
Á SÆNGUR-FÖTUM

Mikið úrval af glæsilegum rúmfötum á jólatilboði frá

elegante bed-linen fashion

JOOP!

Allir eiga skilið smá lúxus á hverjum degi!

Bella Donna - Aloe Vera lök

Þegar mjúkt á að vera mjúkt. Bella Donna bómullarteygjulökin faðma dýnuna þína. Bómullin fær dekurmeðferð og er blönduð með Aloa Vera geli. Lökin endast ár eftir ár og fara sérlega vel á þykkar dýnur.



Betra BAK
LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

betrabak@betrabak.is
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opnunartími til jóla: Virka daga 12-18,
lau. 20. des. 12–16, sun. 21. des. 12–18,
mán. 22. des. 12–20 og þri. 23. des. 10–22.